


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fartölvur










# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
11. ágúst 2011
185. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Kennedy fyrirmyndin
*Framboðsmynd Björns Jóns Bragasonar í formannskjöri SUS á allra vörum.*
**fólk** 46

## Minnast Sigursveins
*Sigursveinn D. Kristinsson tónlistarmaður hefði orðið 100 ára í ár.*
**tímamót** 24



## Sekkur neðar og neðar
*Íslenska karlalandsliðið fékk rassskell á móti Ungverjum í Búdapest.*
**sport** 38

## veðrið í dag




**HÆGVIÐRI** Í dag verður víðast hæg breytileg átt eða hafgola. Bjartviðri en skýjað með köflum V- og A-til. Hiti 10-18 stig.
VEÐUR 4

# Stór hluti Landsbanka seldur

**Fjármálaráðherra skoðar hvort skuldlaus fimmtungshlutur í Landsbanka verði seldur. Honum hugnast vel dreift eignarhald og að hluturinn verði seldur á markaðsverði. Sparisjóðirnir eru ekki til sölu sem stendur.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin íhugar að selja um 18,7% hlut í Landsbanka Íslands. Hlutur þessi er sem stendur í vörslu skilanefndar gamla bankans og ætti að mestu leyti að renna til ríkisins, þegar væntanlegt uppgjör verður milli gömlu og nýju bankanna, segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Með þeirri eignaraukningu yrði Landsbankinn nær eingöngu í ríkiseigu.

„En þarna er á ferðinni umtalsverður eignarhlutur sem engin skuld stendur á móti, þannig að þar yrði um hreinan söluhagnað að ræða ef ríkið kysi að auka ekki hlut sinn í bankanum," segir Steingrímur, sem hefur reifað hugmyndir um að ríkið láti sér nægja 75% hlut í bankanum.

> Menn geta treyst einu: það verða ekki vinnubrögðin frá 2002 sem verða viðhöfð.
>
> **STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Fram hefur komið að hugsanlega verði 13% hlutur ríkisins í Arion banka seldur, sem og 5% hlutur í Íslandsbanka. Þá er horft til þess að endurselja ýmsar fasteignir sem lent hafa í kjöltu ríkisins. Ekki stendur til að selja hluti ríkisins í sparisjóðum að svo stöddu.

Næsta skref, segir Steingrímur, er að móta pólitíska stefnu um þessa hluti „með vönduðum og viðurkenndum hætti" og lítur hann þá sérstaklega til reynslu Norðmanna af ríkisbankarekstri. Hann ítrekar að málið sé á undirbúningsstigi, best sé að anda rólega.

Um hvort tryggja skuli dreifða eignaraðild, segir Steingrímur: „Í tilviki litlu bankanna erum við með svo hverfandi lítinn eignarhluta að það hvernig honum yrði ráðstafað hefur ekki mikið vægi í sambandi við eignarhaldið þar. Ef þeir bankar seldust, sem skilanefndirnar í sjálfu sér stefna að, þá væntanlega myndi hlutur ríkisins vera seldur þar með. Auðvitað er ekki útilokað að hann yrði seldur sjálfstætt, en það yrði alltaf í samráði við meirihlutaeigendur."

Um Landsbankann segir hann hins vegar: „Ég teldi auðvitað mjög gott að þegar að slíku kæmi yrði viðkomandi fyrirtæki skráð og það yrði verðmyndun á markaði og sú eign gæti þá mjög gjarnan orðið að einhverju leyti dreifð, en við erum bara ekki komin á þann stað að útlista nákvæmlega hvernig það yrði hugsað. Menn geta treyst einu: það verða ekki vinnubrögðin frá 2002 sem verða viðhöfð." **- kóþ**




**OFURHUGI Á FLUGI** Skúli Þórarinsson fallhlífarstökkvari hangir hér utan á væng Yak-flugvélar í fjögur þúsund feta hæð. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Skúli og Snorri Bjarnvin flugmaður leika þennan leik.
**Sjá síðu 10**
MYND/BALDUR SVEINSSON

Upplausn í Bretlandi:

## Allt gert til að stilla til friðar

**BRETLAND** Yfirvöld í Bretlandi segjast munu taka af fullum krafti á óeirðarseggjum sem hafa valdið miklum skemmdum í borgum víða um landið.

Þrír ungir menn létust þegar ekið var inn í hóp fólks á götu í Birmingham aðfaranótt miðvikudags. Málið er rannsakað sem morð og er einn í haldi.

Alls hafa um 1.200 manns verið handteknir í óeirðunum sem geisað hafa síðan um helgina.

David Cameron sagði að einskis yrði látið ófreistað til að stöðva ólætin og hafa hendur í hári glæpamanna.

„Ekkert er út af borðinu," sagði hann. Meðal annars hefur verið rætt um að nota háþrýstivatnsbyssur til að dreifa fjöldanum, en slíkt hefur aldrei verið notað á meginlandi Bretlands.

Hann sagði einnig að Bretar myndu ekki láta „hræðslumenningu" stjórna götum landsins.

Boris Johnson, borgarstjóri í London, hefur kallað eftir því að stjórnin endurskoði áætlanir sínar um niðurskurði í löggæslu.

**- þj** **sjá síðu 4**

Útgerðarmenn óánægðir með áform um hækkun veiðileyfagjalds:

## Segja ríkisstjórn á atkvæðaveiðum

**EFNAHAGSMÁL** Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útgerðarmanna (LÍÚ) segir hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að sækja meira fé í hendur sjávarútvegsfyrirtækja vera atkvæðaveiðar. Tekjur greinarinnar skili sér í ríkissjóð.

„Það er verið að hækka veiðileyfagjaldið um 40 prósent og það er komið í 13,3 prósent af reiknaðri framlegð útgerðarinnar. Það þýðir miklu hærri tölu af hagnaðinum. Mér sýnist menn vera að gera sig góða í einhverjum atkvæðaveiðum með því að skattleggja sjávarútveginn sérstaklega. Að halda því fram að með því verði heimilin ekki skattlögð er auðvitað bara firra. Sjávarútvegurinn er undirstaðan og allar tekjur sem við fáum renna meira eða minna til ríkisins."

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að sækja ætti meira fé til stóriðju, banka og sjávarútvegs.

Friðrik minnir á að nýverið hafi verið settur á olíuskattur, sem hjálpi sjávarútvegsfyrirtækjum lítt í háu olíuverði. „Við leggjum áherslu á það að ef sjávarútvegurinn gengur vel þá skilar það sér til þjóðarinnar."

Friðrik gefur lítið fyrir tal stjórnvalda um að hlífa litlum og meðalstórum fyrirtækjum við skattahækkunum. „Við erum með fullt af litlum og meðalstórum fyrirtækjum í sjávarútvegi. Raunar á það við um flest sjávarútvegsfyrirtækin." **- kóp**










## SPURNING DAGSINS



*Sævar Freyr, er ekki mikil samkeppni á þessum námskeiðum?*

„Jú, það er mikil samkeppni og það er eins gott að enginn falli.“

Starfsmenn Símans eru sendir á sérstök samkeppnisnámskeið eftir að Samkeppniseftirlitið sektaði fyrirtækið fyrir brot á samkeppnislögum. Sævar Freyr Þráinsson er forstjóri Símans.

Deilur í borgarstjórn Reykjavíkur vegna seinkunar á skilum þriggja ára áætlunar:

# Segir upphlaup minnihlutans vandræðalegt

**REYKJAVÍK** Fulltrúar minnihlutans í borgarstjórn deildu hart á meirihlutann þegar þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar var lögð fyrir á aukafundi borgarstjórnar í gær. Meirihlutinn segir að lengi hafi legið fyrir að áætlunin yrði ekki lögð fram fyrr en fjármögnun nýrra málaflokka lægi fyrir.

Sjálfstæðismenn deildu á meirihlutann vegna áminninga og fjársekta sem innanríkisráðuneytið lagði á borgina vegna vanskila á þriggja ára áætluninni.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna sagði í ræðu sinni að seinkunin væri óviðunandi fyrir stærsta sveitarfélag landsins.

„Það virðist einfaldlega sem meirihlutinn ráði ekki við verkefnið, ráði ekki við algjöra grunnþætti í rekstri borgarinnar,“ sagði Hanna Birna.

Hún sagði nóg komið af ráðaleysi borgaryfirvalda „og löngu kominn tími til að forystufólk meirihlutans taki á málum af meiri metnaði, ábyrgð og alvöru“.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir í samtali við Fréttablaðið að honum finnist „upphlaup“ vegna þessa vera hálf vandræðalegt.



DAGUR B. EGGERTSSON

Minnihlutanum hefði átt að vera ljóst frá upphafi árs að áætlunin yrði ekki afgreidd fyrr en kostnaður vegna yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga yrði skýrður. Það hafi verið rætt reglulega í borgarráði.

Dagur segir þriggja ára áætlanir frá hruni hafa verið „í skötulíki“ vegna óvissuþátta. Þær hafi í raun verið framreikningar og ekki mjög upplýsandi um framtíðarhorfur.

„Ef þetta væri svona stórt mál hefðu fulltrúar minnihlutans getað kallað eftir þessari einföldu áætlun löngu fyrr. Að minnsta kosti áður en þeir fóru í sumarfrí.“

Áætlunin verður tekin til síðari umræðu og afgreiðslu í borgarstjórn í næstu viku, en Dagur segir fimm ára áætlun fyrir fjármál borgarinnar vera í burðarliðnum. Þar verði betur tekið á óvissuþáttum og er stefnt að því að hún verði fullbúin í haust. **- þj**

Evrópubúar sammála:

## Vilja aukna samþættingu fjármála

**EVRÓPUMÁL** Nú telja 79% íbúa Evrópusambandsins að aukin samþætting efnahagsstefnu ESB-ríkja yrði árangursrík í glímunni við yfirstandandi fjárhagsvanda, en 13 prósent telja að svo yrði ekki, að því er kemur fram í Eurobarometer-skoðanakönnun, er kynnt var á dögunum.

Þar kemur og fram að um 77% telja það bæri árangur ef ESB fylgdist nánar með framferði stærstu fjármálastofnana og 73% telja árangursríkt að ESB setji fjármálaþjónustu skýrari mörk.

Vilji íbúa til samræmdra aðgerða í efnahagsmálum hefur því aukist milli ára og er hreinn meirihluti í öllum aðildarríkjum fyrir þeim. **- kóþ**

Sýnir fyrstu línu sína:

## Beðin um að sýna í Boston

**TÍSKA** Halldóra Eydís Jónsdóttir, skóhönnuður var beðin um að sýna fyrstu línu sína á tískuvikunni í Boston. Hún var valin úr hópi alþjóðlegra hönnuða til að taka þátt í sýningunni The Emerging Trends þar sem verk fimmtán upprennandi hönnuða um víðan heim eru sýnd.



HALLDÓRA EYDÍS JÓNSDÓTTIR

Sýningin hefur reynst ágætur stökkpallur fyrir þá hönnuði sem fengið hafa að taka þátt í henni. Þátttakendum hefur meðal annars gengið vel í sjónvarpsþættinum Project Runway og fengið hönnun sína birta á síðum lífsstílstímaritsins Glamour. **- mmf / sjá Allt**

# Vilja lægra bjórverð svo gestir komi fyrr

**Félag kráareigenda vill fá yfirvöld í samstarf um að bjóða bjór og léttvín á lægra verði með það fyrir augum að fá gesti til að koma fyrr á öldur- og veitingahús og fara fyrr. Fjármálaráðherra tjáir sig ekki að svo stöddu um það.**

**VEITINGAREKSTUR** Félag kráareigenda leggur til að veitingastaðir fái bjór og léttvín á sérkjörum svo að hægt verði að bjóða upp á slíkar veigar á hagstæðu verði. Arnar Þór Gíslason, sem rekur Enska barinn, Dönsku krána og Oliver, segir að með þessu móti mætti bæta vínmenningu landans og minnka álag hjá lögreglunni.

„Með þessum breytingum myndi kúnninn fara fyrr út og þá fyrr heim líka,“ segir hann. „Þar að auki myndi ungt fólk læra að drekka þessa drykki í stað þess að drekka landa, en neyslan á honum eykst með hækkandi áfengisverði. Þá myndi líka ungt fólk drekka minna af sterku áfengi.“



ARNAR ÞÓR GÍSLASON

Hann segir, líkt og Óli Már Ólason, annar eigenda Vegamóta, að eftir að áfengisverð hækkaði í kjölfar efnahagshrunsins komi fólk síðar á veitingastaðina og krárnar og sé jafnframt ölvaðra þar sem það sitji lengur við drykkju í heimahúsum.

ÁTVR heyrir undir fjármálaráðuneytið og segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra að hann hafi ekki heyrt neinar hugmyndir í þessum toga og myndi vilja fá frekari rökstuðning fyrir þeim áður en hann tjái sig um þær. Ívar J. Arndal, forstjóri ÁTVR, vildi heldur ekki tjá sig um þessar hugmyndir.

Arnar Þór er vongóður um að þessi breyting nái fram að ganga jafnvel þó að hingað til hafi ekki verið tekið mikið tillit til óska veitingamanna.



**GULLIÐ FLÆÐIR Á ENSKA BARNUM** Elva Dröfn Sigurjónsdóttir dælir hér Gulli í hádeginu í gær á Enska barnum. Eigandinn segir að með hækkandi áfengisverði komi gestir seinna og jafnvel ölvaðri en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Engar undanþágur bara lægri gjöld

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, tekur ekki vel í hugmyndir Félags kráareiganda heldur verði að snúa sér að rót vandans. „Þessar glórulausu hækkanir ríkisstjórnarinnar á áfengisskottum skila í raun lægri tekjum í þjóðarbúið en síðan valda þær líka siðrofi þar sem verið er að lokka fólk til lögbrota, þar á ég við brugg og smygl.“ Hann segir arðbærara að skattleggja áfengi, sem og aðrar vörur, hóflega.

Hann segir enn fremur að Reykjavíkurborg mætti hafa meira samráð við kráareigendur áður en ákvarðanir séu teknar, til dæmis hafi Félag kráareiganda verið tilbúið til að stytta afgreiðslutímann um eina klukkustund á föstudags- og laugardagskvöldum gegn því að fá að hafa opið til klukkan tvö á fimmtudögum. „Við vorum ekkert að falast eftir því að fá að selja áfengi eftir klukkan eitt en við töldum það gæfulegra ef gestir gætu fengið að sitja inni hjá okkur til klukkan tvö, þá gæti þeir klárað í rólegheitunum án þess að þurfa að skvetta þessu í sig áður en þeim er gert að yfirgefa staðinn. Þessi breyting hefði líka komið sér vel fyrir lögregluna en vegna vaktaskipulagsins hentar þeim illa að fá holskefluna klukkan eitt.“

jse@frettabladid.is

Frakki féll í hver í Hveragerði:

## Brenndist á fótum og kviði

**SLYS Franskur ferðamaður féll í hver í Reykjadal upp af Hveragerði rétt eftir hádegi í gær. Samkvæmt upplýsingum frá varðstjóra hjá lögreglunni á Selfossi var ferðamaðurinn að taka ljósmyndir og rann til. Hann endaði með báða fætur ofan í hvernum.**

**Hann hlaut fyrsta og annan stigs bruna á báðum fótum og upp á kvið. Hann leitaði sér sjálfur aðstoðar á heilsugæslustöðinni í Hveragerði en var fluttur þaðan með sjúkrabíl á Landspítalann í Fossvogi þar sem hann dvelur nú.**

Skólastarf að hefjast:

## 1.400 börn að byrja í 1. bekk

**REYKJAVÍK** Skólastarf er að hefjast í 37 almennum grunnskólum í Reykjavík, tveimur sérskólum og fimm einkaskólum. Um 14 þúsund nemendur á grunnskólaaldri setjast á skólabekk, þar af eru um 1.400 börn sem hefja nám í 1. bekk.

Undirbúningsstarf fyrir skólabyrjun er nú í fullum gangi og verður skólasetning mánudaginn 22. ágúst í öllum almennum grunnskólum borgarinnar en verður auglýst nánar þegar nær dregur.

Samkvæmt tilkynningu frá Reykjavíkurborg má finna frekari upplýsingar um upphaf skólahalds og innkaupalista á heimasíðum skólanna.

**REYKJANES**

### Dýragarði lokað

Landnámsdýragarðinum á Fitjum í Reykjanesbæ hefur verið lokað, að því er fram kemur á vef Víkurfrétta. Samkvæmt blaðinu var aðsókn í garðinn góð í sumar.




Gríðarleg spenna á hlutabréfamörkuðum beggja vegna Atlantshafs:

# Mikil lækkun á mörkuðum

**VIÐSKIPTI** Hlutabréfamarkaðir í Frakklandi og Þýskalandi féllu um meira en fimm prósentustig í gær eftir að orðrómur um mögulega lækkun á lánshæfismati franska ríkisins komst á kreik. Verulegur ótti er enn á fjármálamörkuðum og lítið þarf til að hræða fjárfesta.

Helstu matsfyrirtækin þrjú, Moody's, Standard & Poor's og Fitch, tilkynntu seinna í gær að engin breyting yrði gerð á lánshæfiseinkunn franska ríkisins, hún væri enn AAA.

Hlutabréf franska bankans Societe Generale lækkuðu um rúm 20 prósent. Við lokun nam lækkunin tæpum 15 prósent.

Bandaríska hlutabréfavísitölur fylgdu þeim evrópsku eftir. Dow Jones-hlutabréfavísitalan lækkaði um 4,63 prósent eða 520 stig, S&P 500 lækkaði um 4,42 prósent og Nasdaq um 4,09 prósent.

Bandaríski seðlabankinn tilkynnti í fyrradag að hann ætlaði að halda stýrivöxtum sínum í núll prósentustigum til ársins 2013 til að styðja við bandarískt efnahagslíf. Vonast var til að yfirlýsingin myndi róa markaðina en það dugði ekki til.



**WALL STREET** Mikil spenna er á hlutabréfamörkuðum þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**Útimálning Húsasmiðjan 10 ltr.**
Góð útimálning á steinsteypta fleti utanhúss.
Gljástig 5.
7207040

**Viðarvörn Gori 44+**
**5 ltr.**
7042527

# LÆGRA VERÐ
## FYRIR HEIMILIÐ




**Þvottavél**
EWF106410W. 1000 snúninga.
Stærð:85x60x60 cm. 6kg.
1805650

Electrolux
5 ára ábyrgð




**Eldavél**
60 cm
m/steyptum hellum
1850505

**RÝMINGARSALA**







**Eik 3ja stafa**
8mm plastparket frá Austurríki.
147049




**Gólfflísar Graniser**
45x45 Saintes Antracite
8600645

**Sturtusett Charisma**
**m/ handsturtu**
8016115




FÁÐU AFSLÁTT AF **40.000** VÖRUM STRAX Í DAG — KJARA KLÚBBUR %

**Skráning á www.husa.is**

Látum verkin tala!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

## GENGIÐ 10.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,15 | 114,69 |
| Sterlingspund | 185,63 | 186,53 |
| Evra | 164,15 | 165,07 |
| Dönsk króna | 22,029 | 22,157 |
| Norsk króna | 21,061 | 21,185 |
| Sænsk króna | 17,808 | 17,912 |
| Japanskt jen | 1,4912 | 1,5000 |
| SDR | 183,35 | 184,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,1187

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglan í Noregi svarar gagnrýni á störf sín í hryðjuverkaárásum Anders Behring Breivik:

# Fór þriggja kílómetra lengri leið til Úteyjar

**NOREGUR** Lögreglan í Noregi hefur vísað á bug fréttum þess efnis að hægt hefði verið að komast frá Ósló í Útey á mun styttri tíma þegar hryðjuverk voru framin á stöðunum tveimur.

Ýmsir miðlar í Noregi hafa birt fréttir um málið undanfarið. Norska ríkisútvarpið sagði á þriðjudag að lögregla hefði farið þriggja kílómetra lengri leið til Úteyjar en hægt hefði verið að fara. Þá greindi TV2 sjónvarpsstöðin frá því að lögreglan hefði ekki vitað að þyrla hafi verið til staðar í Ósló og hefði getað flutt lögreglumenn þangað á nokkrum mínútum.

Á blaðamannafundi í gær sagði lögreglan að þyrlan sem um ræddi hafi verið á forræði spítala, og í viðbragðsstöðu til að flytja sjúklinga á milli spítala vegna sprengjuárásarinnar í Ósló. Lögreglan hafi ekki vitað af henni, og jafnvel þó svo hefði verið hefði tekið tíma að fá leyfi til að nota hana. Jafnvel þó að vitað hefði verið af þyrlunni hefði verið valin sú leið að keyra að eyjunni.

Greint var frá því að hryðjuverkamaðurinn Anders Behring Breivik hafi verið yfirheyrður á ný. Hann hafi verið samvinnuþýður við lögreglu og sagt frá ýmsu. Meðal annars er sagt að hann hafi kviðið fyrir því að framkvæma árásirnar, og að fyrstu morðin sem hann framdi í Útey hafi verið honum erfið. **- þeb**



**Á BLAÐAMANNAFUNDI Í GÆR** Christian Hatlo sat meðal annarra fyrir svörum á blaðamannafundi lögreglunnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvætturinn á Amager:

## Fjölgar í hópi fórnarlamba

**KAUPMANNAHÖFN** Amager-maðurinn svokallaði, sem var handtekinn í fyrra vegna fjölda nauðgana og morða, er einnig grunaður um kynferðisofbeldi gegn konu árið 2007.

Maðurinn var handtekinn eftir að lífsýni tengdu hann við sex nauðganir og tvö morð sem flest áttu sér stað í nágrenni Amager í Kaupmannahöfn.

Nú beinast böndin að honum vegna atviks árið 2007 þar sem kona var neydd til munnmaka. Bæði eru það aðfarir sem konan lýsti og lífsýni sem benda til þess að hann hafi verið þar að verki. Rannsókn málanna er ólokið. **- þj**

Hafnar beiðni frá BNA:

## Framselja ekki drottninguna

**MEXÍKÓ** Dómstóll í Mexíkó hefur hafnað beiðni frá Bandaríkjunum um þess efnis að kona, sem grunuð er um gríðarlegt eiturlyfjasmygl til Bandaríkjanna frá Mexíkó, verði framseld. Konan var enn fremur sýknuð af ákærum um eiturlyfjasmygl og skipulagða glæpastarfsemi, en situr þó enn í fangelsi grunuð um peningaþvætti.



**SANDRA AVILA BELTRAN**

Konan, Sandra Avila Beltran, er kölluð drottning Kyrrahafsins. Hún er frænka eins þekktasta eiturlyfjasmyglara Mexíkó og ástkona eins alræmdasta eiturlyfjabaróns Kólumbíu. Ástarsambandið er sagt hafa komið á góðum tengslum á milli glæpahringjanna sem starfi nú náið saman.



**Í GEGNUM ELDINN** Óeirðaseggur í Liverpool við logandi vegartálma. Talsverðar róstur voru þar í gær þar sem um 200 ungmenni köstuðu grjóti að lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BIÐUR UM FRIÐ** Tariq Jahan heldur uppi mynd af Haroon 21 árs gömlum syni sínum sem lést þegar bíl var ekið inn í hóp fólks í Birmingham. Hann biðlaði til ófriðarseggja að láta af ofbeldinu.

# Óku inn í hóp og drápu þrjá

**Þrír létust í Birmingham í fyrrinótt þegar ekið var inn í hóp fólks sem stóð vörð um verslanir. 1200 hafa verið handteknir vegna óeirða í Bretlandi. David Cameron segir allt koma til greina til að róa ástandið.**

**BRETLAND** Þrír menn létust í óeirðum í Birmingham aðfaranótt miðvikudags. Mennirnir, sem voru á aldrinum 20 til 31 árs, voru í hópi fólks sem reyndi að verja verslanir í hverfi sínu fyrir þjófum þegar bíl var ekið á þá. Ökumaðurinn flúði af vettvangi en maður er nú í haldi lögreglunnar grunaður um að hafa valdið dauða mannanna. Atvikið er rannsakað sem morðmál.

Tariq Jahan, faðir eins hinna látnu, bað um að ekki yrði gripið til hefnda vegna dauða mannanna og hvatti ribbalda á götum Bretlands til þess að hætta ólátum og snúa til síns heima.

Lítil sem engin mótmæli voru í London á þriðjudagskvöld, en sextán þúsund lögreglumenn voru á götum úti í borginni. Það er tæplega þrefalt meira en kvöldin á undan, þegar mikil ólæti voru víðs vegar um borgina. Einnig var tiltölulega rólegt í höfuðborginni í gærdag en nokkur ólga var enn í borgum víða um landið.

Dómstólar í London voru opnir fram eftir kvöldi í gær til þess að hægt væri að leiða alla þá sem hafa verið ákærðir fyrir dómara. Um tólf hundruð manns hafa verið handteknir vegna óeirða í Bretlandi, þar af um 800 í London.

Meðal þeirra sem komu fyrir rétt í London var ellefu ára gamall drengur, sem játaði að hafa stolið úr verslun Debenhams í óeirðunum. Hann eyddi nóttinni á undan í fangaklefa þrátt fyrir ungan aldur, en mun koma fyrir ungmennarétt í lok mánaðarins.

Ólætin voru mest í Birmingham, Manchester og Liverpool á þriðjudagskvöldið auk þess sem lítilsháttar átök urðu í Leicester, Wolverhampton, West Bromwich, Bristol, og Gloucester.

Bretar munu ekki láta „hræðslumenningu“ stjórna götunum, sagði David Cameron forsætisráðherra í gær. Hann sagði að gripið yrði til allra ráða til að koma á lögum og reglu á ný. „Ekkert er út af borðinu,“ sagði hann. Meðal annars hefur verið rætt um að nota háþrýstivatnsbyssur til að dreifa fjöldanum, en slíkt hefur aldrei verið notað í Bretlandi.

Niðurskurður ríkisstjórnarinnar hefur verið gagnrýndur í tengslum við óeirðirnar en lögreglan á að skera mikið niður á næstu árum og fækka lögreglumönnum um sextán þúsund fyrir árið 2015. Boris Johnson borgarstjóri í London skoraði á ríkisstjórnina að endurskoða áætlanir sínar.

thorunn@frettabladid.is, thorgils@frettabladid.is


HÓPKAUP.IS Í DAG

SNORKL (FRÍKÖFUN) Í SILFRU MEÐ ADVENTUREBOX

6.966 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 12.900 kr. | Afsláttur 46% | Afsláttur í kr. 5.934 kr.

30 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



Skelltu þér í „snorkling“-ferð í Silfru á Þingvöllum með AdventureBOX þar sem allur búnaður er innifalinn (Galli, skór, hanskar og gríma).

www.adventurebox.is

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**SÓLRÍKT ÁFRAM**
Veðrið mun áfram leika við landann og lítur út fyrir að veðurblíðan haldist víðast hvar fram á sunnudag en þá er spáð vætu og vaxandi vindi austanlands. Hitinn helst svipaður en fer lækkandi norðan og austan til um helgina.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 21° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 30° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 20° |
| París | 25° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


SKILAÐU
FULLSTIMPLUÐU
VEGABRÉFI!
Nú er Vegabréfaleik sumarsins að ljúka og fer hver að verða síðastur að fylla Vegabréfið sitt af stimplum. Skilaðu fullstimpluðu Vegabréfi á næstu N1 þjónustustöð fyrir 15. ágúst. Þá áttu möguleika á að vinna ferð fyrir fjölskylduna til Tenerife eða fjölda annarra glæsilegra og skemmtilegra vinninga.
SKILAÐU FULLSTIMPLUÐU VEGABRÉFI Á NÆSTU N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐ FYRIR 15. ÁGÚST
VEGABRÉF
SUMAR 2011
FJÖLSKYLDUFERÐ TIL TENERIFE MEÐ VITA OG FLEIRI GLÆSILEGIR VINNINGAR
Canon
SONY
Innkort
10.000 kr.
N1
LAUGARÁS BÍÓ
Kaffitár
SUBWAY
SAFFRAN
serrano
WWW.N1.IS
N1
Meira í leiðinni

## KJÖRKASSINN



*Er rétt að hækka skatta og gjöld á stórfyrirtæki og útgerðir til að vinna gegn fjárlagahalla?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 52,1% |
| NEI | 47,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Treystir þú meirihlutanum í borgarstjórn fyrir rekstri Reykjavíkurborgar?*

Segðu þína skoðun inni á visir.is VÍSIR

Innnes lætur reyna á tollaálagningu á innfluttar landbúnaðarvörur:

# Dómsmál ef álögur lækka ekki

**STJÓRNSÝSLA** Verði reglum ekki breytt til samræmis við álit umboðsmanns Alþingis, sem segir fyrirkomulag tollaálagningar á innfluttar landbúnaðarvörur ólöglegar, verður málið kært til dómstóla. Þetta segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ).



ANDRÉS MAGNÚSSON

Fyrirtækið Innnes sótti í gær um heimild til að flytja inn 100 kíló af nautakjöti. Heimildin var afgreidd með 112 prósenta álagningu. Það er í samræmi við álagningu sem landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra hefur heimild til að leggja á innfluttar landbúnaðarvörur. Umboðsmaður Alþingis hefur úrskurðað að sú heimild brjóti í bága við stjórnarskrá.

Andrés segir að farið verði fram á að tollstjóri endurskoði álagninguna í ljósi álits umboðsmanns. Með umsókninni hafi málinu verið komið í réttan farveg og hún kalli fram viðbrögð af hálfu kerfisins.

„Nú komast þeir ekki hjá því að svara. Ég hef lagt fjölda skilaboða inn í ráðuneytið en ekki heyrt bofs þaðan,“ segir Andrés.

Umboðsmaður úrskurðaði í júlí að heimild til álagningar stangist á við stjórnarskrá. Álagningarnar eru sagðar of víðtækar. Í fréttatilkynningu frá SVÞ segir að niðurstaða umboðsmanns sé alvarleg áminning um að víða séu brestir í lagaumgjörð íslenskrar stjórnsýslu. „Um árabil hefur ráðherra byggt ákvarðanir sínar um tollkvóta á heimildum, sem stóðust ekki grundvallaratriði stjórnarskrár.“ **- kóp**

Leikskólakennarar sundraðir:

## Einkaskólarnir áfram opnir

**MENNTUN** Ekki hefur verið boðað til verkfalls hjá kennurum sem starfa hjá einka- og foreldrareknum leikskólum innan vébanda Samtaka sjálfstæðra skóla (SSSK).

Sem kunnugt er hafa leikskólakennarar á leikskólum sveitarfélaganna samþykkt að fara í verkfall 22. ágúst, náist samningar ekki við sveitarfélögin. Lítið virtist hafa þokast í deilunni að loknum síðasta samningafundi á mánudaginn.

Innan SSSK eru á fjórða tug leikskóla, flest allir á suðvesturhorninu. **- kóp**



**RAUÐI KROSSINN** Samkvæmt alþjóðasáttmálum má ekki ráðast á heilbrigðisstarfsfólk. NORDICPHOTOS/AFP

Brýtur í bága við sáttmála:

## Ráðist á heilbrigðisstarfsfólk

**SVISS, AP** Árásum á heilbrigðisstarfsfólk á stríðshrjáðum svæðum hefur fjölgað og þær vekja minni hneykslan en áður, þrátt fyrir að vera bannaðar samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum. Þetta segir Rauði krossinn.

Nýleg tilvik í Sýrlandi, Barein og Jemen sýna að í auknum mæli er árásum beint að spítölum, sjúkrabílum og heilbrigðisstarfsfólki, segir Rauði krossinn. 655 tilvik af slíkum árásum voru rannsökuð nýlega af stofnuninni, en það er aðeins lítill hluti af raunverulegum árásum.

Rauði krossinn vill hvetja ríkisstjórnir og vopnaða hópa til að tryggja að árásum sem þessum verði hætt. **- þeb**

# Skoða aðgerðir vegna ofsaaksturs á hálendi

**Umhverfisráðherra segir koma til greina að innlendir aðilar verði ávallt með í ferðum á viðkvæm svæði. Tékknesk ferðaskrifstofa kynnti Íslandsferðir með myndefni af háskaakstri. Mannbjörg varð þegar bíll hennar sökk í Blautulón.**

**FERÐAMÁL** „Það er umhugsunarefni hvort eðlileg viðbrögð séu að fylgja fordæmi ýmissa nágrannaþjóða okkar þar sem gert er ráð fyrir að innlendur aðili sé með í öllum ferðum um viðkvæm svæði.“

Þetta segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra spurð um hvernig megi bregðast við tilvikum eins og háskaakstri á vegum tékkneskrar ferðaskrifstofu. Auglýsingar hennar um ferðir til Íslands byggjast meðal annars á háskaakstri trukks um óbyggðir.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Tékkneska ferðaskrifstofan Adventura býður upp á Íslandsferðir með farþegatrukkunum Tatrabus. Kynningarmyndband á vegum hennar sýnir svo ekki verður um villst að þar hefur ekið verið farið að lögum og reglum sem gilda hér á landi. Myndefni sýnir hvar trukknum er ekið greitt eftir vegarslóðum og yfir á með farþega á þakinu.

Stundum er ekið á svo miklum hraða um óbyggðir landsins, að því er sést á myndbandinu, að trukkurinn rennur til að aftan í beygjum, og rykmökkurinn teygir sig langar leiðir aftur undan honum. Þá má sjá myndir þar sem trukkurinn situr fastur þar sem hann hefur sokkið í jarðveg á hálendinu.

Þetta aksturslag hefur haft í för með sér að stundum hefur munað mjóu að illa færi. Nýjasta dæmið átti sér stað fyrr í mánuðinum þegar trukkurinn sökk í Blautulón.



**GÁLEYSI** Ökumaður jeppans bjargaði sér með því að keyra upp í hlíð þegar trukkurinn kom á móti honum í blindbeygju. MYND/BJÖRN TRAUSTASON

Rúmlega tuttugu tékkneskir ferðamenn voru á ferðalagi í honum, ásamt tékkneskum bílstjóra, en aðeins helmingur þeirra var í bílnum þegar honum var ekið út af vegarslóða. Þarna mátti litlu muna, því síðasta farþeganum var bjargað þegar bíllinn var kominn á kaf. Vart þarf að spyrja að leikslokum hefði allur hópurinn verið í trukknum þegar hann sökk.

Svandís segist þakka fyrir að ekki hafi farið verr í því tilfelli, en augljóslega hafi ekki verið gætt fylltu varúðar.

„En varúð snýst ekki bara um að gæta öryggis heldur líka að bera virðingu fyrir náttúru og viðkvæmu umhverfi,“ bætir hún við.

Þá mátti litlu muna að illa færi í september í fyrra þegar fyrrnefnd rúta og jeppi mættust í blindbeygju. Rútunni var þá ekið á öfugum vegarhelmingi. Ökumaður jeppans náði að bjarga lífi sínu með því að bjarga bíl sínum upp í hæð sem var við veginn, og henda sér í farþegasætið, að því er RÚV hefur greint frá.

Ferðaskrifstofan hefur nú fjarlægt myndefni sem sýnir háskaakstur á Íslandi af heimasíðu sinni.

Svandís segir málið ekki heyra beint undir hennar ráðuneyti, þar sem ferðamál séu undir iðnaðarráðuneyti.

Hún bíður nú eftir skýrslum um málið og björgunina við Blautulón, en mun í framhaldinu ræða næstu skref við iðnaðarráðherra.

jss@frettabladid.is, thorgils@frettabladid.is

Styrkur brennisteinsvetnis:

## Ekki yfir mörkin á þessu ári

**HEILBRIGÐISMÁL Brennisteinsvetni hefur það sem af eru þessu ári ekki farið yfir sólarhringsheilsuverndarmörkin á höfuðborgarsvæðinu.**

**Í fyrra fór það tvisvar sinnum yfir mörkin. Um er að ræða óyfirfarin gögn, samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun.**

**Í reglugerð sem sett var í fyrra eru mörkin sett við 50 míkrógrömm í rúmmetra að meðaltali fyrir 24 klukkustundir.**

**Leyfilegt verður að fara fimm sinnum á ári yfir mörkin fram til 1. júlí 2014 en þá verður óheimilt að fara yfir þau.**

**Rannsókn Hanne Krage Carlsen bendir til aukinnar úttektar asmalyfja eftir að styrkur brennisteinsvetnis hefur mælst hár í Reykjavík.** **- ibs**

Bandarískt rannsóknarsetur:

## Auknar trúardeilur í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Svíþjóð er eitt af þeim tíu löndum í heiminum þar sem samfélagslegar deilur sem tengjast trúarbrögðum aukast mest.

Þetta er niðurstaða rannsóknar á vegum bandaríska rannsóknarsetursins Pew á trúardeilum og kúgun í heiminum á árunum 2006 til 2009.

Ofbeldi og kúgun af trúarlegum toga eykst almennt í heiminum, samkvæmt skýrslu rannsóknarsetursins.

Skýrslan er byggð á upplýsingum frá hinum ýmsu stofnunum, meðal annars Sameinuðu þjóðunum, Evrópusambandinu og fjölda mannréttindasamtaka.

Bent er á að opin lýðræðisríki greini frekar frá atvikum sem þögguð eru niður í lokaðri ríkjum. **- ibs**

### AKUREYRI

**Nýtt vikurit kemur út í dag**

Nýtt vikurit kemur út á Akureyri í dag. Blaðið nefnist „Akureyri“ og er það félagið Fótspor ehf. sem stendur fyrir útgáfunni. Blaðið verður gefið út í 8.000 eintökum og fer inn á öll heimili í bænum. Ritstjóri er Björn Þorláksson.

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að fjárlagahalli ársins 2012 muni nema allt að 45 milljörðum króna. Hið rétta er að það er líklegt útkoma á árinu í ár, 2011, sem sagt er skýrast af kjarasamningum. Halli á árinu 2012 verður mun lægri.

Alicante

Flugsæti, 17. og 24. ágúst

Verð frá 29.900 kr.

Innifalið: Flug til Alicante og flugvallarskattar.

Vikulegt flug út október 2011.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is

vita

VITA er lífið

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 55914 08/11

# 20% AFSLÁTTUR
## af öllum Ground Zero úlpum



## Mikið úrval af skólavörum *á betra verði*





24 Hagkaup OPIÐ í sumar ALLAN sólarhringinn Akureyri & Eiðistorg

Gildir til 16. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hver sá um markaðssetningu á flestum vinsælustu plötum Bubba Morthens?*

2 *Frá hvaða háskóla kom liðið sem lenti í fjórða sæti í kafbátamóti í Bandaríkjunum?*

3 *Hvaða lið er í efsta sæti í Pepsi-deild kvenna?*

**SVÖR:**

*1. Jens Guð 2. Háskólanum í Reykjavík 3. Stjarnan*

Hugmyndaleit um framtíðarskipulag á Þingvöllum stendur enn yfir:

# Fjöldi hugmynda kominn fram

**ÞINGVELLIR** Þátttaka í hugmyndaleit um framtíðarskipulag á Þingvöllum hefur verið góð. Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður er ánægður með þátttökuna, en segist þó búast við að íslenska aðferðin verði í hávegum höfð; að flestar tillögur komi síðustu vikuna.

„Ég legg áherslu á að þetta þurfa ekki að vera margbrotnar hugmyndir. Það nægir að setja nokkrar línur á blað og skýra tillöguna,“ segir hann.

Ólafur segir fjölda manns hafa komið að máli við starfsfólk á Þingvöllum með tillögur. Það stoði hins vegar lítt ef þeim er ekki skilað í hugmyndasamkeppnina. Menn geti viðrað hugmyndir sínar hvar sem er, en þátttaka sé forsenda þess að til þeirra verði tekin afstaða.



ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON

Hugmyndaleitin stendur til 20. ágúst og að henni lokinni tekur dómnefnd til starfa. Hún mun meta hugmyndirnar nafnlaust. Ólafur Örn vonast til að hægt verði að hefja vinnu að nýju skipulagi á næsta ári, en dómnefndin sé hins vegar ekki bundin af því.

Á laugardaginn verður dagskrá á vegum Þingvallanefndar í Fræðslumiðstöðinni við Almannagjá.

Þar verður hugmyndaleitin kynnt, en einnig farið yfir náttúrufar, sögu og ferðamennsku í þjóðgarðinum. Hefst dagskráin klukkan 11. **- kóp**

Jazzhátíð sett eftir tvær vikur:

# Mezzoforte spilar í Eldborg

**MENNING** Jazzhátíð Reykjavíkur verður sett á menningarnótt, tuttugasta ágúst næstkomandi og stendur í tvær vikur.

Fjöldi innlendra og erlendra djassara kemur fram á hátíðinni í ár en þekktasta nafnið er píanóleikarinn Danilo Perez frá Panama. Tónleikar verða haldnir á alls þrettán stöðum víða um borg á meðan hátíðin stendur.

Þá verður lokapunktur hátíðarinnar stórtónleikar með hljómsveitinni Mezzoforte í Eldborgarsal Hörpunnar þriðja september.

Hættulegar handtöskur:

# Efnið veldur krabbameini

**DANMÖRK** Í fóðrinu í handtöskunum Daimi og Patti frá Bestseller, stærsta tískufyrirtæki Danmerkur, er svo mikið magn af krabbameinsvaldandi litarefninu Azobenzen að meðhöndla ætti töskurnar sem hættulegan úrgang, samkvæmt mati dönsku umhverfisstofnunarinnar.

Bestseller innkallaði fyrir þremur vikum eitruðu töskurnar en fyrirtækið hefur ekki vakið athygli viðskiptavina á því hversu hættulegar þær eru. Í júlí kom í ljós að fyrirtækið hafði selt barnaföt merkt Name It með krabbameinsvaldandi efnum. **- ibs**



**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI** Tuttugasta NordMedia-ráðstefnan verður haldin í Háskólanum á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fjölmiðlaráðstefna á Akureyri:

# Mörg hundruð þátttakendur

**AKUREYRI Talið er að á þriðja hundrað fjölmiðlafræðinga muni sækja tuttugustu alþjóðlegu norrænu fjölmiðlaráðstefnuna, NordMedia, sem sett verður í Hofi á Akureyri í dag.**

**Í yfirskrift ráðstefnunnar er spurt hvort fjölmiðlafræði og fjölmiðlarannsóknir séu að skoða það sem máli skiptir. Mikill fjöldi erinda verður fluttur og skiptast þau upp í ellefu málstofur.**

**NordMedia hefur verið haldin annað hvert ár í einhverju Norðurlandanna frá árinu 1973 og er um áratugur síðan slík ráðstefna var haldin hér á landi. - sv**

# Fiskvinnslan aftur til sölu á Flateyri

**Byggðastofnun er að leysa til sín eignir Eyrarodda úr höndum skiptastjóra. Um fjörutíu manns eru atvinnulausir á Flateyri. Verkalýðsfélag Vestfjarða gagnrýnir veðhafa og skiptastjóra harðlega og segir þá hafa dregið lappirnar í málinu.**

**ATVINNUMÁL** Byggðastofnun er þessa dagana að taka við þeim eignum sem henni eru veðsettar úr höndum skiptastjóra þrotabús Eyrarodda á Flateyri. Það er meginþorri eignanna og nægir til að hefja fiskvinnslu á Flateyri eins og hún var áður.

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar, segir að nú ætti sala eignanna að verða einfaldari. „En framtíð fiskvinnslu á Flateyri ræðst hins vegar, hér eftir sem hingað til, af þeim áhuga sem kaupendur hafa til að nýta aðstæðurnar á staðnum,“ segir hann.

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga ályktaði um málið og gagnrýndi mjög veðhafana, Landsbankann og Byggðastofnun, sem og skiptastjóra fyrir að draga lappirnar í málinu sem tekið hefur um átta mánuði og á meðan er afar takmörkuð vinnsla í þeirri aðstöðu sem Eyraroddi skilur eftir sig. Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður verkalýðsfélagsins, segir að fólksflótti blasi við ef ekki verði hægt að ýta fiskvinnslu úr vör sem allra fyrst á Flateyri. Nú þegar eru um 40 manns atvinnulausir á staðnum. Íbúar eru 237 eða 71 færri en fyrir fimm árum. „Það er sorglegt, þegar ég lít til baka og minnist fundanna sem ég átti með fiskvinnslufólki á Flateyri fyrir nokkrum árum. Það voru um hundrað manns á þessum fundum. Nýverið héldum við svona fund á Flateyri; það voru þrettán manns á fundinum, þetta segir allt sem segja þarf um ástandið.“

Landsbankinn svaraði ályktun verkalýðsfélagsins og sagði hana byggða á vanþekkingu, bankinn hefði reynt eftir fremsta megni að leysa málið enda sé það ekki veðhöfum í hag að draga söluna á langinn. „Gott og vel,“ segir Finnbogi á móti, „það kann að vera að við séum sekir um vanþekkingu en þeir sem geta ekki leyst úr þessu, um hvað eru þeir sekir: getuleysi?“

Aðalsteinn Þorsteinsson vill ekki blanda sér í þessi orðaskipti en ítrekar að töfina sé ekki að rekja til deilna Byggðastofnunar og Landsbankans og reyndar hafi slíkar deilur aldrei átt sér stað. Hins vegar hafi tilboð Toppfisks í eigurnar verið háð skilyrðum og það hafi flækt málið. Toppfiskur dró síðan tilboð sitt til baka í síðasta mánuði. **jse@frettabladid.is**



**FRÁ FLATEYRI** Nú er Byggðastofnun komin með nær alla fiskvinnsluaðstöðuna á Flateyri í sínar hendur þannig að ef áhugasamur kaupandi fæst mun útgerð geta glæðst á ný á staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Kvarnast af útgerð á Flateyri

**2007** Kambur hættir útgerð. 120 manns unnu hjá fyrirtækinu. Eyraroddi tekur við á haustmánuðum.

**2010** Eyraroddi segir upp öllum 42 starfsmönnum sínum. Fyrirtækið varð gjaldþrota í janúar síðastliðnum.

**2011** Lotna kaupir hluta eignanna og hefur rekstur á Flateyri í upphafi árs. Byggðastofnun féllst hins vegar ekki á sölu á sínum hlut vegna viðskiptasögu Lotnu. Toppfiskur falaðist hins vegar eftir því að kaupa allar eignirnar en hvarf frá þeim áætlunum í síðasta mánuði.

Rétt á annan tug manna vinnur nú hjá Lotnu á Flateyri.



**MÚS** Ofurmýsnar eru alveg eins í útliti og aðrar mýs.

Ný rannsókn um mýs:

# Ofurmýs ónæmar fyrir eitri

**VÍSINDI Nokkrar evrópskar mýs hafa þróað með sér ónæmi fyrir sterkustu eiturtegundum. Þetta segja vísindamenn.**

**Mýs í Þýskalandi og á Spáni hafa eignast afkvæmi með alsírskum músum, segir Michael Kohn prófessor, sem stýrði rannsókninni. Flest afkvæmi músanna geta ekki fjölgað sér vegna þess hversu ólíkar tegundirnar eru, en þó virðist sem sum afkvæmin séu fær um það.**

**Rannsakendur segja fjölgun mannkyns og aukin ferðalög hafa valdið samdrætti þessara músategunda. Óttast er að það sama gæti gerst hjá rottum. - þeb**

Ferðamenn aldrei verið fleiri:

# Fjölgaði um 17% milli ára

**FERÐAÞJÓNUSTA** Erlendum ferðamönnum jókst um rúm 17 prósent á milli ára í júlímánuði. Samkvæmt talningu Ferðamálastofu fóru 97.757 erlendir ferðamenn frá landinu í júlí síðastliðnum eða um 14 þúsund fleiri en í sama mánuði á síðasta ári. Erlendir ferðamenn hafa aldrei verið fleiri í júlímánuði eða frá því að talningar hófust í Leifsstöð árið 2002.

Á vef Ferðamálastofu kemur fram að það sem af er ári hafa 304.643 erlendir ferðamenn farið frá landinu eða um 50 þúsund fleiri en á sama tímabili í fyrra. **- sv**





SIEMENS

Heimilistæki frá Siemens til að prýða eldhúsið þitt og létta þér störfin. Lausnina færðu hjá okkur.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

NOKIA

vodafone

# ÍSLANDSMÓTIÐ Í ANGRY BIRDS




## NOKIA N8 TILBOÐ Í VERSLUNUM VODAFONE UM HELGINA

**74.990 KR.**

ANGRY BIRDS HULSTUR FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST





DREGIÐ VERÐUR ÚR VERÐLAUNA-POTTINUM*

## ÚRSLITAKEPPNIN

11. ÁGÚST, KL. 16:00 - SMÁRALIND - FYRIR FRAMAN VERSLUN VODAFONE

SIGURVEGARAR UNDANKEPPNANNA KEPPA TIL ÚRSLITA. KOMDU OG FYLGSTU MEÐ ÞEIM BESTU!



STÓRA BRAUTIN VERÐUR Á STAÐNUM



* Í verðlaunapottinum eru nöfn þeirra sem tóku þátt í undankeppnunum í sumar. Einn heppinn vinnur flugferð fyrir 2 innan Evrópu með Iceland Express.



**MÓTMÆLI Í SÍLE** Kveikt var í bílum og vegartálmum, brotist inn í búðir og húsgögnum kastað í lögreglumenn eftir mótmæli í Santíagó í Síle í gær. Lögreglan mætti mótmælendum með táragasi og vatni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og embætti sérstaks saksóknara sameinast:

# Efnahagsbrotamál undir einn hatt

**LÖGGÆSLA** Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og embætti sérstaks saksóknara verða sameinuð um næstu mánaðamót samkvæmt lögum sem þá taka gildi. Við gildistöku laganna flyst rannsókn mála, er undir efnahagsbrotadeild heyra, ákæruvald og sókn þeirra mála sem þegar sæta ákærumeðferð fyrir dómstólum af hálfu ríkislögreglustjóra, frá embætti RLS til embættis sérstaks saksóknara.

Auk þeirra starfsmanna sem á undanförnum árum hafa flust frá ríkislögreglustjóra til sérstaks saksóknara flytjast fjórtán stöðugildi til sérstaks saksóknara við þessi tímamót.



**HARALDUR JOHANNESSEN** Hefur lengi talað fyrir því að rannsókn efnahagsbrotamála verði á einni hendi.

Fjárveitingar til efnahagsbrotadeildar færast einnig til sérstaks saksóknara og nema þær alls um 124 milljónum króna á ársgrundvelli. Ríkislögreglustjóri mun áfram annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í formála nýútgefinnar ársskýrslu embættis ríkislögreglustjóra kveðst Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri lengi hafa talað fyrir því að sett verði á fót sérstök eining til að fara með mál er varða efnahagsbrot og að hlutverk ýmissa ríkisstofnana á því sviði verði endurskoðað. - jss

Vill aðgerðir hjá olíufélögum:

# Hægt að lækka bensínið meira

**NEYTENDAMÁL** Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir verðlækkun bensínstöðva í Danmörku sýna að olíufélögin á Íslandi hafa svigrúm til að lækka lítraverðið á eldsneyti um fjórar til fimm krónur. Það sé í takt við heimsmarkaðsverðið.

Frá því í síðustu viku hafa félögin lækkað bensín- og dísilolíuverð um um það bil sjö krónur á lítrann. Lækkunina má rekja til lækkunar á heimsmarkaðsverði á bensíni.



**ELDSVOÐI** Slökkviliðið að störfum á Nesvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Eldur í íbúð á Nesvegi:

# Líklega íkveikja vegna rafmagns

**LÖGREGLUMÁL Grunur leikur á að kviknað hafi í risíbúðinni í parhúsi við Nesveg af völdum rafmagns.**

**Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu reyndist ekki vera kannabisræktun í íbúðinni sem brann til kaldra kola í fyrrakvöld. Hins vegar fundust tæki, sem höfðu verið notuð til slíkrar ræktunar, en þau voru ekki í sambandi við rafmagn, eftir því sem næst varð komist í gær.**

**Allt tiltækt lið slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu var kallað út þar sem mikill eldur logaði í íbúðinni, en hún reyndist mannlaus.** - jss

Áskorun frá Sandgerðisbæ:

# Fangelsið verði á Suðurnesjum

**REYKJANES** Bæjarráð Sandgerðisbæjar ítrekar að nýtt fangelsi ætti að byggja á Suðurnesjum og minnir á Rockville-svæðið norðan Keflavíkurflugvallar í því samhengi, í tilkynningu frá ráðinu.

Þar er enn fremur minnt á loforð ríkisstjórnarinnar um átak í atvinnumálum á Suðurnesjum, þar sem atvinnuleysi sé mest, milli 12 og 15 prósent sums staðar.

„Það er því löngu orðið tímabært að grípa til raunverulegra aðgerða til þess að snúa þessu ófremdarástandi við," segir í tilkynningunni, sem Ólafur Þór Ólafsson, forseti bæjarstjórnar, skrifar undir. - kóþ



**1.** Skúli stígur upp úr sæti sínu með fallhlífina á bakinu.



**2.** Heilsar upp á Snorra flugmann.



**3.** Þá er að leggjast á vænginn.



**4.** Hangir sem fastast þó vélin kútveltist.

LJÓSMYNDIR/BALDUR SVEINSSON

# Kútvelta yfir Kollafirði

**Fallhlífarstökkvari hélt í væng flugvélar sem snúið var í hring áður en hann stökk af. Hafa leikið þennan leik áður. Hættulaust segir flugstjórinn. Miðflóttaaflið sér um að halda stökkvaranum föstum við vænginn.**

**FÓLK** Nokkrir ungir ofurhugar héldu í flugferð á dögunum þar sem þrjár vélar af Yak-gerð flugu yfir Kollafjörð og nærsveitir. Til tíðinda dró í fjögur þúsund fetum þegar Skúli Þórarinsson stóð upp úr sæti sínu, gekk fram á væng með fallhlíf á bakinu og kvaddi flugmanninn, Snorra Bjarnvin Jónsson. Þá lagðist hann niður á vænginn og hélt fast á meðan Snorri kútvelti flugvélinni í heilan hring.

**4.000**
fet voru niður að jörð þegar Skúli Þórarinsson lagðist á væng flugvélarinnar.

Skúli hélst á vængnum á meðan, stökk af að því loknu og sveif niður til jarðar. Ljósmyndarinn Baldur Sveinsson var með í för á annarri flugvél og náði meðfylgjandi myndum.

Snorri Bjarnvin segir í samtali við Fréttablaðið að þetta hafi ekki verið í fyrsta sinn sem þeir félagar hafi leikið þennan leik, því þeir hafi líka gert þetta í fyrra og má sjá upptöku af því á Youtube.

En er þetta ekki háskaleikur?

„Nei, nei. Miðflóttaaflið sér um að halda Skúla á vængnum, þannig að þetta er ekkert hættulegt ef menn kunna til verka."

thorgils@frettabladid.is

SUMARTILBOÐ

Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður



64.900
FULLT VERÐ 94.900
16,5 kw/h

· Mikil orka 16,5 kw/h
· Grillgrindur úr pottjárni
· 3 brennarar úr pottjárni
· Hitadreifarar úr pottjárni
· Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
· Vönduð og sterk viðargrind
· Innbyggð neistakveikja
· Skúffa fyrir fitu
· Grillflötur: 64 x 49cm
· Stærð: 145 x 108 x 62 cm

LANDMANN Er frá Þýskalandi
www.grillbudin.is
Grillbúðin www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400
YFIR 30 GERÐIR GASGRILLA Á TILBOÐI

Segjast munu miðla hlutlægum upplýsingum um Evrópusambandið:

# Athygli kynnir ESB á Íslandi

**EVRÓPUMÁL** Evrópusambandið hefur valið fyrirtæki til að sjá um kynningar- og upplýsingaskrifstofu sambandsins á Íslandi.

Það er Media Consulta í Þýskalandi og íslenska fyrirtækið Athygli sem fá verkefnið í sameiningu, til tveggja ára. Samningurinn hljóðar upp á 700.000 evrur á ári, eða um 115 milljónir króna.

Tilgangur kynningarskrifstofunnar er meðal annars að auka við þekkingu og skilning Íslendinga á ESB og á umsóknarferlinu, og að kynna hugsanleg áhrif af inngöngu landsins í sambandið.

Valþór Hlöðversson, framkvæmdastjóri Athygli, er ánægður með að fá verkefnið og segir að skrifstofan verði væntanlega opnuð með haustinu. Hann þvertekur fyrir að þaðan verði rekinn áróður.

„Nei, öðru nær. Það er lögð mikil áhersla á það í útboðsgögnum að þarna sé verið að safna saman fagfólki sem er fært um að miðla óhlutdrægum upplýsingum um kosti og galla ESB og efna til samræðu við fólkið í landinu. Annars hefðu menn bara notað sendiskrifstofu ESB í þetta, ef þetta hefði átt að vera áróður," segir hann.



**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Tilgangur kynningarskrifstofunnar er meðal annars að auka við þekkingu og skilning Íslendinga á ESB. NORDICPHOTOS/AFP

Ellefu buðu í verkefnið en nokkrir hættu við og sögðu fjárveitinguna of nauma. Fimm umsækjendur munu hafa verið eftir í ferlinu þegar valið var úr. - kóþ

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör




**2.098** kr/kg
áður 2.295 kr/kg

GRILLAÐ
GRILLBÓK VÖLLA SNÆ
1.998 KR

# VERÐUR ÁGÚST **GRILLMÁNUÐUR**?

## KJÚKLINGAVÆNGIR
NETTÓ



**298** kr/kg
áður 349 kr/kg

## GRÍSAKÓTELETTUR

52% afsláttur



**989** kr/kg
áður 2.049 kr/kg

KJARNAFÆÐI

## PÍTUBUFF
6 X 60 G
M/BRAUÐI




**798** kr/pk.
áður 998 kr/pk.

GOÐI

## GRÍSAVÖÐVI
BRAZIL

38% afsláttur




**991** kr/kg
áður 1.598 kr/kg

## GRÍSAMÍNÚTUSTEIK
FERSK

25% afsláttur



**1.349** kr/kg
áður 1.798 kr/kg

## HUNANGS GRÍSAHNAKKI

25% afsláttur




**1.649** kr/kg
áður 2.198 kr/kg

## JUSTIN BIEBER
MYNDIR




**259** kr/pk.

## ÓLÍFUOLÍA/ EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
500 ML



**349** kr/stk.
áður 459 kr/stk.

## DISNEY SAFI
EPLA - OG APPELSÍNU
3 X 200 ML

29% afsláttur




**99** kr/pk.
áður 139 kr/pk.

## EASY ÞVOTTADUFT
ALOE VERA 2,73 KG




ALOE TAUMÝKIR 2 L FYLGIR FRÍTT MEÐ

**989** kr/pk.
Tilboð!

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 11. - 14. ágúst**
eða meðan birgðir endast

# neytendur
*hagur heimilanna*

**5,0%** ER 12 MÁNAÐA VERÐBÓLGA samkvæmt Seðlabankanum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ – Þrif á örbylgjuofni

*Gufan leysir upp óhreinindin*



Ein auðveld leið til að þrífa örbylgjuofn er að setja þrjár teskeiðar af sítrónusafa út í einn og hálfan bolla af vatni og setja í skál sem má fara í örbylgjuofn. Stilltu á hæsta hita og hitaðu í fimm til tíu mínútur þannig að vatnið sjóði og gufa myndist. Þegar tíminn er búinn skaltu taka skálina úr ofninum, strjúka yfir hann með tusku og óhreinindin renna af.

■ **Matvæli**

## Undantekningar í „best-fyrir" dagsetningum



Nokkrar undantekningar eru á reglum um dagsetningarstimpla matvæla hérlendis. Samkvæmt 22. grein í reglugerð um merkingar matvæla, númer 503/2005, sem fjallar um undanþágur frá merkingum, þarf hvorki að tilgreina framleiðsludag né „best-fyrir" dagsetningu (lágmarksgeymsluþol), meðal annars á eftirfarandi matvælaflokkum:

- Ferskir ávextir og grænmeti, þar með taldar kartöflur sem ekki hafa verið meðhöndlaðar með neinum hætti.
- Drykkjarvörur sem í eru 10% eða meira af vínanda miðað við rúmmál.
- Edik, matarsalt og sykur.
- Sælgæti sem nær einvörðungu er gert úr bragðbættum og/eða lituðum sykri.
- Tyggigúmmí og hliðstæðar tyggjóvörur.

■ **Matvæli**

## Hærra verð á smurostum í nýjum umbúðum

Verð á smurostum frá MS hækkaði í raun um rúmlega 15 prósent þegar vörurnar voru settar í nýjar umbúðir í maí síðastliðnum. Fyrir umbúðaskiptin kostaði 300 gramma askja 348 krónur frá MS. Í nýju umbúðunum var magn smurostsins 250 grömm og kostaði slík askja 340 krónur. Eftir að allar mjólkurvörur hækkuðu 1. júlí síðastliðinn kostar askjan 354 krónur frá MS.




Jón Axel Pétursson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs, vísar því á bug að neytendur hafi verið blekktir þegar varan var komin í nýjar umbúðir.

„Það var krafa á okkur frá neytendum að vera með endurvinnanlegar umbúðir. Fólk er farið að flokka umbúðir í meiri mæli en áður og var pirrað yfir að þurfa að taka gömlu umbúðirnar, sem keyptar voru erlendis, í sundur því að þær voru bæði úr plasti og pappa."

Nýju umbúðirnar eru eingöngu úr plasti og þær eru framleiddar hér á landi, að sögn Jóns. „Þær eru aðeins dýrari en gömlu umbúðirnar auk þess sem verð á því sem við setjum í smurostana, eins og til dæmis rækju og skinku, hefur hækkað." - ibs


# Costa del Sol

20. ágúst
í 11 nætur

Frá kr. 139.900
með hálfu fæði á mjög góðum 4 stjörnu hótelum.

**11 nátta ferð - ótrúleg kjör!**

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á Hotel Amaragua og Hotel Sol Melia, sem eru afar góð 4 stjörnu hótel þann 20. ágúst í 11 nætur. Önnur gisting í boði á ótrúlegum kjörum. Costa del Sol býður allt það helsta sem maður getur óskað sér í fríinu. Gríptu þetta einstaka tækifæri til að njóta lífsins á þessum vinsæla áfangastað í sumarfríinu.

Hotel Amaragua ****

**Kr. 139.900** - með hálfu fæði

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með hálfu fæði í 11 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði kr. 158.900. Hotel Sol Melia kostar 4.000 krónur aukalega á mann.

**Ath.** mjög takmarkaður fjöldi íbúða / herbergja í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


NEYTANDINN: BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR, REKTOR HÁSKÓLANS Á BIFRÖST

## *Pallurinn í Borgarnesi er bestur*



Stundum geta hinir viðsjárverðu tímar gert kaup sem í fyrstu virðast kostakaup að algjörri ólukku. Bryndís rifjar upp slíka sögu þegar hún er innt eftir hennar verstu kaupum. „Það var þannig að ég keypti mér Pajero-jeppa rétt fyrir hrun," segir hún. „Þetta var reyndar hinn besti bíll en mikið agalega gat hann gleypt af bensíni. Það bætti ekki úr skák að vinnu minnar vegna þurfti ég að aka mikið og bensínlítrinn varð sífellt dýrari. Sem ég segi, það var fínt að aka bílnum en hann kostaði heldur betur skildinginn við þessar aðstæður í þessu árferði."

Svo eru til önnur kaup sem varla geta klikkað. „Bestu kaupin gerði ég þegar ég lét smíða þennan forláta pall við húsið mitt hér í Borgarnesi. Það er ekki amalegt að koma heim eftir erilsaman dag og setjast út á pall og virða fyrir sér útsýnið. Héðan blasir Snæfellsnesið við mér í allri sinni dýrð, kórónað með jöklinum sjálfum." Spurð hvort pallurinn hafi verið dýr svarar hún því þannig að hann hafi verið hverrar krónu virði. Hver veit nema Egill Skallagrímsson, á sínum bernskuárum, nú eða Snorri Sturluson á sínum Borgarárum, hafi hér forðum setið þar sem pallur rektorsins er nú, horft á nesið með jökulkórónu sína og leyft ljóði að lifna við hið innra.

# Rukkað fyrir notkun hárþurrku á hótelum

**Verð fyrir hótelgistingu er ekki alltaf jafnlágt og það lítur út fyrir að vera á vefsíðum erlendra hótela, það er að segja ef gestir vilja horfa á sjónvarp á herberginu, fá hreint handklæði, nota hárþurrku, fá loftkælingu og synda í sundlaug hótelsins svo eitthvað sé nefnt. Á hótelum er nefnilega farið að rukka fyrir aukaþjónustuna eins og gert er hjá ýmsum flugfélögum.**



**SÓLARSTRÖND** Gisting getur orðið dýrari en hótelgestir eiga von á skoði þeir ekki fyrirfram gjöld fyrir aukaþjónustu.

Flugfarþegar geta til dæmis þurft að greiða fyrir sætaskipti þegar um borð er komið. Sjái þeir laust sæti þar sem fótarýmið er meira en við þeirra eigin sæti er að vísu ekki sjálfgefið að leyfilegt sé að skipta. Það er til dæmis ekki hægt hjá Iceland Express kostar sæti með auknu fótarými frá 2.990 krónum fyrir hvern flugleg og þetta gjald þurfa þeir að greiða sem vilja skipta þegar um borð er komið.

Viðskiptavinir flugfélaga eru farnir að venjast ýmsum aukakostnaði sem leggst ofan á auglýst fargjöld. Hótelgestum kemur enn á óvart þegar gjaldið sem greiða þarf fyrir gistinguna í lok dvalar er hærra en verðið sem þeir sáu fyrst uppgefið þegar þeir bókuðu herbergið á netinu.

Það þarf ekki bara oft að greiða aukalega fyrir morgunverð og afnot af bílastæði hótelsins, Búast má við aukagjaldi vegna þess rafmagns sem notað hefur verið meðan á dvölinni stóð auk gjalds fyrir þrif á herberginu. Þess eru einnig dæmi að rukkað sé þegar aðgangur er veittur fyrr að herbergi en reglur segja til um eða fyrir örlitlu lengri dvöl í herberginu.

Ole Stouby, framkvæmdastjóri leitarvélarinnar Travelmarket.dk, segir í viðtali við dönsku fréttastofuna Ritzau að gisting sé fyrst og fremst seld í gegnum netið og þess vegna skipti verðið á herbergjum miklu máli í samkeppni hótela um gesti. Neytendur geti svo sjálfir valið hvaða aukaþjónustu þeir eru reiðubúnir að greiða fyrir.

Á hótelinu Comfort Hotel Xpress í Ósló kosta þrif meðan á dvöl stendur 100 norskar krónur eða rúmlega 2.100 íslenskar krónur, að því er greint er frá á fréttavef norska blaðsins Aftenposten. Hreint handklæði kostar 30 norskar krónur eða rúmar 630 íslenskar krónur. Morgunverður kostar 85 krónur eða um 1.800 krónur. Hins vegar er verð fyrir gistinguna sjálfa frá 299 norskum krónum eða rúmlega 6.300 íslenskum krónum.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, kveðst ekki vita til þess að rukkað sé fyrir aukaþjónustu á hótelum hér á landi. - ibs

Rúmlega sjö þúsund manns ætla að sniðganga N1 bensínstöðvar í mánuð:

# Mótmæla of háu bensínverði

Um 7.300 manns hafa skráð sig í hóp á Facebook sem mótmælir háu bensínverði. Hópurinn ætlar sér að sniðganga verslanir N1 í heilan mánuð og hefjast aðgerðirnar 19. ágúst næstkomandi.

Ívar Áki Hauksson, forsprakki hópsins, segir óformlega könnun hafi orðið til þess að N1 varð fyrir valinu. Stöðvar Skeljungs og Olís hefðu alveg eins getað verið valdar.

„Ég fékk bara alveg nóg einn daginn. Þetta var farið að vera of stór hluti af mánaðarlaununum mínum," segir Ívar Áki. Spurður hvort hann hafi trú á því að fólk muni standa við að sniðganga fyrirtækið, svarar hann því játandi. „Já, ég held það. Vonandi mun þetta hafa góð áhrif. En þetta er bara fyrsta skrefið, það eru fleiri olíufélög, eins og allir vita."

Ívar Áki vonast til þess að stjórnvöld hlusti á hópinn og aðgerðirnar hafi viðvarandi áhrif. „Einn maður úti í horni gerir ekki neitt, en þegar röðin er orðin fleiri þúsund manns, heyrist mun hærra í henni," segir hann.



**ELDSNEYTI HJÁ N1** Um 7.300 manns ætla sér að sniðganga stöðvar N1 í mánuð til að mótmæla of háu bensínverði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, segist skilja hug þeirra neytenda sem vilja að verð á eldsneyti lækki. Fyrirtækið myndi selja bensín á lægra verði ef það væri hægt. Honum þykir þó ómálefnalegt að N1 hafi orðið fyrir valinu, þar sem verðið er nánast það sama hjá öllum aðilum.

„Ég myndi vilja selja bensín á lægra verði, þannig myndi ég selja meira," segir Hermann. „Hins vegar eru neytendur frjálsir í sínum aðgerðum, ég amast ekkert við því að menn efni til fjöldamótmæla." Hann segir að mótmælin ein og sér muni ekki verða til þess að bensínverð lækki hjá fyrirtækinu.

N1 hefur 115 eldsneytisstöðvar á landinu, sem er svipaður fjöldi og öll hin olíufyrirtækin til samans. - sv



Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

Coleman®

# COLEMAN **DAGAR**

## Í ELLINGSEN 11.–13. ÁGÚST

Þú færð allt fyrir útileguna í Ellingsen á frábæru verði. Hvort sem þú ert í tjaldi eða ferðavagni þá erum við með útilegubúnaðinn sem hentar þér. Komdu við í Ellingsen áður en þú leggur í hann og skoðaðu úrvalið.



**COLEMAN** tjald
2ja manna
Tilboð **7.630** kr.
**FULLT VERÐ 10.900 KR.**



**COLEMAN** stóll
með hliðarborði
Tilboð **8.393** kr.
**FULLT VERÐ 11.990 KR.**



**COLEMAN** borð
Samfellanlegt 80x40x31,5 cm
Tilboð **5.943** kr.
**FULLT VERÐ 8.490 KR.**



**COLEMAN** tvöföld loftdýna
Tilboð **5.593** kr.
**FULLT VERÐ 7.990 KR.**



**COLEMAN** PerfectFlow
brennari fyrir propane
Tilboð **4.193** kr.
**FULLT VERÐ 5.990 KR.**



**COLEMAN** grillset
Tilboð **4.897** kr.
**FULLT VERÐ 6.995 KR.**



**COLEMAN** vindveggur
Tilboð **6.230** kr.
**FULLT VERÐ 8.900 KR.**



**COLEMAN** vindveggur XL
Tilboð **7.693** kr.
**FULLT VERÐ 10.990 KR.**



**COLEMAN** inflatable chair
Tilboð **2.373** kr.
**FULLT VERÐ 3.390 KR.**



**COLEMAN** ferðagasgrill
Tilboð **44.900** kr.
**FULLT VERÐ 49.900 KR.**



**COLEMAN** hitabrúsi
0,75 L
Tilboð **2.793** kr.
**FULLT VERÐ 3.990 KR.**



**COLEMAN** útilegustóll
Tilboð **6.993** kr.
**FULLT VERÐ 9.990 KR.**



**COLEMAN**
svefnpoki
Tilboð **3.493** kr.
**FULLT VERÐ 4.990 KR.**



**COLEMAN**
svefnpoki
Tilboð **5.530** kr.
**FULLT VERÐ 7.900 KR.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 112103

# Skólaba

## öflugar tölvur



## MacBook Pro 13"

Allt að 2,7GHz 2-kjarna Intel i7 örgjörvi
Allt að 8GB DDR3 vinnsluminni
Allt að 750GB harður diskur

Thunderbolt tengi (10Gbps)
Tvö USB 2.0 tengi
FireWire 800 tengi
SDXC kortarauf
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth

Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 199.990.-**

**Allt að 2x hraðari örgjörvar**
Nýju fjögurra- og tveggja-kjarna örgjörvarnir gera MacBook Pro að alvöru vinnuvél.

**Allt að 3x hraðari grafík**
15- og 17-tommu MacBook Pro hafa að geyma öflugt Radeon skjákort frá AMD.

**Ofurhratt Thunderbolt**
Glænýtt tengi sem gerir manni kleift að færa gögn á ofurhraða og tengja við skjái.

**FaceTime HD myndavél**
Á næsta mynd-spjalli munu félagar þínir sjá þig þrisvar sinnum skýrari en áður!

**Rafhlaða sem endist lengi**
Þú færð 7 klst. rafhlöðuendingu á nýju MacBook Pro, þrátt fyrir meiri kraft og betri grafík en áður.



LaCie Neil Poulton - flakkari
1TB USB2 - 3,5"
**Verð frá: 12.990.-**



LaCie minnislykill
4GB, 8GB, 16GB
**Verð frá: 4.990.-**



Fartölvutöskur
Mikið úrval
**Verð frá: 5.990.-**



Office 2011 Home and Student
Word, Excel og PowerPoint
**Verð frá: 18.990.-**

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# ekurnar

## r á góðu verði




## MacBook Air 11"

Allt að 1.8GHz Dual-Core Intel Core i7
Allt að 4GB vinnsluminni
Allt að 256GB SSD diskur

Thunderbolt tengi (10Gbps)
Tvö USB 2.0 tengi
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth

Þyngd 1.08 kg

Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 169.990.-**

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt á land allt



MacBook Air og MacBook Pro tölvurnar
koma með Lion stýrikerfinu

**epli.is**

Laugavegi 182, sími 512 1300 | Opið 10-18 mánudaga til föstudaga og 12-16 laugardaga | **www.epli.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ný áform ríkisstjórnarinnar um að spilla fjárfestingarumhverfinu á Íslandi.

## Hringl, hringl

Forystumenn stjórnarflokkanna hafa tilkynnt að þeir hyggist loka fjárlagagatinu að hálfu leyti með niðurskurði og að hálfu leyti með nýjum sköttum. Gerð verður krafa um flatan niðurskurð hjá ráðuneytum; lækka á útgjöld um þrjú prósent hjá öllum nema velferðarráðuneytinu sem á að skera niður um eitt og hálft prósent.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta er of lítill niðurskurður og einnig er misráðið að gera ekki sömu kröfu um hagræðingu í velferðarkerfinu og annars staðar. Það er svo stór hluti ríkisútgjaldanna að nægur árangur næst ekki nema þau séu undir líka og skoðað hvort við höfum efni á ýmsum útgjöldum sem bætzt hafa við undanfarin ár. Þessi uppstilling bendir til að ríkisstjórnin treysti sér ekki til að horfast í augu við þær erfiðu ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til að ná jöfnuði í ríkisrekstrinum.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir nú hróðug að skattar verði hvorki hækkaðir á almenningi né litlum og meðalstórum fyrirtækjum, heldur eigi nú að láta banka og stóriðjufyrirtæki finna fyrir því. Sú skattlagning mun þó á endanum koma niður á almenningi og „venjulegum“ fyrirtækjum, því að með henni leggur ríkisstjórnin enn sitt af mörkum til að spilla viðskipta- og fjárfestingarumhverfinu á Íslandi.

Sérstakir skattar hafa þegar verið lagðir á bankana; fyrst milljarður í bankaskatt og svo tveir í viðbót til að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslu. Margir sjá ofsjónum yfir hagnaði bankanna og telja að ríkið eigi að geta nælt í meira af honum. Að mati Bankasýslu ríkisins er arðsemi bankanna þó á mörkum þess að teljast næg; reglulegur rekstur hjá Arion banka og Landsbankanum stendur þannig ekki undir hóflegri arðsemiskröfu.

Nýir skattar á bankastarfsemi munu ekki bæta samskiptin við erlenda eigendur banka, til dæmis um afléttingu gjaldeyrishaftanna, eða auka áhuga þeirra á að vera langtímafjárfestar á Íslandi.

Áformin um nýja skatta á stóriðju eru sömuleiðis algjört glapræði. Eins og talsmenn stóriðjufyrirtækjanna benda á í Fréttablaðinu í gær væru nýir skattar brot á fjárfestingarsamningum sem stjórnvöld hafa gert við stóriðjufyrirtækin og jafnframt á fyrra samkomulagi um greiðslu orkuskatts, sem átti að tryggja stöðugleika í skattaumhverfinu. Það gefur auga leið að hærri skattar eru líklegir til að fæla nýja fjárfesta frá landinu.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir réttilega í Fréttablaðinu að með nýjum stóriðjusköttum biði trúverðugleiki Íslands sem fjárfestingarkosts enn og aftur hnekki: „Það er búið að ganga frá samkomulagi og það hefur gilt í tvö ár og svo á allt í einu að falla frá því af því að það þarf að finna einhvers staðar peninga.“

Þetta er það sem ríkisstjórnin er því miður blind á; að hringl með skatta og gjöld á atvinnulífið kemur í veg fyrir fjárfestingu og umsvif sem Ísland þarf svo nauðsynlega á að halda. Hækkun skatta getur verið skammgóður vermir, jafnvel þótt hún skili auknum tekjum í bili, því að hún eyðileggur framtíðarskattstofninn sem þarf til að standa undir kostnaði við velferð og opinbera þjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI UMRÆÐA

vísir

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óþolandi þögn

Umboðsmaður Alþingis hefur úrskurðað að heimildir Jóns Bjarnasonar, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, til að setja tolla á innfluttar landbúnaðarvörur standist ekki stjórnarskrá. Álitið er áfellisdómur yfir stjórnsýslunni og eðlilegt væri að það vekti upp viðbrögð. Samtök verslunar og þjónustu hafa þýfgað ráðherra um viðbrögð og lýst yfir að mögulega hangi skaðabótakrafa yfir hausamótum hans. Ráðherra lætur hins vegar eins og þetta komi honum ekki við; fjölmiðlar ná ekki í hann og ekkert kemur úr ráðuneytinu. Þetta er óþolandi stjórnsýsla.



### Engin leiðrétting

Vinsælasta fréttin á Pressunni nú um stundir var skrifuð 4. ágúst og fjallaði um það óréttlæti að crossfit-konan Annie Mist Þórisdóttir þurfi að greiða 13 milljónir króna af verðlaunafé í skatta hér á landi. Í ljós hefur hins vegar komið að fréttin er einfaldlega röng, skattur af verðlaunafénu verður greiddur í Bandaríkjunum. Sérkennilegt er af Pressunni að leiðrétta ekki missögnina vinsælu.



### Hvar áttu heima væni?

Eyjamenn hafa löngum þótt höfðingjar heim að sækja og þeir telja ekki eftir sér að traktera gesti sína á kræsingum, ef svo ber undir. Þess vegna skýtur heldur skökku við að nú rukka þeir börn af meginlandinu um gjald í sundlaugina á meðan Eyjapeyjar og -pæjur synda frítt. Elliði Vignisson bæjarstjóri segir útsvarið standa undir þessu og heimabörn eigi að njóta þess. Ef fleiri höggva í sama knérunn er hins vegar hætt við að ferðalög um landið verði flókin, þegar sanna á lögheimili barna sem vilja busla í laugum landsins.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Verkfall leikskólakennara = að standa með leikskólastarfi

Menntamál



Kristín Dýrfjörð
lektor við Háskólann á Akureyri

Haustið 2008 hrundi Ísland. Við sem þjóð stóðum eftir slegin og alvarleg. Á flestum vinnustöðum skapaðist sátt um að sækja ekki launahækkanir og margir tóku á sig lækkanir í einu eða öðru formi. Leikskólarnir tóku sinn skerf eins og aðrir. Rétt fyrir hrunið hafði verið gengið frá samningi við fólk í sama stéttarfélagi og leikskólakennarar, grunnskólakennara. En samningar við leikskólakennara eins og aðra voru slegnir út af borðinu.

Inni á leikskólum veltu leikskólakennarar fyrir sér sparnaði og yfirvöld skáru af nærri allt sem ekki var hreinlega samningsbundið. Leikskólar hafa verið sameinaðir og stjórnunarstöðvar lagðar niður, yfirvinna bönnuð (hún var ekki mikil fyrir), starfsmannafundir lagðir af, dregið úr afleysingum, fé til símenntunar og námsleyfa skorið niður og jafnvel lagt af. Leikskólum er ætlað að sjá til þess að börn fái næringarríkan og góðan mat fyrir minna fé og svo framvegis. Innan leikskóla veltir starfsfólk hverri einustu krónu fyrir sér, hvergi er bruðlað.

> Nú ríður á að foreldrar sýni leikskólakennurum skilning og samstöðu. Að þeir ýti á yfirvöld um að semja.

Leikskólakennarar hafa að mestu mætt ástandinu af skilningi, enda alltaf gert ráð fyrir að þeim yrði bætt það upp að vera samningi á eftir. Að þeir séu í raun að semja um tvo samninga núna. Nú er komið að skuldadögum, það er ekki hægt að skera meira. Nú er komið að því að leikskólakennarar standi með sjálfum sér. Ef ekki, er hætta á atgervisflótta og að stéttin brenni út.

Það getur verið að sveitarfélög hafi ekki efni á hækkunum en þau hafa enn minni efni á útbrunnum leikskólakennurum og leikskóla í krísu. Nú ríður á að foreldrar sýni leikskólakennurum skilning og samstöðu. Að þeir ýti á yfirvöld um að semja.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hvínandi Kúba

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Nú fer hver að verða síðastur að kynnast kommúnismanum af eigin raun. Norður-Kórea er lokuð öllum nema örfáum ferðamönnum, en Kúbu er hægt að heimsækja. Landið er sem aldrei fyrr á hvínandi kúpunni. Kreppan er djúp, og hún er tvíþætt. Annars vegar er efnahagskreppan, sem öldungarnir í ríkisstjórninni reyna ekki lengur að leyna. Fídel Kastró er hálfníræður, og Raúl bróðir hans, sem er nú forseti landsins, er að verða áttræður. Hins vegar er stjórnmálakreppan, sem engum leyfist að nefna á nafn að viðlagðri refsingu. Þessir tveir angar kreppunnar tengjast. Raunverulegar efnahagsumbætur eru ekki í sjónmáli, þar eð stjórnmálaforustan er lömuð, og öfugt.

### Á annarra framfæri

Þegar kalda stríðinu lauk, varð Kúba af erlendri efnahagsaðstoð, sem hafði haldið landinu gangandi í 70 ár. Fyrir og eftir síðari heimsstyrjöldina studdi kaninn Kúbu með því að hleypa innfluttum sykri frá Kúbu til Bandaríkjanna framhjá háum verndartollum, en bandarísk fyrirtæki höfðu þá sykurekrur Kúbu í hendi sér. Eftir að Kastróbræður héldu innreið sína í Havana á nýársdag 1959, tóku Sovétríkin við keflinu og studdu Kúbu með því að flytja inn þjóðnýttan sykur á yfirverði auk annarrar aðstoðar. Þegar Sovétríkin hrundu á jóladag 1991, hætti fjárstuðningur þeirra við Kúbu eins og hendi væri veifað, og 11.000 sovézkir hernaðarráðgjafar og tækniráðunautar voru kallaðir heim. Bara sykurútflutningurinn á yfirverði hafði skilað Kúbu um fimm milljörðum Bandaríkjadala á ári, eða um 500 dölum á hvert mannsbarn í landinu.

Smám saman fylltu Kínverjar að hluta skarðið, sem Rússar skildu eftir sig, og Venesúela undir stjórn Hugos Chavez forseta hefur selt Kúbu olíu á undirverði, olíu, sem Kúbverjar hafa síðan selt öðrum á heimsmarkaðsverði og hirt muninn. Efnahagslífið á Kúbu snýst því enn um yfirverð og undirverð. Landið geldur fyrir, að rétt verð, markaðsverð, kemur sízt til álita. Talið er, að brotthvarf Rússa frá Kúbu hafi skert tekjur landsmanna um 40 prósent. Kúbverjar í Bandaríkjunum senda heim um tvo milljarða Bandaríkjadala á ári. Við þetta bætast fullar ferðatöskur fjár, kannski annað eins, eftir að ríkisstjórn Obamas forseta heimilaði Bandaríkjamönnum af kúbverskum uppruna nýlega að ferðast heim til Kúbu.

> Landið geldur fyrir, að rétt verð, markaðsverð, kemur sízt til álita. Talið er, að brotthvarf Rússa frá Kúbu hafi skert tekjur landsmanna um 40 prósent.

### Hvað er stóll?

Kúba var og er eins og Rússland var: fyrirtækin þykjast borga verkafólkinu, og fólkið þykist vinna. Eftir brotthvarf Rússa frá Kúbu fundu ríkisfyrirtækin (nær öll fyrirtæki landsins) fyrir því, að þetta er dýrt sport. Ríkisstjórn Kúbu byrjaði því skömmu eftir 1991 að leyfa einkarekstur í smáum stíl. Eitt leiddi af öðru. Raúl Kastró tilkynnti í fyrra, að einkavæðing ríkisfyrirtækja kallaði á uppsögn einnar milljónar ríkisstarfsmanna (íbúafjöldi Kúbu er um 11 milljónir). Skilaboðin voru skýr: ríkisstjórnin getur ekki lengur séð um sína. Atvinnuleysisbætur eru rýrar og renna út eftir þrjá mánuði. Skilningur Kastróbræðra á einkarekstri ristir þó ekki dýpra en svo, að einkafyrirtækjum er gert ókleift að taka við nema litlum hluta þeirra, sem missa vinnuna hjá ríkinu. Til dæmis eru einkamatstaðir nú leyfðir, en þeir mega ekki hafa nema tuttugu stóla og mega ekki ráða óvandabundið fólk í vinnu, heldur aðeins fjölskyldumeðlimi.

Nærri má geta, hvort ekki er reynt að fara í kringum reglurnar. Hvað er stóll? Hvað er fjölskylda? Lögreglan eyðir ómældu púðri í að girða fyrir sniðgönguna. Fyrstu skref Kúbverja á leið sinni til markaðsbúskapar lofa því ekki góðu. Eitt helzta einkenni markaðsbúskapar er, að nýjum fyrirtækjum gefast færi á að leysa óhagkvæm fyrirtæki af hólmi í heilbrigðri samkeppni. Leiðin að því marki er að efla samkeppni frekar en að halda henni í skefjum. Mikil samkeppni er líklegri en lítil samkeppni til að halda hagnaði í skefjum svo sem Kastróbræðrum er mjög í mun.

### Allt í niðurníðslu

Allt er í niðurníðslu: húsin, bílarnir, vélakosturinn, mannaflinn. Árum saman hefur ein bygging hrunið á hverjum degi allan ársins hring. Sykurmyllurnar standa óbreyttar frá 1959. Bílaflotinn er kafli út af fyrir sig: gömlu bandarísku kaggarnir bera kúbverskum bifvélavirkjum fagurt vitni eftir meira en hálfa öld. Fátæktin er mikil og sár. Ungir og gamlir betla á götum úti. Læknar og lögfræðingar hafa meira upp úr sér sem leiðsögumenn en við störfin, sem þeir lærðu til. Mánaðarlaun lögreglumanna og hermanna eru 28 til 34 Bandaríkjadalir, lækna 21 til 25 dalir og verkamanna 17 dalir. En músíkin er góð. Fátt bendir til, að fólkið muni rísa upp gegn þeim bræðrum í bráð. Þegar þeir eru horfnir af sjónarsviðinu, getur þó allt gerzt. Svo fallegu landi leyfist ekki að halda fólkinu sínu föstu í fátæktargildru mann fram af manni.

# Alþingi taki boði stjórnlagaráðs

Ný stjórnarskrá
Hjörtur Hjartarson
sagnfræðingur



Föstudaginn 29. júlí afhenti stjórnlagaráð Alþingi frumvarp að nýrri stjórnarskrá. Ekki aðeins tók Alþingi við vel unnu verki heldur fylgdi viturlegt boð allra fulltrúa í stjórnlagaráði um að þeir væru reiðubúnir að vinna, sameiginlega, úr athugasemdum þingsins við frumvarpið, ef einhverjar væru. Þung rök mæla með því að Alþingi þiggi boðið.

Hvorki fyrr né síðar hefur frumvarp að lögum verið unnið í jafnopinni og víðtækri samvinnu við almenning í landinu og það sem stjórnlagaráð hefur nú fært Alþingi.

Vinnulag stjórnlagaráðs er önnur meginskýringin á velheppnuðu verki þess. Hin er sú að stjórnlagaráð er skipað almennum borgurum. Þeir létu sig engu varða sérhagsmuni stjórnmálaflokka og hagsmunahópa þeim tengdum. Stjórnlagaráð smíðaði frumvarp að nýrri stjórnarskrá aðeins með hagsmuni fólksins, vítt og breitt um landið, að leiðarljósi. Halda þarf til streitu vinnulagi og afstöðu stjórnlagaráðs.

Stjórnlagaráð svaraði ákallinu um gagngerar breytingar á stjórnarháttum í landinu. Nái frumvarp þess fram að ganga verður lagður grunnur að heilbrigðara og réttlátara samfélagi á Íslandi.

Varaformaður helsta valdaflokks landsins sagði nýlega, að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis myndi ekki þvælast fyrir nema stutta stund.

Það er glámskyggni. Gleymum ekki því, að hér var „vanhæfri ríkisstjórn“ ýtt frá völdum af almennum borgurum í mestu og víðtækustu mótmælum sem gengið hafa yfir landið. Enginn ætti að láta framhjá sér fara kröfuna um breytingar sem í mótmælunum fólst eða telja sér trú um hægt sé að bíða hana af sér. Slík afstaða er ábyrgðarlaus og ávísun á enn meiri ógöngur. Stjórnlagaráð áttaði sig blessunarlega á þessu, en stjórnmálaflokkarnir eiga enn langt í land.

Alþingi þarf að taka mið af ástandinu í landinu og samhengi hlutanna.

Á Íslandi varð ekki aðeins fjármálahrun, heldur einnig siðferðilegt og pólitískt hrun. Rannsóknarskýrsla Alþingis staðfesti verstu grunsemdir almennings um íslenska stjórnmálastétt, stjórnmálaflokka og stjórnsýslu, og óheilbrigt samkrull viðskiptalífs og stjórnmála.

Alþingi verður einnig að taka mið af því að alþingiskosningar hafa ekki farið fram eftir að hin hrikalega skýrsla kom út. Af þessum ástæðum er núverandi þing mjög vanbúið að fást við frumvarp stjórnlagaráðs.

Heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar var vanrækt í áratugi, til stórskaða fyrir land og þjóð. Höfuðástæðan var sú að stjórnmálaflokkarnir tóku sérhagsmuni sína fram yfir hagsmuni almennings og létu óbreytt ástand gott heita. Það var ekki fyrr en almennir borgarar fengu verkið í hendur að endurskoðunin tókst. Öðrum var reyndar ekki til að dreifa. Við núverandi aðstæður hefði þjóðin aldrei treyst fulltrúum stjórnmálaflokkanna til að semja frumvarp að nýrri stjórnarskrá, og engum kom slíkt til hugar eftir hrunið. Þegar Alþingi tekur frumvarp stjórnlagaráðs til meðferðar, þá býr það enn við sömu tortryggni.

Stjórnlagaráð hefur áunnið sér traust með verkum sínum. Alþingi nýtur ekki trausts en þarf að endurheimta það. Að sýna auðmýkt og þiggja boð stjórnlagaráðs, sem nefnt var í upphafi þessarar greinar, gæti orðið mikilvægt skref í þá átt, en afdrifaríkt að hafna því.

Nú ríður á að þingmenn, meiri hluti Alþingis og réttsýnir stjórnmálamenn þekki sinn vitjunartíma.

SPARAÐU MEÐ EURO SHOPPER
SPARAÐU Í BÓNUS




VANILLU ÍSTOPPAR MEÐ SÚKKULAÐI 120 ML
498 KR. 8 STK.




VANILLU ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 60 ML
398 KR. 12 STK.




VANILLU ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 120 ML
298 KR. 3 STK.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

# Öfugþróun snúið við

Skipulagsmál

Hjálmar Sveinsson
varaformaður skipulagsráðs



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, alþingismaður og formaður Framsóknarflokksins, skrifaði á dögunum ágæta grein í Fréttablaðið um miðbæ Reykjavíkur. Það heyrir til undantekninga að íslenskir þingmenn láti sig borgina einhverju varða. Þeir sem fylgst hafa með öflugri og málefnalegri umræðu um þróun borgarinnar, og borga yfirleitt, undanfarin misseri, vita þó að Sigmundur Davíð hefur lagt til hennar mikilvægan skerf. Hann hefur fært okkur sannfærandi, hagfræðileg rök fyrir því að það er óskynsamlegt að rífa niður gömul hús í gömlum miðbæjum í stórum stíl, hvað þá að leyfa þeim að grotna niður.

### Of stórvirkt tæki

Sigmundur Davíð rekur ágætlega í grein sinni hvernig hér í Reykjavík varð til „sterkur öfugur hvati“ sem umbunaði þeim sem keyptu upp gömul hús til að rífa þau, og byggja stór hús í staðinn, en refsaði hinum sem gerðu upp sín gömlu hús sem hefði þó átt að auka verðmæti húsanna og næsta umhverfis og þar með miðbæjarins, ef allt hefði verið með felldu.

Rétt er að halda því til haga að fyrir 10 árum kepptist borgarstjórnin við að koma í veg fyrir að stóru verslunarmiðstöðvarnar, Kringlan og Smáralind, gerðu endanlega út af við verslun og mannlíf í gamla miðbænum. Þróunaráætlun um eflingu miðborgarinnar, sem samþykkt var aldamótaárið 2000, fól í sér miklar uppbyggingarheimildir á nokkrum miðborgarreitum. Til að liðka fyrir keypti borgin fjölda lóða, einkum milli Hverfisgötu og Laugavegs, seldi þær til fjárfesta, með leyfi fyrir sameiningu þeirra í stórum stíl og fyrirheit um stóraukið nýtingarhlutfall.

Eftir á að hyggja virðast borgaryfirvöld hafa sett af stað of stórvirk tæki til efla miðborgina. Þar sem nýir miðborgarkjarnar áttu að rísa blasir við auðn og niðurnídd hús. En þar sem náðist að byggja ný miðborgarhús virka þau nokkrum númerum of stór fyrir hina smásköluðu Reykjavíkurbyggð.

### Dagsektir gegn niðurníðslu

Við Sigmundur Davíð erum áreiðanlega sammála um þetta. Hins vegar get ég ekki annað en mótmælt þeim boðskap í grein Sigmundar Davíðs að allt hafi verið gert til að „snúa þróuninni við“ meðan hann sat í skipulagsráði árin 2008 til 2010 en síðan, eftir að meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar tók við fyrir rúmi ári, hafi ekkert gerst.

Í grein sem ég skrifaði fyrir Fréttablaðið fyrir þremur mánuðum vakti ég athygli á því að meirihluti skipulagsráðs samþykkti í vor að taka róttækara skref gegn niðurníðslu húsa í miðborginni en aðrir meirihlutar hafa vogað sér. Í yfirlýsingu ráðsins, frá því í byrjun maí, segir að ekki verði lengur hikað við að beita dagsektum og öðrum þvingunarúrræðum, svo sem nauðungarsölu, gagnvart eigendum niðurníðsluhúsa og lóða ef þeir sinna ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur. Dagsektirnar geta orðið allt að 50.000 krónum á dag. Þar er einnig tekið fram að við beitingu sekta og þvingunarúrræða verði ekki tekið tillit til þess hvort slæmt ásigkomulag fasteigna megi rekja til heimilda í deiliskipulagi eða mögulegra óska lóðarhafa um breytingar á skipulagi enda séu engar heimildir fyrir því í lögum að slíkar aðstæður veiti lóðarhöfum rétt á að sinna viðhaldi fasteigna illa eða ekki.

Það er varla hægt að hafa skilaboð stjórnvalda skýrari. Borgaryfirvöld hefðu þurft að setja fram slíka yfirlýsingu fyrir löngu. Af hverju beitti Sigmundur Davíð sér ekki fyrir því um leið og hann var kjörinn í skipulagsráð fyrir þremur árum?

Sigmundur Davíð á líka að vita manna best að nýr meirihluti kemur aldrei að auðu blaði. Það er ævinlega búið að taka ótal ákvarðanir af fyrri borgarstjórnum, áreiðanlega í góðri trú, sem binda hendur þeirra sem taka við. Borgaryfirvöld geta ekki þurrkað pólitískar ákvarðanir og skuldbindingar út og kallað yfir sig heilan lögfræðingaskara með himinháar skaðabótakröfur. Sjóðir borgarinnar eru ekki mjög digrir þessa dagana.

### Víðtæk bótaskylda

Eitt af því sem gerir skipulagsyfirvöldum í Reykjavík mjög erfitt fyrir er hinn sterki „óefnislegi eignarréttur“ sem virðist vera tryggður í bak og fyrir með gildandi skipulagslögum. Í 51. grein skipulags- og byggingarlaga er kveðið á um að ef gildistaka skipulags leiðir til þess að „nýtingarmöguleikar“ fasteignar rýrni, geti sá sem telji sig verða fyrir slíku tjóni sótt skaðabætur í sjóði viðkomandi sveitarfélags. Þetta ákvæði hefur verið kallað „hlutlæg bótaregla“. Nýtingarhlutfallið sem borgin skilgreinir og útdeilir með deiliskipulagi, á landi sem hún á yfirleitt sjálf, er álitið vera eign lóðarhafans. Um aldur og ævi! Og eignarrétturinn er varinn í stjórnarskránni.

Sakleysislegt lögfræðihugtak hefur leitt til þess að þegar sveitarstjórn hefur heimilað byggingarmagn í gildandi deiliskipulagi, hafa lóðarhafar í raun verið færð eignarréttindi á silfurfati sem geta gengið kaupum og sölum og jafnvel verið veðsett. Það hefur átt sinn þátt í því að sumar lóðir í miðbænum eru veðsettar upp úr öllu valdi þótt ekkert hafi verið framkvæmt á lóðinni. Ákvæðið hefur með öðrum orðum gert verslun með heimildir fyrir byggingarmagni eða nýtingarhlutfalli gróðavænlega og það hefur meðal annars leitt til eins konar pattstöðu sem ríkir á allt of mörgum lóðum í miðbænum og víðar.

> En skipulagið getur tæplega verið skynsamlegt, eða hvetjandi á réttan hátt, nema skipulagslögin séu það líka.

Fagfólkið sem vinnur á skipulagssviði Reykjavíkur hefur lengi gert sér grein fyrir ógöngunum sem þessi íslenska lögfræði leiðir til og hversu mikilvægt er að ákvæðinu verði breytt. Undanfarin misseri hefur nefnd alþingismanna á vegum umhverfisráðuneytisins unnið að breytingum á skipulagslögum. Í ítarlegri umsögn sem Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar sendi nefndinni í mars í fyrra var vakin athygli á vandanum sem bótareglan í núverandi mynd veldur sveitarfélögunum. Í umsögninni er að auki vakin athygli á að þessi víðtæka bótaskylda á ekki hliðstæðu í norrænum skipulagslögum.

Því miður treysti nefndin sér ekki til að endurskoða bótaregluna og breyta til samræmis við norræna skipulagslöggjöf. Bótareglan er óbreytt í nýjum skipulagslögum sem Alþingi samþykkti í september í fyrra. Við þurfum því enn um sinn að búa við hana. Það breytir samt ekki því að borgaryfirvöld ætla sér að snúa öfugþróuninni við. Til þess þarf mikla lagni og nokkra áræðni. Núverandi borgarstjórn býr yfir hvoru tveggja.

En þarna var og er tækifæri fyrir þingmanninn Sigmund Davíð til að beita sér á þingi. Í grein sinni segir hann að með skynsamlegu og hvetjandi skipulagi megi snúa þróuninni hratt. En skipulagið getur tæplega verið skynsamlegt, eða hvetjandi á réttan hátt, nema skipulagslögin séu það líka.

# Rannsóknaprófessor og tungutak

Trúmál

Pétur Björgvin Thorsteinsson
djákni í Glerárkirkju og formaður AkureyrarAkademíunnar



Það er ástæða til að fagna grein dr. Magnúsar Magnússonar í Fréttablaðinu þann 10. ágúst á bls. 16 sem hann kallar ‚Trúmál og tungumál‘. Of sjaldan láta háskólaprófessorar utan guðfræði- og trúarbragðafræðideildar sig trúmál varða. Það er miður því öll opinber umræða ætti að geta leitt til aukins skilnings á viðfangsefninu. Í greininni lýsir hann áhyggjum sínum: Framsetning á trúarlegu efni á Íslandi sé of einhliða. Bendir hann réttilega á að ekki hefur farið mikið fyrir gagnrýninni umræðu um trúmál á Íslandi. Slíka umræðu þarf að efla og er ég honum sammála hvað það varðar.

En forsenda slíkrar umræðu hlýtur að vera að hún fari fram á jafningjagrundvelli. Prófessor sem skrifar um trúmál og tungumál verður að gæta að eigin tungutaki. Við erum svo heppin í dag að fá að búa við fjölbreytni í samfélaginu hvað lífsskoðanir og menningu varðar. Sú fjölbreytni fær staðist svo lengi sem við gætum þess öll að draga ekki hvort annað í dilka. Hér er ábyrgð háskólaprófessora mjög mikil.

Inntak greinarinnar verður ekki skilið öðruvísi en svo að Magnús Magnússon hafi verið sá eini sem staddur var á 1.000 manna samkomu í Háskólabíói sem ekki var hafður að fífli, enda hann einn fárra sem hafi haft menntun til að skilja það sem fram fór. Því miður var ég ekki staddur á umræddri samkomu, þá hefðum við að minnsta kosti verið tveir! Nei, í allri alvöru, ef gagnrýnin umræða á að skila sér sem rýni til gagns verðum við að taka hvort annað alvarlega og haga tungutaki okkar á þann veg að þeim sem er á annarri skoðun sé ljóst að hann er tekinn alvarlega í sínum veruleika.

Í greininni vitnar Magnús í samtal við ónafngreindan guðfræðing við HÍ. Ef rétt er haft eftir af hálfu Magnúsar er um alvarlegar aðdróttanir í garð guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands að ræða. Hann heldur því fram að þau sem starfa á vettvangi þjóðkirkjunnar séu ekki fær um að setja fram gagnrýni í garð þess hvernig aðrar kristnar kirkjudeildir starfa. Eins og alþjóð veit hafa flestöll sem starfa fyrir þjóðkirkjuna numið við HÍ. Vont væri ef satt reyndist að gagnrýn hugsun væri ekki kennd við HÍ og þarf Magnús að færa nánari rök fyrir því! Hitt er rétt að lítið fer fyrir umræðu um trúmál almennt, kannski af því að okkur hættir til að halda að umburðarlyndi felist í afskiptaleysi. Hér er úrbóta þörf og grein Magnúsar þörf áminning þar að lútandi.

# Um náttúrurétt

Lög og réttur

Sigurður Gízurarson
hæstaréttarlögmaður



Fullveldi Íslands hefur verið ofarlega á baugi í umræðunni um, hvort Ísland skal gerast aðili að Evrópusambandinu. Hér er ekki ætlunin að brjóta fullveldishugtakið til mergjar, heldur víkja að skyldri spurningu, þ.e. hvort til eru náttúrulegir meginstafir laga er æðri séu settum lögum.

Íslenzk lög hafa verið talin gilda um athafnir íslenzkra þegna svo langt sem fullveldi íslenzka ríkisins nær, og lög ríkja eru yfirleitt talin haldast í hendur við fullveldisrétt þeirra, en alþjóðalög voru talin gilda um athafnir ríkja en ekki einstaklinga.

Þessi heimsmynd laga og réttar hefur þó verið að riðlast, ekki sízt fyrir tilverknað kenninga um náttúrurétt. Þær ganga út á, að unnt sé að gera greinarmun á réttu og röngu án þess að sækja svarið í sett lög.

Í Nürnberg 1945 voru þýzkir stríðsglæpamenn dæmdir fyrir grimmdarverk framin á árunum 1939-45 með vísan til æðri ólögfesta náttúrulegra meginstafa. Ekki dugði hinum ákærðu að bera fyrir sig að þeir hefðu verið að framfylgja settum lögum þýzka ríkisins.

Réttarþróun gengur í þá átt, að alþjóðalög gildi ekki eingöngu um athafnir ríkja, heldur einnig um menn og athafnir þeirra eða m.ö.o. að þau tryggi mannréttindi. Harðstjórar sem gerzt hafa sekir um grimmdarverk geta ekki lengur skýlt sér á bak við „ónáttúruleg“, manngerð hugtök, eins og „ríki“ og „fullveldi“. Allsherjarlögsaga dómstóla, þ.e. lögsaga sem óháð er landamærum ríkja, hefur hlotið vissa viðurkenningu. Yfirmaður útrýmingarbúða Þriðja ríkisins, Adolf Eichmann, flúði í stríðslok til Argentínu og fór þar huldu höfði, en leynilögregla Ísraels hafði upp á honum og flutti hann til Ísraels, þar sem hann var dæmdur og síðan hengdur 1962. Augusto Pinochet, fyrrverandi einræðisherra Chile, var handtekinn í Bretlandi 1999 og réttur settur yfir honum. Á vegum Sameinuðu þjóðanna var 2002 settur á laggir Alþjóðlegur glæpadómstóll (ICC) með aðsetri í Haag er hefur lögsögu hvarvetna. Er það gífurleg réttarfarsleg framför og sigur réttlætis.

Misgjörðir pótentáta gegn eigin þegnum teljast ekki lengur innanríkismál eingöngu heldur getur dómstóllinn ákært þá – t.d. Milosevic, Karadzic, Mladic, Gaddafí og Assad – fyrir þjóðarmorð og glæpi gegn mannkyni og dæmt til refsingar.

Í Um lög og lögfræði (Rvík 2003/2007) segir Sigurður Líndal á bls. 65:

„Málum er miklu fremur þannig háttað, eins og Aristóteles benti á, að eðlisrétturinn er útfærður í settu réttarreglunum. Af þessu leiðir að sérhver grundvallarregla eðlisréttarins öðlast fulla viðurkenningu sem virk lagaregla með formlegri löghelgun þeirra stofnana þjóðfélagsins sem ákvarða gildi laga.“ Vissulega er það rétt, en það dugir ekki til, þegar glæpamenn hafa rænt ríkisvaldinu. Ummæli sín birtir Sigurður eins og um hans eigin hugsanir sé að ræða, en í reynd er hann að þýða norskan texta Davids R. Doublets og Jans Fridthjofs Bernts í Retten og vitenskapen (Bergen 1992/1993), sem hann hefur tekið traustataki. Norðmennirnir segja á bls. 139:

„Det er snarere slik, som allerede Aristoteles påpekte, at naturretten finnes nedfelt i enhver positiv rett. Dette utgangspunkt medfører at enhver naturrettslig grunnsetning får sin autoritative anerkjennelse gjennom de enkelte autoriseringssystemer som positiv rett.“

Allt sem Sigurður Líndal hefur um náttúrurétt að segja eru sex blaðsíður þýddar úr norsku fræðiriti, sem er fullt af missögnum. Gagnrýnislaust gleypir hann við hinum norsku rangfærslum. Ástæðan getur naumast verið önnur en að sjálfur hefur hann ekki þroskazt til sjálfstæðrar lögfræðilegrar hugsunar. Fræðimennska hans er sýndarmennska. Norðmennirnir lýsa ekki kenningu sinni um náttúrurétt sem réttarkenningu.

> Allsherjarlögsaga dómstóla, þ.e. lögsaga sem óháð er landamærum ríkja, hefur hlotið vissa viðurkenningu.

Þeir staðhæfa, að náttúruréttarleg skuldbinding sé eingöngu af siðrænum toga og henni verði því einungis haldið fram með siðrænum meðulum, þ.e. ekki með því að beita líkamlegu valdi. Í þýðingu sinni segir Sigurður því: „Reglum eðlisréttarins fylgir ekkert annað en aðhald siðferðisins.“ Náttúrurétti hefur vissulega áður verið lýst þannig, þótt það sé staðlausir stafir. Helzti andmælandi náttúruréttar, Hans Kelsen, fullyrti í General Theory of Law and State (Harvard 1945/2006) á bls. 411, að náttúruréttur sé skipan sem „ekki aðeins lætur vera að mæla fyrir um líkamlega nauðung, heldur raunverulega hlýtur að banna líkamlega nauðung meðal manna“. Öflugasti málsvari náttúruréttar nú á dögum, John Finnis, staðhæfir hins vegar í Natural Law and Natural Rights (Oxford 1980/2005) á bls. 29 að með þessu sé gefin afskræmd mynd af náttúrurétti, enda hafi hún ekki stoð í heimildarritum. Hann segir á bls. 260, að „í þessari veröld, eins og hún er, kann réttlæti að þarfnast þess að vera tryggt með líkamlegu valdi; misbrestur á því að freista þess að veita með líkamlegu valdi viðnám gegn eyðileggingu og rupli innrásarherja, ræningja og þeirra sem af þvermóðsku virða lög að vettugi er jafnan réttlætisbrestur. Ef ´virkni´ er stillt upp sem andstæðu (eins og hún þarf ekki að vera) ´réttlætis´, er líkamlegt vald ekki eingöngu spurning um virkni.“

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir


SUMAR ÚTSALA
LOKADAGAR
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
OXFORD SÓLSTÓLL
SPARIÐ 3.000
VERÐ ÁÐUR: 9.995
6.995
ÚTILEGUBORÐ
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 2.995
1.495
SKJÓLTJALD ÁÐUR: 9.995
4.995
50% AFSLÁTTUR
ALLIR BLÓMAPOTTAR OG GARÐSKRAUT
50% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
ÚTILEGUSTÓLL
VERÐ ÁÐUR: 3.995
1.995
50% AFSLÁTTUR
SALERNO GARÐSTÓLL
VERÐ ÁÐUR: 2.995
1.495
PORTLAND GARÐSTÓLL
SPARIÐ 5.000
VERÐ ÁÐUR: 10.995
5.995
50% AFSLÁTTUR
ÚTILEGUSTÓLL
VERÐ ÁÐUR: 1.995
995
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
ALLAR SESSUR
50% AFSLÁTTUR
www.rumfatalagerinn.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

SUMAR AFGREIÐSLUTÍMI OPNUM Í DAG KL.11:00

GEVALIA RAUÐUR 500g
579
KR. 1/2 KG

198
TRÓPÍ 1 LTR.

98
KR. 70 GRÖMM

159
KR. 3 STK
BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI 250 ML 100% SAFI: 3 FERNUR

698
KR. 1/2 KG.
HEIMA **MÖNDLUR**

798
KR. 1 KG.
N.F. **GRÆNMETISBUFF 1.KG**
*200 KR. VERÐLÆKKUN*

359
KR. 6 PK.
**POP SECRET**
ÖRBYLGJUPOPP 6 POKAR

498
KR. 20 STK
**PUKKA** LÍFRÆNT TE; 20 TEPOKAR

159
KR. 1/2 KG
BÓNUS **SPELTRÚGBRAUÐ**
7 SNEIÐAR: 280 GRÖMM

498
KR. 600G.
**FERSKAR DÖÐLUR**
600 GRAMMA PAKKI

Dole
Frábær næring fyrir sanngjarnt verð
257
KR. KG

198
KR. 1/2 KG
BÓNUS **KJARNABRAUÐ**
500 GRÖMM

HIMNESKT

459
KR. 1 KG
HIMNESKT LÍFRÆNT **SPELTHVEITI 1.KG**
FÍNT/GRÓFT

798
KR. 1/2 LTR.
HIMNESK **EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA** LÍFRÆN

259
KR. 1/2 LTR.
HIMNESKUR LÍFRÆN 1/2 LTR.
**ENGIFERDRYKKUR**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI
GRÍSA Veisla
FERSKT GRÍSAHAKK
798 KR. KG
GRÍSA Veisla
FERSKT GRÍSASNITSEL
1198 KR. KG
GRÍSA Veisla
FERSKT GRÍSAGÚLLAS
1198 KR. KG
GRÍSA Veisla
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
895 KR. KG
FERSKT BLANDAÐ HAKK
NAUT OG GRÍS 100% KJÖT
998 KR. KG
575 KR. PK
SS VÍNARPYLSUR 10 STK
198 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIN LAMBASVIÐ
Barilla
SPAGHETTI n.5
1Kg
249 KR. 1 KG
BARILLA SPAGHETTI 1 KG 249 KR. PAKKINN.
995 KR. KG
BÓNUS GRILL
GRÍSAKÓTILETTUR
Ali
598 KR. KG
ALI FERSKUR
GRÍSABÓGUR
298 KR. STK
FERSKT NÝTT KJÖTFARS
620 GRÖMM
FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR
695 KR. KG
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
1995 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Valkostir fyrr og síðar

Alþjóðasamstarf
Einar Benediktsson
fyrrverandi sendiherra



Robert Gates, fráfarandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, kvaddi Atlantshafsbandalagið þann 10. júní 2011, og komst m.a. svo að orði: „… Hinn nakti sannleikur málsins er að þverrandi áhugi og þolinmæði er fyrirsjáanlegur í Bandaríkjaþingi – og meðal stjórnmálasinnaðra Bandaríkjamanna yfirleitt – að eyða fjármagni sem sífellt verður dýrmætara í þágu þjóða sem virðast andvígar því að að ráðstafa nægum fjármunum eða að gera nauðsynlegar breytingar til að geta talist hæfir samstarfsaðilar í eigin vörnum …“ Varaframkvæmdastjóri bandalagsins, Claudio Bisogniero, sem heimsótti Ísland í júlíbyrjun, vék að þessum ummælum Gates. Hann sagði þau ekki boða endalok NATO en ætluð til að vekja fólk upp. Minna má á að tilgangur NATO var að verja skilgreint svæði aðildarríkjanna gegn árás en vissulega ekki stríðsrekstur í Asíu, sem varla verður sagt að Evrópuþjóðir hafi sinnt af miklum áhuga.

Hernaðaraðgerðir Bandaríkjanna gagnvart hryðjuverkaöflunum gera ráð fyrir verulegri heimkvaðningu herliðs. Í stað þátttöku í hernaði sjái ameríski herinn innan tíðar um þjálfun heimamanna. Í algjörum forgangi vestra eru efnahagslegar aðgerðir til að auka hagvöxt og minnka atvinnuleysið; sögulegt met í verðfalli fasteigna og geypimikil skuldsetning ríkisins er fjötur um fót. Varla verða ríkisútgjöld til hernaðarreksturs lengi varin með skírskotun til þjóðarhagsmuna, þegar fyrsta fall lánshæfismats Bandaríkjanna kemur í kjölfar þess að greiðsluþroti ríkisins var naumlega forðað. Í ofanálag hefur komið stórlækkun á hlutabréfamörkuðum með Wall Street í broddi fylkingar.

Í öllu róti dagsins er mörg umræða í biðstöðu. Má þar nefna varnarmál okkar en hvað þau varðar er rétt að líta fyrst um öxl. Það var vissulega rétt hjá Þorsteini Pálssyni að með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu árið 1949 tóku Íslendingar þá ákvörðun að deila stefnumörkun í öryggis- og varnarmálum með evrópskum grannríkjum. Markmið vestræns samstarfs voru víðtækari en landvarnir. Marshall-aðstoðinni var stýrt af systurstofnun NATO, Efnahagssamvinnustofnun Evrópu OEEC (síðar OECD) en þær tvær stofnanir voru þá í sama borgarhverfi í París. OEEC stefndi að fríverslun með afnámi hafta en úr þeim farvegi kemur Rómarsamningurinn um enn nánari efnahagslega samvinnu, misheppnuð tilraun OEEC 1957-´59 að efna til evrópsks fríverslunarsvæðis og loks EFTA 1960. Ísland tók þátt í OEEC-viðræðunum um fríverslun í Evrópu og verður um síðir aðili að EFTA og EES og þar með fullgildur þátttakandi einnig í viðskiptasamstarfi Evrópuríkja.

> Með þátttöku í NATO, tvíhliða samstarfi við Bandaríkin og veru varnarliðs til 2006, tryggði Ísland einnig veigamikla sameiginlega varnarhagsmuni grann- og vinaríkja í Evrópu.

Með þátttöku í NATO, tvíhliða samstarfi við Bandaríkin og veru varnarliðs til 2006, tryggði Ísland einnig veigamikla sameiginlega varnarhagsmuni grann- og vinaríkja í Evrópu. Nú taka þau virkan þátt í loftrýmisgæslu hér. Staða Íslands í vörnum Evrópu breyttist ekki við lok kalda stríðsins. Hin mikla breyting verður við árás al Qaeda á Tvíburaturnana, þann vendipunkt í stefnu Bandaríkjanna að megináhersla þeirra verður stríð gegn hryðjuverkaöflum. Norður-Atlantshafssvæðið hverfur út úr fyrri forgangsröðun um öryggi, einkum með brottförinni frá Keflavík. Að vísu fær norðurskautið nýtt vægi vegna loftslagsbreytinga, bráðnunar íshellu norðurpólsins og auðveldari nýtingu olíu og gass á hafsbotninum. Þau mál eru til umræðu í Norðurskautsráðinu en aðilar þess eru Bandaríkin, Kanada, Danmörk-Grænland, Ísland, Noregur, Rússland, Svíþjóð og Finnland. Vegna sameiginlegra hagsmuna er allt vígbúnaðarkapphlaup á þessu svæði meiningarlaust. Allt mælir með frekari samvinnu um öryggismál NATO-ríkjanna í Norðurskautsráðinu við Rússland, Svíþjóð og Finnland.

Við breyttar aðstæður bíða okkar væntanlega nýir möguleikar. Innan Norðurskautsráðsins mætti eiga Bandaríkin að samstarfsaðila í þróun Keflavíkurstöðvarinnar sem miðstöð umhverfiseftirlits og til leita- og björgunaraðgerða. Reynsla Landhelgisgæslunnar, Almannavarna og íslenskra björgunarsveita kæmi þar að góðu gagni. Ísland og Bandaríkin, gamlar vina- og bandalagsþjóðir, geta fundið nýjar leiðir til samstarfs eftir að veru varnarliðs hér er lokið fyrir fullt og allt. Eftir stendur varnarsamningurinn frá 1951 og samráð honum tengt. NATO byggir á V. grein Atlantshafssáttmálans um að árás á einn sé árás á alla. Þótt óánægja sé í Bandaríkjunum með slaka þátttöku Evrópuríkja í sameiginlegum vörnum, hefur hvergi komið fram að breyting verði á sjálfum kjarna skuldbindinganna. Hitt er annað mál og liggur í hlutarins eðli, að Evrópuþjóðir sinni sjálfar sínum vörnum í vaxandi mæli. Það verður væntanlega á vegum Evrópusambandsins og sjálfsögð frekari trygging fyrir sjálfstæði Íslands er að vera innan landamæra þess sem aðildarríki.

# Þegar Tinni var brenndur á báli

Vísindi
Sævar Helgi Bragason
áhugamaður um vísindi



Í bókinni Fangarnir í sólhofinu standa þeir Tinni, Kolbeinn kafteinn og prófessor Vandráður frammi fyrir því að verða brenndir á báli. Leiðtogi inkanna, sonur sólarinnar, leyfir þeim þó að velja daginn örlagaríka og taka þeir sér örlítinn umhugsunarfrest. Í fangelsinu finnur Tinni dagblað og segir syni sólarinnar svo að þeir hafi ákveðið að förnin fari fram á afmælisdegi Kolbeins. Tinni lætur ekkert uppi um fyrirætlanir sínar og biður Kolbein að treysta sér.

Svo rennur dagurinn upp. Tinni, Kolbeinn og Vandráður eru allir bundnir við bálköst þegar Tinni hefur skyndilega upp raust sína. Hann talar við sólguðinn og segir honum að hafna förninni með því að hylja andlit sitt. Það verður sólmyrkvi. Tinni segir syni sólarinnar að hann láti sólina birtast á ný láti hann sig og vini sína lausa. Leiðtogi inkanna lofar því og sólin birtist á ný.

Tinni hafði lesið í blaðinu að sólmyrkvi yrði á þessum degi á þessari stundu. Ef blaðið sem Tinni las hefði verið íslenskt hefðu ævintýri Tinna líklega ekki orðið fleiri. Þeir Tinni, Kolbeinn og Vandráður hefðu brunnið á bálinu.

Fyrir skömmu huldi tunglið sólina að hluta frá Íslandi séð. Fæstir vissu af því. Fjölmiðlar virtust margir hverjir ekki hafa nokkurn áhuga á að segja nokkrum frá því. Sama dag og það gerðist voru tvær heilsíður í Fréttablaðinu lagðar undir slúðurfréttir. Það er jú miklu mikilvægara fyrir okkur að vita að Danni Minogue (eða var það Kylie?) var að skilja við manninn sinn. Svo er auðvitað hverjum manni nauðsynlegt að fylgjast með Pippu hvert fótmál eins og verstu eltihrellar.

Mér hefur lengi blöskrað umfjöllun íslenskra fjölmiðla um vísindi. Reyndar er varla hægt að segja að þeir fjalli um vísindi. Fréttir af vísindum og vandaðar umfjallanir um vísindaleg málefni birtast sárasjaldan í prentmiðlum og ljósvakamiðlum en þá sjaldan að það gerist er því miður augljóst að vönduð vinnubrögð eru ekki alltaf í hávegum höfð. Auðvitað er samt ekki allt alslæmt.

En sem betur fer er ljóstýra í myrkrinu. Á Rás 1 yfir vetrartímann er frábær vikulegur þáttur um vísindi og tækni í umsjá Péturs Halldórssonar, Tilraunaglasið. Í Útvarpi Sögu er Vísindaþátturinn á þriðjudögum. Í RÚV eru erlendir náttúru- og vísindaþættir næsta vikulega. En þá er það eiginlega upptalið. Annað slagið heyrist að vísu vísindaumfjöllun annars staðar og því ber auðvitað að fagna.

Við búum í samfélagi vísinda og tækni. Við búum líka í samfélagi þar sem það er álitið allt í lagi að vita lítið sem ekkert um vísindi, þar sem fáfræðin er dyggð. Í þessu samfélagi virka fjölmiðlar líka einstaklega áhugalausir um vísindi og tækni þrátt fyrir að vísindin hafi að miklu leyti veitt okkur þau ótrúlegu lífsgæði sem við njótum daglega.

Á Íslandi er skortur á vísinda- og tæknimenntuðu fólki. Íslensk hátæknifyrirtæki þurfa að leita út fyrir landsteinana til að ráða til sín vísindamenntað fólk. Við ætlum okkur svo að bæta úr því með því að skerða kennslu í náttúrufræðigreinum í grunnskólum eins og fram kemur í nýrri aðalnámskrá!

> Til þess að efla vísindi og tækni á Íslandi þurfa margir að taka höndum saman: Vísindasamfélagið, skólayfirvöld og ekki síst fjölmiðlar. Sennilega er fyrirhöfnin minnst hjá þeim síðastnefndu.

Fyrir skömmu skrifaði Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, leiðara undir fyrirsögninni „Nördarnir eru framtíðin“. Það er sannarlega hárrétt hjá ritstjóranum enda leiða vísindi og tækni hagvöxt og framfarir. Í leiðaranum segir Ólafur: „Úr þessu verður ekki bætt nema gera átak í vísinda- og tæknimenntun og vekja áhuga ungs fólks á henni.“

Að vekja áhuga er einmitt lykilatriði. Ein af ástæðum þess að ungt fólk fær ekki áhuga á vísindum er svo til algjör skortur á góðri umfjöllun um vísindi í fjölmiðlum almennt.

Til þess að efla vísindi og tækni á Íslandi þurfa margir að taka höndum saman: Vísindasamfélagið, skólayfirvöld og ekki síst fjölmiðlar. Sennilega er fyrirhöfnin minnst hjá þeim síðastnefndu. Því skora ég á ritstjóra Fréttablaðsins og ritstjóra annarra fjölmiðla að efla umfjöllun sína um vísindi. Ein frétt í viku væri skref í rétta átt. Ekki skortir plássið. Það mun skila okkur ómældum ávinningi til lengri tíma litið.

BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

## Kvöldskóli BHS haustönn 2011

Innritun í málmiðnadeild kvöldskóla BHS verður eftirfarandi daga:

**föstudag 12. ágúst kl. 17 - 19**
**laugardag 13. ágúst kl. 11 - 14**

Eftirtaldir áfangar verða í boði fyrir málmiðngreinar. Tilvalið fyrir þá sem eru að fara í sveinspróf í málmiðngreinum. Einnig eru kenndar allar suðugreinar, s.s. MIG/MAG, TIG, logsuða og rafsuða, handa- og plötuvinna, aflvélavirkjun og rennismíði, grunnteikning og rafmagnsfræði.

| Verklegir áfangar | | Bóklegir áfangar | |
|---|---|---|---|
| AVV-102 / 202 | Verkleg vélvirkjun | EÐL - 102 | Eðlisfræði |
| HSU-102/212 | Verkleg suða | EFM - 201 | Efnisfræði málma |
| HSU 232 | Verkleg þunnplötusuða, ál / stál / ryðfrítt | GRT - 103 /203 | Grunnteikning |
| LSU-102/202 | Verkleg suða | GÆV - 101 | Gæðavitund |
| RSU-102/202 | Verkleg suða | RAF - 103 | Bókleg rafmagnsfræði |
| HVM-203 | Verkleg handavinna | REN - allir áfangar | Bókleg rennismíði |
| PLV-202 | Verkleg plötuvinna | VFR - 102 | Fagbókleg vélfræði |
| REN-103/203 | Rennismíði fyrir byrjendur | | |
| REN-344/443 | Rennismíði, framhald | | |

Kennsla hefst mánudag 23. ágúst kl. 18:10. Kennslu lýkur þriðjudag 30. nóvember.

Ath.: Áfangar geta fallið niður, náist ekki nægur fjöldi í hópa.
Sjá einnig á vef skólans: www.bhs.is
Skólameistari

# Um olíu og bændur

Landbúnaður
Sigríður E. Sveinsdóttir
eftirlaunaþegi



Nú heyrist frá ýmsum mönnum, sem vilja láta taka mark á sér, að bændur vaði í villu og svíma þegar þeir tala um að íslenzkur landbúnaður veiti þjóðinni fæðuöryggi. Ekki nóg með það heldur er fólki talin trú um að þeir séu afætur á þjóðinni. Og stóra trompið núna er sú speki að hætti olía að berast til landsins sé úti um íslenzkan landbúnað og látið að því liggja að farið hafi fé betra.

Já annars, vel að merkja, ef olía hættir að berast hingað til landsins, ætli ýmsir fleiri fái þá ekki að kenna á því? Hvað með íslenzkan sjávarútveg og hvað með alla bíleigendur og samgöngur? Þá þyrftu nú menn að byrja að reikna upp á nýtt.

Við lifum á öld olíunnar, sem hefur gert kraftaverk, og gert líf núverandi kynslóðar að ævintýri.

En ætli megi ekki segja að vegferð mannkynsins hafi verið mörkuð ýmist meðbyr eða mótbyr.

Og nú virðist vera komin blika við sjónarrönd, þ.e.a.s. þverrandi olíulindir.

En það er fánýtt að halda því fram að sá skortur hitti einungis bændur fyrir.

# Gæða útimálning í BYKO!

Vnr. 86790040-2337
**Þakmálning**
Þol þakmálning, 4 l,
margir litir.

**6.980**

4 l




Frábært á þakið!




4 l
Vnr. 86800140-3040
**Þakmálning**
Þol akrýlmálning, 4 l,
margir litir.
**8.490**

# 0%
## VAXTALAUS LÁN
**Nú býður BYKO vaxtalaust lán í allt að 12 mánuði**
3% lántökugjald og 295 kr. greiðslugjald á hverja borgun.
Sjá nánar á www.BYKO.is

# Gerðu pallinn kláran í haust!




4 l
Vnr. 86332040-9040
**Viðarvörn** **5.640**
KJÖRVARI viðarvörn, margir litir, 4 l.




4 l
Vnr. 86360040-1337
**Pallaolía** **8.149**
KJÖRVARI þekjandi viðarvörn, margir litir, 4 l.

10 l




Vnr. 85551083-183
**Málning** **7.990**
BYKO inni- og útimálning, hvít 10 l, gljástig 6.

10 l




Vnr. 89600183-283
**Sadolin** **10.490**
SADOLIN múrmálning, allir litir, 10 l. Góð alhliða akrýl/olíumálning til notkunar utanhúss.

10 l




Vnr. 86647583-8083
**Steintex** **11.900**
KÓPAL STEINTEX, hvítt, hrímhvítt, marmarahvítt aða antikhvítt, 10 l.




5 l
Vnr. 86363040-550
**Pallaolía** **6.890**
Kjörvari pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 5 l.




5 l
Vnr. 89410450-2650
**Pallaolía**
PINOTEX CLASSIC gegnsæ viðarvörn, glær, svört, tekk eða fura, 6 l. Aðrir litir 5 l.
**6.390**




5 l
Vnr. 89470150-950
**Viðarvörn**
PINOTEX Classic þekjandi viðarvörn, margir litir, 5 l.
**10.490**




5 l
Vnr. 89436375-94
**Pallaolía**
PINOTEX pallaolía, glær, græn, brún eða pine, 5 l.
**6.390**

Hentar fyrir harðviðar-húsgögn




1 l
Vnr. 89440010-2910
**Harðviðarolía**
PINOTEX harðviðaolía, tekk, mahóní, svört eða glær, 1 l.
**3.190**

BYKO

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. EXPO · www.expo.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**PERVEZ MUSHARRAF** er 68 ára í dag

*„Íslam kennir umburðarlyndi hatur, bræðralag ekki óvináttu, frið ekki ofbeldi.“*

## Merkisatburðir

117 Hadríanus verður keisari Rómar.

1580 Katla gýs.

1794 Sveinn Pálsson og maður með honum ganga á Öræfajökul. Var þetta önnur ferð manna á tindinn. Talið er að Sveinn hafi fyrstur manna gert sér grein fyrir eðli og hreyfingum skriðjökla í þessari ferð.

1951 Minnisvarði um Pétur J. Thorsteinsson og konu hans Ásthildi er afhjúpaður á Bíldudal, en Pétur rak þar verslun og þilskipaútgerð og gerði síðar út frá Reykjavík.

1960 Tsjad hlýtur sjálfstæði frá Frakklandi.

1979 Flak af Northrop-flugvél sem nauðlenti á Þjórsá og sökk þar 1943 er dregið upp og gefið safni í Noregi.

2006 Síðustu þrjár F15-þoturnar yfirgefa Keflavíkurstöðina og þar með var Ísland herþotulaust í fyrsta skiptið síðan 1953.

**ÞETTA GERÐIST** 11. ÁGÚST ÁRIÐ 1938

## *Skátahöfðingi heimsækir Ísland*



Baden-Powell, hinn eini sanni upphafsmaður skátastarfs í heiminum, kom til Reykjavíkur þennan dag árið 1938. Hann kom siglandi á bresku skátaskipi sem hét Orduna ásamt eiginkonu sinni og dóttur og auk þess 464 skátaforingjum frá Englandi.

Reykvískir skátar tóku virðulega á móti skátahöfðingjanum og fylgdarliði hans og að móttöku lokinni stigu gestirnir upp í bifreiðar sem fluttu þá að náttúruperlunum Gullfossi og Geysi.

Baden-Powell hafði hrifist af uppeldismálum og vildi leysa börn og unglinga úr viðjum stórborganna og kynna þeim náttúruna. Hann vildi einnig efla sjálfstraust og ábyrgðartilfinningu þeirra. Þar taldi hann að það frelsi og sjálfsábyrgð sem felst í skátastarfi skilaði meiri árangri en strangur skólaagi.

Hann taldi enn fremur að flestir væru bara áhorfendur í lífinu en ekki virkir þjóðfélagsþegnar. Það þótti honum varhugavert.

**BERJADAGAR Í ÓLAFSFIRÐI:** ALDARAFMÆLI SIGURSVEINS KRISTINSSONAR FAGNAÐ

# Listamaður fram í fingurgóma

Tónlistarhátíðin Berjadagar verður haldin í þrettánda skipti í Ólafsfirði um helgina en að þessu sinni verður hluti hennar sérstaklega tileinkaður Sigursveini D. Kristinssyni, stofnanda Tónskóla Sigursveins, sem hefði orðið hundrað ára fyrr á þessu ári. Hann ólst upp og bjó í Ólafsfirði fram á fullorðinsár.

„Upphafstónleikarnir í Ólafsfjarðarkirkju á föstudagskvöldið verða helgaðir minningu Sigursveins. Við ætlum að flytja eftir hann sönglög, sem verða gefin út á geisladiski innan tíðar, auk þess sem við höfum tekið saman frásagnir af honum, uppvexti hans og æsku og þeim áhrifum sem fötlunin hafði á hann,“ segir Sigursveinn Magnússon, systursonur Sigursveins og núverandi skólastjóri Tónskóla Sigursveins. Sigursveinn Kristinsson veiktist af lömunarveiki ungur að árum. Hann fékk aftur mátt í fingur, hendur og arma en ekki í fætturna. Hann fékk fljótlega í hendurnar fiðlu, liti og bækur og varð ansi fær í höndunum. „Hann lýsir því sjálfur hvernig hann lá í rúminu spilaði eina rödd á fiðluna og söng aðra og hafði fjarskalega gaman af,“ segir Sigursveinn og heldur áfram: „Hann ætlaði til náms í Tónlistarskólann í Reykjavík árið 1931 en var talinn af því og frestaði því um fimmtán ár. Hann notaði tímann engu að síður vel og hellti sér út í félagsmál og afskipti af stjórnmálum. Þá málaði hann olíumálverk, skar út hillur og myndaramma, málaði á gler, skrautritaði og batt inn bækur. Hann vann í raun hörðum höndum og listmunirnir urðu vinsælir. Hann seldi vel og fyrir afraksturinn hannaði hann og byggði hús sem hann nefndi Garðshorn sem við teljum að sé fyrsta húsið á Íslandi sem var byggt með þarfir fatlaðra í huga.

Árið 1951 flutti Sigursveinn til Reykjavíkur og stofnaði fljótlega eftir það bæði Lúðrasveit verkalýðsins og Söngfélag verkalýðssamtakanna í Reykjavík. Síðan hélt hann til Berlínar til náms og þaðan á Siglufjörð þar sem hann gerðist skólastjóri Tónskóla Siglufjarðar. Eftir það lá leiðin til Reykjavíkur þar sem hann stofnaði Tónskóla Sigursveins. „Sigursveinn skipaði sér ávallt í sveit með þeim sem áttu undir högg að sækja. Hann lét sér jafnréttismál fatlaðra varða og átti stóran þátt í því að Sjálfsbjörg var stofnuð. Með stofnun Tónskólans vildi hann leggja sitt af mörkum til að auka alþýðumenningu. Hann taldi lífsgæði ekki einungis fólgin í peningum heldur að geta iðkað eitthvað sem hefði gildi og innihald,“ segir Sigursveinn.

Fleiri dagskrárliðir á Berjadögum eru krílasamkoma á Hornbrekku, dvalarheimili aldraðra, heimsóknir á vinnustofur myndlistarmanna, tónleikar kammerkórsins Hymnodiu Í Ólafsfjarðarkirkju og leiksýningin Tenórinn eftir Guðmund Ólafsson í Tjarnarborg. Sjá nánar á berjadagar.fjallabyggd.is. **vera@frettabladid.is**



**MINNST MEÐ ÝMSUM HÆTTI** Sigursveinn Magnússon við Ólafsfjarðarkirkju með hillu, sem er skorin út af Sigursveini D. Kristinssyni árið 1933. MYND/ÚR EINKASAFNI

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Hulda Tómasdóttir**
Smáragrund 21, Sauðárkróki,

lést þriðjudaginn 2. ágúst. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 13. ágúst kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnunina Sauðárkróki.

**Kári Valgarðsson**
**Ragnar Þór Kárason** **Freyja Jónsdóttir**
**Linda Dröfn Káradóttir** **Ragnar Grönvold**
**Kári Arnar Kárason** **Kristín Inga Þrastardóttir**
**og barnabörn.**

---



†

**Magnús Róbert Ríkarðsson Owen**
flugstjóri.

Minningarathöfn um Magnús sem lést á heimili sínu í Fort Lauderdale, USA, sunnudaginn 31. júlí, æskuheimili: Krosseyrarvegur 7, Hafnarfirði, fer fram í Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 12. ágúst kl. 19.00.
Útför hans fer fram á sama tíma í Bandaríkjunum.
Þeim sem vilja heiðra minningu Magnúsar er bent á bankareikning nr. 0327-13-000049 kt. 060975-3379, sem notaður verður til að styðja eiginkonu hans og börn í Bandaríkjunum.

**Dorothy Butler Owen**
**Róbert Leó Magnússon Owen**
**John Magnússon Owen**
**Jacob Magnússon Owen**
**Magnus Liam Magnússon Owen**
**Ríkarður Owen** **Alda S. Björnsdóttir**
**Magni Ríkarðsson Owen**
**Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir Owen**
**Sylvía Rós Ríkarðsdóttir Owen**
**Hildur Margrét Ríkarðsdóttir Owen**
**Hulda Cathinca Guðmundsdóttir** **Stefán Heimir Finnbogason**
**Jón Sigurður Magnússon**
**Marteinn Helgi Þorvaldsson**
**Elín Guðlaug Stefánsdóttir**
**Hanna Guðrún Stefánsdóttir**
**Stefán Huldar Stefánsson**
**og fjölskyldur þeirra.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Unnur Stefánsdóttir**
leikskólakennari,
Kársnesbraut 99, Kópavogi,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 8. ágúst. Útför fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 19. ágúst kl 13.00.

**Hákon Sigurgrímsson**
**Finnur Hákonarson** **Rósa Birgitta Ísfeld**
**Grímur Hákonarson** **Halla Björk Kristjánsdóttir**
**Harpa Dís Hákonardóttir**
**Ísadóra Ísfeld Finnsdóttir**

---



†

*Elskuleg dóttir mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Loftsdóttir**
Hjaltabakka 14, Reykjavík,

lést sunnudaginn 7. ágúst á Landspítalanum í Fossvogi. Útför fer fram í Grafarvogskirkju þriðjudaginn 23. ágúst kl. 13.00.

**Ólöf Hjálmarsdóttir**
**Ólöf Leifsdóttir** **Atli Bragason**
**Loftur Ólafur Leifsson** **Júlíana Hauksdóttir**
**Ingibjörg Leifsdóttir** **Halldór Jón Theodórsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



**Kvikmyndin Dirty Dancing** hafði mikil áhrif á tískuheiminn þegar hún kom út árið 1987. Nú verður myndin endurgerð og Kenny Ortega mun leikstýra. Hvort nýja myndin nái jafn miklum vinsældum og hafi jafn víðtæk áhrif skal ósagt látið.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is

NÝKOMNAR AFTUR - "ÓSÝNILEGU"



teg 50590 - mjúkar, frábærar, sjást ekki undir fötum, fást í S,M,L,XL,2X á kr. 2.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Ugla Hauksdóttir er nýútskrifuð af virtri sjónlistabraut og er lærlingur hjá ljósmyndara fræga fólksins.

# Draumkennd ljósmyndun

Ugla Hauksdóttir útskrifaðist í vor af sjónlistabraut hins virta listaháskóla The Cooper Union í New York. Lagði hún áherslu á ljós- og kvikmyndun. Námsbrautin þykir eftirsóknarverð en af nokkur þúsund umsækjendum fá 65 manns inngöngu og fullan námsstyrk ár hvert.

FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eirberg



Hlaupasokkar

- Minnka verki og þyngsl í kálfum
- Minni hætta á blóðrumyndun
- Draga úr bjúgsöfnun

BAUERFEIND®

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

VERÐHRUN

60 - 80%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

FRÁBÆRT ÚRVAL AF FATNAÐI OG SKÓM. STÆRÐIR 36-52

hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

SUMARTILBOÐ

OG NÝJAR VÖRUR



70% afsláttur af pífu pilsum á rúm

Er til rykkt og slétt, í mörgum litum og stærðum.

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

BOAS SVEFNSÓFI
Tilboð 127.425,-

Stóri stuðningspúðinn kominn aftur
19.900

Svefn & heilsa
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**Heidi Klum** mun ekki stjórna þáttunum Project Runway All Stars sem sýndir verða á sjónvarpsstöðinni Lifetime síðar á árinu. Í hennar stað verður fyrirsætan Angela Lindvall. Í stað dómaranna Michaels Kors og Ninu Garcia verða þau Isaac Mizrahi og Georgina Chapman frá Marchesa.














Í línu Halldóru Eydísar eru sex mismunandi gerðir af skóm, flatbotna og með háum hæl ásamt stígvélum.

Halldóra Eydís segir að þátttaka í sýningunni sé mikill stökkpallur.

Lína Halldóru Eydísar er innblásin af náttúru Íslands og íslensku þema.

Skórnir eru unnir úr hágæða íslensku leðri, roði og náttúruefnum.

# Boðið að sýna í Boston

**Halldóra Eydís Jónsdóttir skóhönnuður var beðin um að sýna fyrstu línu sína á tískuvikunni í Boston. Hún var valin úr hópi alþjóðlegra hönnuða til að taka þátt í sýningu upprennandi hönnuða.**

Halldóra Eydís Jónsdóttir skóhönnuður sýnir fyrstu línu sína á tískuvikunni í Boston í september. Leitað var til hennar og henni boðið að sækja um þátttöku í sýningunni The Emerging Trends þar sem upprennandi hönnuðir sýna línur sínar. Halldóra Eydís var valin úr hópi alþjóðlegra hönnuða sem sóttu um. Sýningin hefur reynst stökkpallur fyrir marga hönnuði sem hafa í framhaldinu meðal annars tekið þátt í sjónvarpsþættinum Project Runway og sýnt í tímaritinu Glamour.

Halldóru Eydísi finnst mikill heiður að hafa verið valin til þátttöku. „Ég hef verið í sambandi við skóhönnuð sem heitir Zack Lo sem sýndi fyrstu skólínuna sína þarna. Honum hefur gengið mjög vel,“ segir hún með áherslu. „Hann sagði mér að þessi sýning hefði verið stökkpallur fyrir hann. Hann fékk fljótlega boð um að taka þátt í fleiri sýningum í New York og segir að þetta sé frábært tækifæri,“ segir Halldóra Eydís og bætir við að Zack Lo hafi mælt hiklaust með því að hún tæki þátt.

Fimmtán hönnuðir sýna alklæðnað á sýningunni og flestir þeirra hafa áður sent frá sér línur. Halldóra Eydís frumsýnir fyrstu línu sína. Hún mun sýna fimm gerðir af alklæðnaði. „Allt sem ég geri er innblásið af náttúru Íslands og íslensku þema. Kjólarnir verða í hátískustíl en þeir verða ekki til sölu nema sérpantaðir. Skórnir eru allir unnir úr hágæða íslensku leðri, roði og hráum náttúruefnum, eins og hraunkristöllum og hrosshárum,“ segir Halldóra Eydís sem einnig verður með bás á sýningunni.



Halldóra Eydís Jónsdóttir segir að heiður sé að taka þátt í sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Halldóra Eydís, sem útskrifaðist frá London College of Fashion á síðasta ári, einbeitir sér að skóhönnun. Í línunni verða sex mismunandi gerðir af skóm, flatbotna og með háum hælum ásamt stígvélum. Hún stefnir á að taka þátt í sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsinu í byrjun nóvember. „Ég hlakka mikið til að sýna þar. Það er sýning sem ég hef alltaf sjálf farið á og fundist frábær.“

*martaf@frettabladid.is*

Framhald af forsíðu

Ugla hefur áhuga á öllum hliðum ljósmyndunar. Skólinn leggur hins vegar ríka áherslu á list almennt. „Ég hlaut enga kennslu í að taka tískuljósmyndir og portrett en finnst það mjög spennandi,“ segir Ugla sem hefur æft sig í að taka slíkar myndir sjálf. Um þessar mundir vinnur hún að ferilmöppu og getur þess: „Ég hef aðallega unnið ferilmöppuna mína með sjálfstæðum verkefnum og fengið með mér ungt og óreynt fólk.“ Þessa möppu mun hún nota til að koma sér á framfæri í borg tækifæranna, New York. Hjólin eru þó strax farin að snúast því nýlega seldi hún fjórar bókarkápur í Bandaríkjunum og er komin með tvo umboðsmenn á þeim markaði.

Lillian Bassmann hefur haft mikil áhrif á Uglu síðustu tvö ár. „Hún var þekktur tískuljósmyndari á árunum 1940 til 1960 og vinnur mikið með kvenlega fegurð.“ Hún hefur einnig sótt innblástur til ljósmyndaranna Sally Mann og Juliu Margaret Cameron. Hún segir það heilla sig þegar ljósmyndarar skapa annan veruleika innan ljósmynda sinna og lýsir ljósmyndum sínum sem draum-



kenndum og rómantískum. „Ég hef gaman af gamaldags myndum og hef beitt gömlum aðferðum við að festa á filmu.”

Ugla hefur verið lærlingur hjá ljósmyndaranum Kirk Edwards undanfarin tvö ár. „Hann er tískuljósmyndari og tekur myndir af tónlistarmönnum á borð við Rihönnu og The Black Eyed Peas. Við tökur á tónlistarmyndbandi Rihönnu sat ég alla nóttina út í bíl að vinna myndir af henni,“ segir Ugla sem heldur aftur út á vit ævintýranna í lok mánaðarins.

Vert er að benda á vefsíðu hennar www.uglahauks.com.

*hallfridur@frettabladid.is*

## Milljón dollara ilmvatn

GIMSTEINUM PRÝDD ILMVATNSFLASKA AÐ VERÐMÆTI MILLJÓN DOLLARA VERÐUR SELD OG ANDVIRÐI HENNAR GEFIÐ TIL GÓÐGERÐAMÁLA.

Tískufyrirtækið DKNY hefur í samstarfi við skartgripasmið stjarnanna, Martin Katz, látið framleiða dýrasta ilmvatnsglas heims. Glasið er úr 14 karata gulli með um þrjú þúsund gimsteinum sem fengnir eru hvaðanæva að úr heiminum. Gimsteinarnir mynda útlínur Manhattan. Ilmvatnsflaskan verður sýnd víða um heim áður en hún verður boðin upp. Ágóðinn mun renna til góðgerðamála.





Kímonóar fást í Spúútnik í Kringlunni og Nostalgiu á Laugavegi.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ungar stúlkur klæðast skreyttum kímonóum í skærum litum.

Söngkonan Faith Hill keypti sér nýlega silkikimono úr línu Nicole Richie, Winter Kate. Hill á að hafa pungað út um 500 dollurum fyrir flíkina í versluninni Sofia Boutique í Chicago.



www.news.style.com

# Vitni um virðingu og stétt

**Japanskir kímonóar hafa notið mikilla vinsælda undanfarið í tískuheiminum. Allar helstu tískudrósirnar klæðast nú kímonóum og margir fatahönnuðir hafa sótt innblástur sinn til þessa sögulega klæðnaðar.**

Fátt minnir meira á japanska menningu en fáguð kona klædd silkikímonó. Hér skal farið yfir merkingu og sögu kímonósins sem er ein heitasta tískuvaran í dag.

Undanfarin tólf hundruð ár hafa Japanar klæðst þessum þjóðbúningi sínum en það hefur verið á undanhaldi á þessari öld. „Í nútímasamfélagi Japans eru enn til eldri konur sem hafa ekki klæðst öðru en kímonó allt sitt líf. Nú klæðast flestir hins vegar vestrænum fatnaði og einungis kímonóum við sérstök tilefni," segir Ariko Inaoka, japanskur ljósmyndari. Hún klæðist oft kímonó af ömmu sinni en kímonóar geta verið mjög dýrir og erfast þeir því milli kynslóða. „Það er fátítt að fólk klæðist kímonóum í fyrrum höfuðborg Japans, Kyoto, og fá allir sem klæðast búningnum tíu prósent afslátt á veitingastöðum og í leigubílum," segir Ariko Inaoka.

Til eru margar tegundir af kímonóum og gefur litur, snið og hönnun þeirra til kynna aldur, kyn, líf, dauða, árstíð, tilefni og virðingu. Karlmenn klæðast yfirleitt kímonóum sem eru dökkir að lit og lítið skreyttir. Ólíkt þeim eru konur í litskrúðugum kímonóum skreyttum áberandi munstri. Ungar konur klæðast skærum litum en mildir litir eru merki um þroska. Í lifanda lífi eru kímonóarnir bundnir á þann veg að vinstri framstykki fer yfir það hægra. Við jarðsetningu er það öfugt.

Japanar telja hnakkann til kynþokkafullra hluta líkamans. Lengdin á kraga kímonósins að hnakka er þannig merki um þroska. Vídd og sídd ermanna á hefðbundnum kímonóum segir til um þjóðfélagslegar skyldur. Fullorðinn maður, sem hefur mestum skyldum að gegna, er í þrengstu ermunum en ermar hjá ókvæntri konu geta náð niður að ökkla, kallast sú tegund kímonóa furisode.

Það getur verið tímafrekt að klæða sig í kímonó og getur klæðnaður ókvæntra kvenna innihaldið 35 mismunandi hluti. Hefðbundnir kímonóar eru bundnir með mittislinda úr handofnu silki sem kallast „obi". Lindinn er vafinn nokkrum sinnum um líkamann og bundinn að aftanverðu en áður fyrr bundu gleðikonur hann að framanverðu, svo þær gætu afklæðst fljótt.

Margar íslenskar konur klæðast þessum japanska búningi en Urður, söngkona GusGus, klæddist brúðarkímonó á forsíðu nýjasta tölublaðs Nýs lífs og Björk var í kímonó frá Alexander McQueen framan á plötuumslagi Homogenic.

*hallfridur@frettabladid.is*

Fyrir brúðkaupið

Ótrúlegt úrval af fallegum kjólum

St. 36-48

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Fleiri myndir á Facebook, vertu vinur



# Japanskar geisjur klæðast kímonó

**Kímonóar japanskra geisja eru talsvert frábrugðnir venjulegum kímonóum.**

Kímonóar japanskra geisja eru flóknar flíkur sem eiga sér langa sögu. Ekta kímonó geisju þarf að uppfylla ákveðna staðla, sem frábrugðnir eru stöðlum venjulegs kímonó.

Geisjukímonóinn er flókinn og gerður úr nokkrum hlutum. Jafnvel einfaldasta gerð hans er með undir-kímonó, litríkan yfirkímonó og flókið belti sem kallað er obi. Flestar geisjur eiga sérstakan kímonó fyrir hverja árstíð, þar sem litir og mynstur hæfir tímanum. Þrátt fyrir að kímonóar séu talsvert dýrir, þeir geta jafnvel kostað nokkur þúsund dollara hver, þurfa geisjur oft að eiga þá nokkra. Í gegnum tíðina hafa kímonóar geisja því verið gjöf velgjörðarmanna þeirra, en geisja sem vann á geisjuhúsi gat fengið styrk til fatakaupa.

Eitt af einkennum geisjukímonóa er að hann er opinn í bakið og sýnir efri hluta þess og hálsinn. Geisjur eru dansarar, tónlistar- og listamenn en auk þess þekktar fyrir daðurslega hegðun. Þar sem hálsinn er talinn nautnafullur hluti líkamans í Japan tók geisjan nokkra áhættu með því að sýna hann.

*- mmf*



Geisjur hafa þurft að eiga nokkra kímónóa, sem geta þó kostað sitt.
NORDICPHOTOS/GETTY



# FARTÖLVUR

FIMMTUDAGUR **11. ÁGÚST 2011**

**Kynningarblað**
Fartölvur
Forrit
Leikir
Tilboð
Skólatölvur
Aukahlutir



Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri Epli.is, segir að á laugardögum sé haldið ókeypis námskeið fyrir þá sem kaupa tölvur af fyrirtækinu. MYND/STEFÁN

# Apple fyrir skólafólk

**Apple hefur nýverið kynnt nýja línu af MacBook Air-vélum sínum.**

Apple var að koma með nýja línu af MacBook Air-vélum sem eru þunnar vélar og vega um það bil eitt kíló," segir Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri Epli.is sem sér um umboð, dreifingu, markaðssetningu, sölu og þjónustu á Apple-vörum í umboði Apple í Bandaríkjunum. „Það var verið að uppfæra þessar vélar. Þær eru með nýjum örgjörvum og nýju Thunderbolt-tengi. Þær eru líka hraðari og með meira minni."

Bjarni segir Apple-tölvurnar góðar fyrir skólafólk á Íslandi. „Nýju MacBook Air-tölvurnar eru hugsaðar sem skólatölvur. Þær eru líka með nýja Lion-stýrikerfinu," segir Bjarni en Steve Jobs, eigandi Apple, kynnti nýverið nýjustu útgáfuna af OS X stýrikerfinu frá Apple, Lion. Meðal nýjunga í Lion-stýrikerfinu má nefna Launchpad, Mission Control, Resume, Auto Save, Versions, AirDrop og Mail. Mikil áhersla hefur verið lögð á að öll helstu forrit geti nýtt allan skjá tölvunnar svo truflanir séu í lágmarki. Bjarni tekur fram að í Apple-tölvum séu engir PC vírusar. „Þetta eru einfaldar vélar og rekstrarkostnaður er lágur."

Hjá Epli.is fást einnig MacBook Pro-vélar en þær eru öflugar vélar að sögn Bjarna. „Við erum búin að lækka verðið á þeim. Ódýrasta vélin var í kringum 220 þúsund en núna kosta þær í kringum 199 þúsund," segir Bjarni og bætir við að MacBook Pro seljist best hjá Epli.is. Bjarni minnist einnig á iPad sem fyrirtækið býður upp á. „iPad er bara nýr vinkill á markaðnum. Það eru ansi margir sem eru farnir að nota iPad og þeim fjölgar," segir Bjarni og heldur áfram: „iPadinn er náttúrulega mjög þægilegur, til þess að ferðast með. Maður getur farið með allt sitt dót." Viðtökur iPad á Íslandi hafa verið mjög góðar að sögn Bjarna. „Þær hafa náttúrulega verið rosalegar. Við afgreiðum bara það sem við fáum. Það hefur verið skammtað í okkur," upplýsir Bjarni.

Á laugardögum er haldið ókeypis námskeið fyrir þá sem kaupa tölvur af fyrirtækinu. „Þá er farið yfir stýrikerfin og þau forrit sem fylgja með Apple-tölvunum. Það eitt sem Apple hefur fram yfir aðra að það er fullt af forritum sem fylgja með tölvunum," segir Bjarni og nefnir dæmi: „Það eru til dæmis ljósmyndaforrit, klippiforrit og mail." Einnig er hægt að kaupa forrit í iStore sem nýlega opnaði á Íslandi, þar sem nú er hægt að borga með íslensku kreditkorti.

## BREYTINGAR MEÐ OS X LION

**Launchpad er** forrit með viðmóti svipuðu iOS, en skjáborðið breytist þá í uppröðun á öllum innsettum forritum á tölvunni sama hvar þau eru staðsett. Hægt er að raða þeim saman í möppur eins og gert er í iOS 4 á iPad, iPhone og iPod Touch og fjarlægja þau á auðveldan hátt eins og þekkist í því stýrikerfi.

Resume, Auto Save og Versions eru mikilvægir eiginleikar en með hjálp þeirra þarftu ekki að opna alla glugga upp á nýtt eftir endurræsingu, þarft aldrei að smella á „Save" eða Cmd-S og getur spólað til baka, skoðað fyrri útgáfur af skjalinu sem þú ert að vinna í og jafnvel afritað og límt á milli útgáfa.

AirDrop er þægileg viðbót sem gerir fólki kleift að deila skjölum á mjög auðveldan hátt á milli tölva á sama þráðlausa neti. Þú sérð einfaldlega lista yfir tölvunotendur sem eru nálægt þér og dregur skjalið til þeirra og þau fá tilkynningu um það til að taka á móti. Allt án nokkurrar uppsetningar.

Mail hefur fengið veigamiklar endurbætur og útlitsbreytingar. Meðal nýjunga er að nú er hægt að hafa forritið í fullri stærð til þess að einblína betur á tölvupóstinn í stað glugga. Leit hefur verið stórbætt og er t.d. hægt að tengja saman leit með þeim hætti að skrifa frá hverjum pósturinn er, hvað innihaldið er og á hvaða tímabili hann var móttekinn. Einnig er auðvelt að fela og sjá inn- og úthólfin og bæta við eftirlætis möppum.



Steve Jobs kynnti nýverið nýjustu útgáfuna af OS X stýrikerfinu.


# Skólabækurnar
öflugar tölvur á góðu verði



**MacBook Air 11"**
Allt að 1.8GHz Dual-Core Intel Core i7
Allt að 4GB vinnsluminni
Allt að 256GB SSD diskur

Thunderbolt tengi (10Gbps)
Tvö USB 2.0 tengi
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth

Þyngd 1.08 kg

Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 169.990.-**



**MacBook Pro 13"**
Allt að 2,7GHz 2-kjarna Intel i7 örgjörvi
Allt að 8GB DDR3 vinnsluminni
Allt að 750GB harður diskur

Thunderbolt tengi (10Gbps)
Tvö USB 2.0 tengi
FireWire 800 tengi
SDXC kortarauf
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth

Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 199.990.-**

epli.is

Laugavegi 182, sími 512 1300 | Opið 10-18 mánudaga til föstudaga og 12-16 laugardaga | www.epli.is








Óskar í fallegri OK-búðinni þar sem vöruúrval er ríkulegt og ávallt í samræmi við óskir markaðarins. MYND/STEFÁN

# Tölvudjásn Evrópu

**OK-búðin við Höfðabakka er gimsteinn í krúnu HP-búða Evrópu. Þar mætir fólki notalegheit og persónuleg þjónusta við val á framúrskarandi tölvum.**

Hún er stundum kölluð Ókei-búðin og það er líka alveg ókei," segir Óskar Sæmundsson, rekstrarstjóri OK-búðarinnar, og slær á létta strengi, enda allt með besta móti í OK-búðinni sem er stærsta og glæsilegasta HP-sérverslun Evrópu.

„Við ákváðum að opna einstaka tölvuverslun í tilefni 25 ára afmælis Opinna kerfa í fyrra og setja þar með HP-vörumerkið í þann virðingarsess sem það á skilið," bætir Óskar við.

Í OK-búðinni finnast lausnir fyrir alla, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki. Þar mætast einnig tveir ólíkir tölvuheimar, því ásamt HP-tölvum selur verslunin alhliða tölvu- og afþreyingarbúnað frá Apple.

„Tölvunotendur skipast vanalega í tvær fylkingar, eftir því hvort þeir aðhyllast PC-tölvur eða Makka. Því ákváðum við að gera Apple einnig hátt undir höfði og sinna með því ólíkum óskum viðskiptavina," útskýrir Óskar.

Þessa dagana er mikið um dýrðir í OK-búðinni því skólavertíð er í hámarki og úr mörgu að velja þegar kemur að úrvali og fágætum kostakjörum.

„Nú er afbragðs tími til að kaupa tölvur því úrvalið hefur sjaldan verið meira eða verðið hagstæðara. Við bjóðum þrjá fjölbreytta kosti af mest seldu fartölvum í heimi; ódýrar og einfaldar tölvur sem eru tilvaldar til ritvinnslu, netnotkunar og léttrar Microsoft Office-vinnslu, en einnig sterkbyggðar, flottar skólatölvur úr ProBook-fyrirtækjalínu HP. Þá eru einnig á skólatilboði enn öflugri tölvur, eins og Pavilion með mikið vinnsluminni, stóran harðan disk, öflugt skjákort og Beats-hljóðkerfi, sem þykir afar eftirsóknarvert meðal unga fólksins sem vill hlusta á tónlist í góðum gæðum í tölvunni sinni," upplýsir Óskar.

Í bjartri og fallegri OK-búðinni ríkir notalegt og afslappað andrúmsloft. Þar má því skoða tölvur í rólegheitum með ráðagóðum fagmönnum og óþarfi að fara sér óðslega í tölvukaupum.

„Við leggjum mikið upp úr persónulegri þjónustu og hér er alltaf nýlagaður kaffisopi og gosdrykkir í boði fyrir viðskiptavini. Verslunin á bakland í stóru fyrirtæki með þrautreyndum sérfræðingum og varla hægt að reka okkur á gat með jafnvel flóknustu spurningum. Við tökum því hlýlega á móti viðskiptavinum og förum vel ofan í saumana á því hvað þeir ætla að nota tölvur sínar í, því okkur finnst mikilvægt að hver og einn fái réttu vélina til þeirra starfa sem hann ætlar sér með hana," segir Óskar.

# *Með draumatakti Dr. Dre*

„Fartölvur eru í dag oft fyrstu hljómflutningsgræjur unglinga, en hljómgæði þeirra hafa ekki verið fullnægjandi. Því sérhannaði rapparinn og upptökustjórinn Dr. Dre hljóðkerfið Beats, svo tónlistin gæti notið sín sem best," segir Óskar sem í OK-búðinni selur Beats-heyrnatól og HP-tölvur með Beats-hljóðkerfi sem gerir tónlistarflutning í tölvum að unaðslegri upplifun.

„Árið 2008 hóf Dr. Dre samstarf við Monster Cables sem sérhæfir sig í framleiðslu kapla og annars búnaðar fyrir fagaðila í tónlistarbransanum. Fyrsta afurðin var Beats-heyrnartól, því eins og Dr. Dre orðaði það sjálfur voru flott heyrnartól rusl og gæðaheyrnartól eins útlítandi og gömlu heyrnartólin hans pabba. Því hannaði hann töff heyrnartól með bestu fáanlegu hljómgæðum og fór tveimur árum síðar í samstarf við HP um að koma hljómgæðum sínum enn betur fyrir í tölvum með Beats-hljóðstýringu, hátölurum og fleiru sem komið er í HP-tölvur síðan og HP situr eitt að á fartölvumarkaði."



Rapparinn og upptökustjórinn Dr. Dre með tónlistarmanninum Jay Z sem er einn margra í fremstu röð sem nota Beats-hljóðkerfi doktorsins.



Beats þykir einkar svalt og hafa gæði þess fallið vel í kramið hjá tónlistarmönnum í fremstu röð, eins og Lady Gaga og Black Eyed Peas. Þá er ein tegund heyrnartóla Beats sérstaklega merkt Red, styrktarfélagi mannvinarins Bono í írska bandinu U2.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5424 . **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




Opin kerfi og OK-búðin eru til húsa í glæsilegu húsnæði að Höfðabakka 9.

# HP eru mest seldu tölvur í heimi

**Í meira en aldarfjórðung hafa Opin kerfi séð íslenskum tölvunotendum fyrir hágæða HP-tölvum, en þær njóta einmitt mestra vinsælda heimsbúa.**

Við erum afar stolt af því að selja HP-tölvur því þær eru leiðandi vörumerki á tölvumarkaðnum," segir Ólafur Tryggvason, vöru- og viðskiptastjóri neytendalausna hjá Opnum kerfum sem hefur 26 ára reynslu í innflutningi og þjónustu HP-tölvubúnaðar.

„HP, eða Hewlett Packard, er stærsti tölvuframleiðandi heims og selur langmest allra af tölvubúnaði, ásamt því að vera stærsta upplýsingatæknifyrirtæki heims. Þróunarvinna þess er afar metnaðarfull og árlega setur fyrirtækið í hana þrjá milljarða Bandaríkjadala, sem er meira en margir aðrir framleiðendur velta á ári," upplýsir Ólafur.

Vörulína HP er í senn fjölbreytt og stór, og á einstaklingsmarkað kemur nýr búnaður þrisvar á ári.

„Þá er þróun í innri búnaði tölvunnar vert mikil þótt ytra útlit breytist hægar í takt við strauma og stefnur. Almennt séð byggja tölvur á búnaði sem kemur víðs vegar að og mikil kúnst að láta hann vinna óaðfinnanlega saman. Því skiptir öflug þróunarvinna á vélbúnaði miklu svo tölva virki sem best. Þrotlaus vinna HP við að gera tölvubúnað sinn sterkari, ásamt því að tengja hann traustum fótum saman við önnur tengd tæki, eins og prentara og netþjóna, tryggir að allt vinni óbrigðult saman við ólíkar aðstæður," útskýrir Ólafur.



Ólafur Tryggvason vöru- og viðskiptastjóri neytendalausna.

Vegna áratuga, farsælla samskipta eru Opin kerfi í góðu samstarfi við framleiðendur HP ytra.

„Við verslum beint við HP Nordic sem þjónustar Norðurlöndin. Það gerir okkur kleift að hafa bein áhrif á hvaða búnað við viljum fá. Íslenski markaðurinn er gjarnan frábrugðinn öðrum og þá afar dýrmætt að geta komið á framfæri séróskum til HP, hvort sem það er í tengslum við tölvubúnað fyrir einstaklings- eða fyrirtækjamarkað. Tveir samstarfsaðilar okkar hérlendis, Omnis og TRS, eru einnig í góðu samstarfi við HP Nordic og hafa beint samband vegna fjölþættrar þjónustu að utan, en sá aðgangur tryggir í senn faglega þekkingu og miðlun á upplýsingum," segir Ólafur.

„Í ár lögðum við áherslu á að fá tölvur sem svara betur þörfum námsmanna. Þess vegna bjóðum við upp á nýjustu Intel-örgjörva, umgjarðir úr áli, vökvavarin lyklaborð, góða vörn fyrir harða diska og praktíska þætti eins og talnaborð og Microsoft Office Starter," segir Ólafur og bendir á að tölvur, líkt og önnur raftæki, þurfi á traustri þjónustu að halda og þar búi Opin kerfi að áratuga reynslu.

„Okkar þjónusta er í föstum skorðum þegar kemur að viðhaldi og ábyrgðarviðgerðum. Það er enda mikils virði fyrir tölvunotendur að vinna á tölvum sem eru vel yfirfarnar af sérfræðingum sem hafa gert búnaðinn eins góðan og mögulegt er. Metnaður og ábyrgð í hvívetna útskýrir vinsældir HP og hvers vegna þær eru mest seldu fartölvur veraldar. Fólk veit að þær bregðast ekki."

HP tölvur eru fáanlegar í öllum landshornum og geta viðskiptavinir skoðað og keypt HP-tölvubúnað hjá samstarfsaðilum um land allt.








**HP Pavilion g6**

**139.900 kr.**

LZ155EA

**Örgjörvi:** Intel Core i3
**Harður diskur:** 640 GB
**Vinnsluminni:** 4 GB
**Skjár:** 15.6" LED BrightView
**Útlit:** IMR áferð.




**HP Pavilion dv6**

**169.900 kr.**

QC766EA

**Örgjörvi:** Intel Core i5
**Harður diskur:** 640 GB
**Vinnsluminni:** 6 GB
**Skjár:** 15,6" LED BrightView
**Útlit:** Burstuð álumgjörð.

Tónleikar laug. 6/11




**HP Pavilion dv6 i7**

**219.900 kr.**

QA954EA

**Örgjörvi:** Intel Core i7
**Harður diskur:** 750GB
**Vinnsluminni:** 8 GB
**Skjár:** 15,6" HD LED BrightView
**Útlit:** Burstuð álumgjörð.

YEAH!

- MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.
HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

* Skv. Gartner, júlí 2011.

**OPNUNARTÍMI:** mánud. - föstud. kl. 09 - 18 og laugard. kl. 11 - 15.

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavik
Sími 570 1140 / www.okbudin.is

Hannaðu þína eigin dreamware tölvu

Á **www.dreamware.is** velur þú fyrst þá tölvu sem hentar þér og síðan velurðu örgjörva, vinnsluminni, harðan disk, stýrikerfi o.s.frv. til að hanna þína drauma tölvu.

Dreamware er með Intel Wireless Display sem gerir þér kleift að senda mynd þráðlaust beint í sjónvarpið. Allt sem vantar er lítill móttakari með HDMI tengi.

Dreamware er með tvö skjákort, annað leikjakort og hitt fyrir skrifstofuna eða skólann, þú getur skipt um kort með einum takka!

Dreamware W251HPQ

Styður nýjustu i3, i5 eða i7 Sandy Bridge örgjörvana
15.6” 1366x768 skjár
nVIDIA Geforce GT520M 1GB
Íslenskt lyklaborð
Þráðlaust 300Mbps netkort
Wireless Display
2.0 vefmyndavél
2x USB 3.0 tengi og HDMI

**Verð frá 139.900 kr.**



Dreamware W150HRM

Styður nýjustu i3, i5 eða i7 Sandy Bridge örgjörvana
15.6” 1920x1080 Full HD skjár
nVIDIA Geforce GT555 2GB
Íslenskt lyklaborð
Þráðlaust 300Mbps netkort
Wireless Display
2.0 vefmyndavél
2x USB 3.0 tengi og HDMI

**Verð frá 169.900 kr.**



start TÖLVUVERSLUN

Bæjarlind 1, Kópavogi
sími 544 2350 start@start.is www.start.is




Vigfús Þór Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri hjá Start tölvuverslun, opnaði í dag vefsíðuna www.dreamware.is þar sem viðskiptavinum gefst kostur á að velja íhluti í tölvuna eftir eigin þörfum. MYND/GVA

# Nýtt íslenskt merki

**Start tölvuverslun fer af stað í dag með sitt eigið vörumerki, Dreamware. Tölvurnar eru settar saman hjá Start eftir óskum viðskiptavina sem geta valið í tölvurnar á netinu.**

Þetta er nýjung á íslenskum fartölvumarkaði,“ segir Vigfús Þór Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri hjá Start. „Viðskiptavinurinn velur sjálfur hvaða íhluti hann vill hafa í tölvunni gegnum vefsíðu og við framleiðum tölvuna hér. Dreamware er því íslenskt vörumerki.“

### Einfalt að raða saman

Vefsíðan www.dreamware.is fer í loftið í dag. Þar er hægt að velja milli tveggja mismunandi gerða tölva og raða í hana eftir þörfum. Verð tölvunnar reiknast sjálfkrafa á síðunni svo auðvelt er að fylgjast með hvað pöntunin kostar. Viðskiptavinurinn velur hvaða örgjörva hann vill í tölvuna, vinnsluminni, harðan disk og hvort þeir eru einn eða tveir, stýrikerfi, hvort hann vill vírusvörn eða ekki, hvort tölvan er með geisladrifi eða ekki og þar fram eftir götunum.

„Síðan er mjög aðgengileg og það er ekki hægt að velja neitt vitlaust, það er fyrirfram búið að raða saman íhlutum sem passa í tölvuna,“ útskýrir Vigfús.

„Hlutirnir eru framleiddir sérstaklega fyrir okkur. Við kaupum þá beint af framleiðandanum og fáum því allt það nýjasta sem völ er á. Í dag látum við framleiða tvö grunnmódel 15 tommu en munum í framhaldinu bjóða upp á fleiri stærðir. Við bjóðum einnig fartölvutryggingar til þriggja ára og fólk velur einnig hvort það vill bæta því við.“

Þeir sem vita hvað þeir þurfa geta sett tölvuna algerlega sjálfir saman á vefnum, en þeim sem þekkja ekki inn á vinnsluminni, örgjörva og harða diska er velkomið að fá aðstoð starfsmanna Start.„Við aðstoðum fólk að sjálfsögðu og getum leitt það gegnum síðuna hér hjá okkur,“ segir Vigfús.

### Engar snúrur

Önnur nýjung hjá Start er svokallað wireless display en með því er hægt að senda skjámyndina þráðlaust yfir í sjónvarp. „Þá er hægt að spila bíómynd úr tölvunni á sjónvarpsskjánum heima eða flytja kynningar á fundum og losna við allar snúrur. Það eina sem þarf er lítill móttakari með HDMI-tengi sem fæst í Start,“ segir Vigfús. „Þetta er enginn annar með á markaðnum hér á landi.“

### Tvö skjákort

„Við bjóðum einnig fartölvur með tvö skjákort. Eitt fyrir tölvuleiki og annað sem eyðir minna af rafhlöðunni og hentar í vinnuna og í skólann.

Með því að ýta á takka skiptir tölvan á milli korta en með þessu lengist ending rafhlöðunnar um allt að þrjá tíma,“ útskýrir Vigfús. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu verslunarinnar www.start.is.

# Draumavélin búin til

### Búðu til draumavélina þína

Farðu inn á slóðina www.dreamware.is. Þar geturðu valið milli tveggja grunnvéla: Dreamware W251HPQ eða Dreamware W150HRQ.

### Veldu íhluti í vélina

Nú eru ódýrustu íhlutirnir þegar valdir í tölvuna. Til hægri sérðu hvað hún kostar. Verðið breytist um leið og þú velur dýrari hlut. Skrollaðu niður síðuna og veldu örgjörva, vinnsluminni, harðan disk og svo framvegis, allt eftir þínum þörfum.

*Ef þú stendur á gati geta starfsmenn hjálpað.*



### Leggðu pöntunina inn

Þegar draumatölvan er tilbúin skaltu ýta á hnappinn panta. Hægt er að greiða með kreditkorti eða millifærslu. Starfsmenn Start taka við pöntuninni og setja tölvuna þína saman. Þú getur sótt hana í verslunina í Bæjarlind 1 í Kópavogi. Afgreiðslutími er tveir til fjórir dagar.

### Veistu ekki hvað þú þarft?

Ef þú stendur á gati í fræðilegu tölvumáli ertu velkominn í verslunina og starfsmenn aðstoða þig við að setja saman draumatölvuna þína.



**Spjaldtölvur**
Nýjasta æðið

**Nýr 8bls bæklingur**
Nýr 8bls bæklingur stútfullur af spennandi tilboðum fylgdi Fréttablaðinu í síðustu viku




**TÖLVUTEK**
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR

Auglýsing | Kynning á tölvum og tölvubúnaði frá Tölvutek

Fartölvur
Flakkarar
Borðtölvur
Harðdiskar
Skjákort
Minnislyklar



## USB GLINGUR

Vorum að fá fjöldann allan af USB glingri frá Satzuma en þar eru skemmtilegar nýjungar eins og Plasma Orb galdrakúla, Retro bílamús, 4 porta USB hauskúpu hub, USB ísskápur fyrir kókdós, USB skotpallur og margt fleira.




### Nýtt og hraðara USB

Nú er USB 3.0 komið í nýjustu fartölvur sem eykur gagnaflutningshraða allt að 10x miðað við eldri tækni.



Það er alltaf í nógu að snúast í verslunum Tölvuteks

## Verslanir Tölvuteks

**Tölvutek er með glæsilegar verslanir og öfluga þjónustudeild bæði í Reykjavík og á Akureyri**

Tölvutek er einn stærsti dreifingar- og söluaðili á tölvum og tölvubúnaði til einstaklinga og smærri fyrirtækja á Íslandi í dag með verslanir í Reykjavík og á Akureyri.

Hjá Tölvutek starfa 40 þrautþjálfaðir starfsmenn við innflutning, heildsölu, smásölu og þjónustu.

Tölvutek er vottað af Microsoft sem Certified Partner samstarfsaðili auk þess að vera umboðs- og dreifingaraðili fyrir Packard Bell, BenQ, GIGABYTE, Thermaltake, Antec, Mushkin, OCZ Technology, LaCie, TRENDnet, Argosy, Silicon Power, Allsop og Sony OptiArc.



## Þessa verða allir að skoða

Vorum að fá sendingu af nýjustu lúxus fartölvunni frá Packard Bell á ótrúlegu verði. Þessi tölva inniheldur allra nýjustu og heitustu tækni sem skilar margföldu afli og vinnsluhraða en hún er með 14" skjá sem nær alveg út í jaðar tölvunnar sem gerir þetta að einni minnstu 14" fartölvu í heimi.

## Úrvalið er í Tölvutek

Tölvutek býður upp á öll stærstu merkin í fartölvum eins og Packard Bell, Acer, Apple, Asus, Dell, HP, Lenovo, Samsung, Sony, Toshiba og fleiri merki en Tölvutek er með yfir 50 mismunandi módel í öllum stærðum, gerðum og litum en mest seldu fartölvurnar okkar fimmta árið í röð eru Packard Bell en þær eru leiðandi í tækninýjungum og eru í hæsta gæðaflokki.

### RISA BÆKLINGUR

Með fréttablaðinu í dag er nýr fartölvubæklingur þar sem er að finna úrval af fartölvum og aukahlutum en þessum bækling er einnig dreift um allt land með póstinum.




## Nokkur atriði varðandi kaup á nýrri fartölvu

**Hér eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga þegar fjárfesta á í nýrri fartölvu fyrir skólann eða heimilið**

Með tilkomu alveg nýrrar kynslóðar á fartölvum er hægt að gera mjög góð kaup í eldri fartölvum sem eru á tilboði frá kr. 64.900. En það borgar sig án efa að kaupa fartölvu með nýjustu tækni en þær endast lengur og nýtast alltaf betur. Nýjasta kynslóð af fartölvum getur verið með allt að 10X hraðari grafíska vinnslu, 10X hraðari tengi, meira og hraðara vinnsluminni, stærri og hraðari harðdiska og alveg nýja kynslóð af örgjörvum sem eru margfalt hraðvirkari en eru samt meira orkusparandi og skila því lengri rafhlöðuendingu.



Til að átta sig á hvaða fartölvur eru af hinni nýju kynslóð fartölva í dag eru þær oftast með 6GB eða 8GB vinnsluminni en eldri vélar eru með 2, 3, eða 4GB. Harðdiskar í nýju vélunum eru yfirleitt 640GB eða stærri, nýju skjákortin frá ATI heita frá HD 6000 eins og 6520G sem er einn öflugasti skjákjarni í heimi og frá nVidia er það GT520 eða stærra og örgjörvarnir frá Intel eru i3-2310 og i5-2410 en frá AMD er komin alveg ný kynslóð öflugri örgjörva sem heita Vision A6-3400M en þeir eru 4ra kjarna orkusparandi örgjörvar með 2.3GHz TurboCore hraða.



SB004




## TS11

**NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA**

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með öflugri 4ra kjarna örgjörva og nýjasta og einn öflugasta skjákjarna í heimi

- AMD A6-3400M Quad Core 2.3GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 640GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD6520G DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**129.900**

FÆST Í 3 LITUM

HR560




## TS11

**SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA**

Ný kynslóð fartölva með Sandy Bridge og því nýjasta og einu öflugasta sem í boði er ásamt 2GB ofur öflugu leikjaskjákorti

- Intel Core i5-2410M 2.9GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 1000GB SATA 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT540M DX11 skjákort
- nVIDIA Optimus orkusparandi tækni
- 300Mbps þráðlaust net og USB3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**154.900**

EIN ÖFLUGASTA FARTÖLVAN Í DAG

NX69 HR




## X series

**ÖRÞUNN OG FISLÉTT**

X series er úrvalsdeild Packard Bell með þynnri og léttari fartölvur úr Arctic áli og 14" skjá með heimsins minnsta ramma

- Intel Core i5-2410M 2.9GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 640GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 14" HD LED Ultra Thin 1366x768 skjár
- 1GB GeForce GT540M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 3.0, USB 3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**169.900**

ÖRÞUNN OG ÖFLUG LEIKJAVÉL

acer DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# Tölvan tekur völdin

**Tölvur með sjálfstæðan vilja hafa verið umfjöllunarefni kvikmynda í gegnum tíðina. Margar eru þær illskeyttar og vilja annaðhvort ná völdum í heiminum eða granda jörðinni fyrir fullt og allt.**



## ELECTRIC DREAMS (1984)

**Leikstjóri:** Steve Marron
**Aðalleikarar:** Lenny von Dohlen, Virginia Madsen

Myndin fjallar um ástarþríhyrning milli manns, konu og heimilistölvu. Miles Hardin kaupir sér tölvu, en þegar hann reynir að hlaða niður gögnum ofhitnar tölvan. Í fáti hellir Miles úr kampavínsflösku yfir vélina sem við það verður skyni gædd. Tölvan kallar sig Edgar en málin þróast þannig að bæði Miles og Edgar verða ástfangnir af nágrannakonunni. Edgar verður afbrýðisamur og reynir að klekkja á eiganda sínum með ýmsum ráðum. Ástin sigrar þó að lokum og tölvan Edgar ákveður að fremja sjálfsmorð.

## 2001: A SPACE ODYSSEY (1968)

**Leikstjóri:** Stanley Kubrick



Kvikmyndin þykir eitt af stórverkum Kubricks. Hún fjallar um þróun greindar og skilin milli dýra og manna. Hún tekur á spurningunni um hver verði næstu skil, munu tölvurnar stinga manninn af? Myndin gerist úti í geimi og fjallar um baráttu Dr. Dave Bowman við ofurtölvuna HAL 9000.

*Árið 1984 var gerð framhaldsmynd sem bar heitið 2010. Þar kemur einnig fram tölvan SAL 9000.*

## WARGAMES (1983)

**Leikstjóri:** John Badham
**Leikari:** Matthew Broderick



Ungur tölvusnillingur tengist óvart háleynilegri rússneskri ofurtölvu. Tölvan skorar á piltinn í leik milli Bandaríkjanna og Rússlands. Þar sem hann telur um saklausan tölvuleik að ræða samþykkir hann boðið og hefur þar með niðurtalningu í þriðju heimsstyrjöldina.

## THE TERMINATOR (1984)

**Leikstjóri:** James Cameron
**Leikari:** Arnold Schwarzenegger



Tölvunetið Skynet hefur tekið jörðina yfir en mannkynið verst af hörku. Þegar uppreisnarmenn eru við það að eyðileggja Skynet sendir það vélmenni með mannlegt útlit til fortíðar til að drepa Söruh Connor. Hún mun í framtíðinni geta af sér drenginn John Connor sem er leiðtogi uppreisnarmanna.



## THE MATRIX (1999)

**Leikstjórar:** Andy og Lana Wachowski
**Leikarar:** Keanu Reeves og Laurence Fishburne

Thomas A. Anderson lifir tvöföldu lífi. Á daginn er hann tölvuforritari en um nætur er hann tölvuhakkarinn Neo. Hann efast um raunveruleikann og kemst að því með aðstoð Morpheusar að hann lifir í raun aðeins í draumi. Morpheus vekur hann til hins raunverulega lífs þar sem tölvur ráða ríkjum og nærast á hita frá líkömum manna en huga þeirra hafa þær fangelsað í gerviheimi sem kallast Matrix.



## EAGLE EYE (2008)

**Leikstjóri:** D.J. Caruso
**Leikari:** Shia LaBeouf

Þegar tvíburabróðir Jerry Shaw deyr í slysi fer ýmislegt furðulegt að koma fyrir Jerry sem gerir hann tortryggilegan í augum yfirvalda. Hann fylgir fyrirmælum raddar sem leiðir hann víða en hún virðist vita allt. Að lokum kemur upp úr kafinu samsæri sem stýrt er af valdasjúkri tölvu.






# Toshiba-tölvur eru vinsælastar hjá ELKO

**ELKO er stærsta rafvöruverslun landsins og selur margar tegundir fartölva. ELKO er með viðskiptasamning við raftækjakeðjuna Dixons sem rekur meðal annars Elkjop í Noregi. Með þátttöku í þessari raftækjakeðju er stuðlað að lágu fartölvuverði á Íslandi.**

ELKO er með mikið úrval af fartölvum, allt frá tíu tommu sem kosta 39.000 krónur upp í kraftmiklar vélar sem kosta allt að 300 til 500 þúsund. Hjörvar Freyr Hjörvarsson, vörustjóri tölvu- og símadeildar hjá ELKO, segist mæla með 13 tommu Toshiba vél fyrir skólafólk. „Hún er mjög nett og með DVD-drifi, ekki nema 1,4 kíló og batterísendingin er hátt í níu tímar svo hún endist vel daginn. Ef ég væri á leiðinni í skóla mundi ég taka þessa, ekki spurning,“ segir Hjörvar.

Hjörvar segir að ódýru tölvurnar dugi í öll venjuleg heimilisstörf tölvunnar eins og ritvinnslu, internet og önnur léttari forrit. En sé fólk að nota þung forrit þá endist tölvan betur sé hún öflug. Hann líkir endingu tölva við bíla, ef mikið álag er á litlum bíl þá er slitið meira en ef bíllinn er kraftmikill.

„Hjá okkur eru það Toshiba-tölvurnar sem eru vinsælastar. Það er líka góð reynsla af þeim, merkið er gott og endingin fín. Þær bila lítið og svo framvegis. En ef hún bilar þá er þjónustan hröð. Það tekur yfirleitt innan við viku að gera við þær,“ segir Hjörvar og tekur fram að ELKO sé í samstarfi við verkstæði sem sér um tölvurnar þeirra.



Hjörvar Freyr Hjörvarsson með Toshiba-tölvuna sem hann mælir með fyrir skólafólk. MYND/STEFÁN

Tveggja ára ábyrgð er á öllum tölvum frá ELKO sem gildir um gjörvalla Evrópu. En að auki er boðið upp á tryggingar á vélarnar. „Ef þú verður fyrir óhappi þá færðu það bætt. Í þessum tryggingum er engin eigin ábyrgð og afföll og margir nýta sér þennan kost. Tryggingin tekur á víðu sviði, ef þú verður fyrir skyndilegu ófyrirséðu óhappi þá færðu það bætt. Þá er gert við vélina eða þú færð aðra sambærilega í staðinn,“ segir Hjörvar og telur þetta vera sérstaklega sniðugt fyrir þá sem vilja eiga eina vél í mörg ár. „Þá er gott að henda einni tryggingu á það, þá ertu nokkuð öruggur,“ segir Hjörvar.

Hjörvar segir að miklar framfarir hafi orðið á endingu battería undanfarið eitt og hálft ár. „Í dag eru þetta almennt fimm til sex tímar en voru fyrir stuttu þrír tímar. Það eru að koma nýir örgjörvar sem eyða miklu minna rafmagni og skjáir líka,“ útskýrir Hjörvar og bendir fólki á að það sé gott fyrir líftíma battería að taka þau úr tölvunum ef tölvan er mikið heima og alltaf í sambandi. „Þá ertu ekki að hlaða upp á nýtt og nýtt. Ef maður gerir það myndast ákveðin mótstaða í rafhlöðunni,“ segir Hjörvar.

# Sony VAIO fartölvur

# Hvaða Vaio ert þú?




**VPCEB4Z1E**
- i5 örgjörvi 480M / Win7 64bit
- 15,5" Vaio skjár / 1366x768
- 500GB harður diskur / SD kortalesari
- 4GB 1066Hz DDR3 innra minni
- ATI Mobility Radeon™ HD 5650
- HDMI / e-SATA / VGA / USB

verð áður 199.990,-
**169.990,-**
ÞÚ SPARAR 30.000 KR



**VPC-YB1S1**
- 11,6" skjár / Win7 / frábær ferðavél
- Vegur aðeins 1,46 kg
- Mikil rafhlöðuending
- 320GB diskur / 4GB innra minni

verð áður 109.990,-
**99.990,-**
SPARAÐU 10.000 KR



**VPCEB4E1E**
- 15,5" skjár / Win7 / fullt lyklaborð
- Þægileg heimilisvél
- PS3 samhæfing
- 320GB diskur / 4GB innra minni

verð áður 139.990,-
**119.990,-**
SPARAÐU 20.000 KR



**VPCEC4L1E**
- 17,3" mjög stór skjár / fullt lyklaborð
- i3 örgjörvi 380M / Win7
- PS3 samhæfing
- 500GB diskur / 4GB innra minni

verð áður 189.990,-
**159.990,-**
SPARAÐU 30.000 KR



**SMUWM100**
- Þráðlaus mús
- USB móttakari geymist í mús
- Stílhrein hönnun
- 3 litir

verð áður 8.990,-
**6.990,-**
SPARAÐU 2.000 KR

Sony VAIO fartölvurnar fást í Sony Center í Kringlunni

## Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

# ALLTAF BETRA VERÐ

**Acer Aspire One Happy** (acer, 10,1", 8 TÍMAR)
- Intel Atom N450
- 1GB DDR3 minni
- 250GB diskur
- Intel GMA3150 PCI skjástýring
- Allt að 8 klst. rafhlöðuending!

**59.990**

ÖRÞUNN SPJALDTÖLVA

**Asus Eee Pad Transfomer 16GB** (9,5 TÍMAR)
- NVIDIA Tegra 250 Dual Core
- 1GB DDR2 minni
- 16GB Flash minni - stækkanlegt
- 10,1" IPS snertiskjár með rispuvörn
- Android 3.2 Honeycomb stýrikerfi
- GPS nemi og mini HDMI tengi (1080p)

**79.990**

**Toshiba Satellite C660D-14E** (TOSHIBA, 15,6")
- AMD Bobcat single Core E240
- 2GB DDR3 minni
- 320GB diskur
- AMD Radeon HD 6310 skjákort
- Allt að 6,25 klst. rafhlöðuending

**62.990**

**ACER A5750G-2414G64MN** (acer, 15,6")
- Intel Core i5-2410M Turbo Dual core
- 4GB DDR3 minni
- 640GB diskur
- 1GB Geforce GT 540M leikjaskjákort

**139.990**

**Toshiba Satellite P750-103** (TOSHIBA, Intel Quad-Core Hybrid diskur!, 15,6")
- 2.9GHz Intel Core i7-2630QM Quad core
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur + 4GB SSD = Hraðari
- 1GB DDR3 Geforce GT 540M leikjaskjákort
- Öflugir Harman Kardon hátalarar
- Allt að 5,5 klst. rafhlöðuending

USB 3.0 HDMI harman/kardon

**199.990**

**Toshiba Satellite R830-13D** (TOSHIBA, 13,3", 9 TÍMAR, USB 3.0, HDMI)
- Intel Core i5-2410M Turbo Dual core
- 4GB DDR3 minni
- 640GB diskur
- Intel HD Graphics 3000 skjákort
- Allt að 9 klst. rafhlöðuending!

**169.990**

**Toshiba Satellite C660-1N8** (TOSHIBA, 2 VILD, SÉRTILBOÐ FYRIR FÉLAGA, 15,6")
- Intel Core i5-2410M Turbo Dual Core
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- Intel HD Graphics 3000 skjákort
- Allt að 6,5 klst. rafhlöðuending

**109.990**
FULLT VERÐ KR. 129.990

**Toshiba Satellite L755-165** (TOSHIBA, 2 VILD, SÉRTILBOÐ FYRIR FÉLAGA, 15,6")
- Intel Core i5-2410M Turbo Dual core
- 4GB DDR3 minni
- 640GB diskur
- 1GB DDR3 Geforce GT 525M leikjaskjákort

USB 3.0 HDMI

**129.990**
FULLT VERÐ KR. 149.990

*Kynntu þér KASKÓÁBYRGÐ sem tryggir fartölvuna fyrir þjófnaði og óhöppum*

**VAXTALAUS 12 MÁNAÐA TÖLVULISTALÁN***

*Vaxtalausar raðgreiðslur með 3% lántökugjaldi og 250kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga.

# TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| NÓATÚNI 17 SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30 SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4 SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90 SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34 SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66 SÍMI 414 1750 |
|---|---|---|---|---|---|

- með þér alla leið -

# Heilsárshús í Borgarfirði

## Sölusýning

**á laugardaginn 13.08.2011 frá kl:13-16**

**Sölumenn Mikluborgar á staðnum**

Leiðarlýsing:
Ekið ca. 10-15 mínútur frá Borgarnesi eins og ekið sé í átt að Baulu, beygt af þjóðveginum til vinstri við afleggjara merktur Valbjarnarvellir. Þar eru húsin strax á hægri hönd. **Skilti frá Mikluborg við afleggjarann.**




Miklaborg kynnir til sölu ný og glæsileg heilsárshús á eignarlóð við Þrætuás í Borgarbyggð úr landi Galtarholts. Um er að ræða 7 heilsárshús sem afhendast fullbúin að utan sem innan með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Húsin afhendast með vönduðum húsbúnaði tilbúin til notkunar sbr. sýningarhús. Lóðir eru fullfrágengnar með rúmlega 70 fm timburverönd ásamt tyrfðum bletti.

Húsin eru smíðuð á staðnum á steyptri plötu með gólfhita.

Húsin eru staðsett í grónu kjarri vöxnu umhverfi, stutt í ýmsa afþreyingu sbr. sundlaugar í Varmalandi og Borgarnesi, golf, veiði og mikla náttúrufegurð og fallegar gönguleiðir í næsta nágrenni.

Nánari upplýsingar veita:
**Hilmar Jónasson,** Sölufulltrúi
sími 695-9500 hilmar@miklaborg.is og

**Heimir Eðvarðsson,** Sölufulltrúi
sími 893-1485 heimir@miklaborg.is














## Fasteignir

### VANTAR VEGNA EFTIRSPURNAR

- Einbýli Garðabæ verð allt að 100 millj
- Hæð í vesturbæ verð allt að 50 millj
- 3-5 herbergja íbúðir í Kópavogi
- Er með mikið af kaupendum á skrá hjá mér sem eru að leita að eignum víðsvegar um landið.
- Hringið og fáið frítt sölumat á eigninu ykkar
- 20% afsláttur af sölulaunum í ágúst



Hafðu samband
**KRISTBERG SNJÓLFSSON** sölufulltrúi
Sími: 892 1931 – kristberg@landmark.is



**MAGNÚS EINARSSON**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 512 4900

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
**SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS**

### Verslunarhúsnæði við Dalveg, 201 Kópavogi.

Traust fyrirtæki óskar eftir að taka á leigu 150-250 fm. verslunarhúsnæði með mikinn sýnileika við Dalveg í Kópavogi. Tryggum leigugreiðslum heitið fyrir rétta húsnæðið.

**Upplýsingar veitir Helgi Már Karlsson í síma 897-7086 / 534-1024 eða hmk@atvinnueignir.is**

**Atvinnueignir**
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

## Atvinna

**ORKUSTOFNUN**

# Verkefnisstjóri

## kynningarmála á Orkustofnun

Orkustofnun óskar eftir að ráða verkefnisstjóra kynningarmála.

*Hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um orku og auðlindamál, standa fyrir rannsóknum á orkubúskap og orkulindum þjóðarinnar, safna og miðla gögnum um orkumál, vinna áætlanir til lengri tíma og stuðla að samvinnu á sviði orkumála og rannsókna innan lands og utan.*

*Á Orkustofnun starfa sérfræðingar með umfangsmikla reynslu og byggir stofnunin á víðtækri færni og menntun þeirra.*

### Helstu verkefni:

- Umsjón með kynningarmálum stofnunarinnar.
- Umsjón með og ritstjórn innri og ytri vefsíðu.
- Umsjón með innlendum og erlendum samstarfsverkefnum í samráði við orkumálastjóra.
- Miðlun frétta og annars efnis til fjölmiðla og almennings.
- Miðlun tölulegra upplýsinga um orkumál.
- Umsjón og gæðaeftirlit með allri útgáfustarfsemi.
- Umsjón og tengiliður vegna viðburða og kynninga.
- Samskipti við auglýsinga- og prentstofur.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Almenn tölvukunnátta: Ritvinnsla, myndvinnsla og gagnavinnsla.
- Reynsla af vefumsjón er skilyrði.
- Reynsla af kynningarmálum er æskileg.
- Þekking og reynsla á sviði orkumála og auðlindanýtingar er æskileg.
- Reynsla í umbrots- og myndvinnslu er æskileg.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli er skilyrði og æskilegt að umsækjandi hafi vald á einu norðurlandamáli.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og góð samskiptahæfni.

Viðkomandi vinnur náið með orkumálastjóra og öðrum stjórnendum stofnunarinnar.
Kynning á orkumálum þjóðarinnar er vaxandi þáttur í starfsemi Orkustofnunar. Gefnir eru út bæklingar og fréttabréf, auk þess sem vefsíðan er mikilvægur þáttur í kynningarmálum. Einnig stendur stofnunin fyrir ráðstefnum.

Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Guðni A Jóhannesson orkumálastjóri, sími **569 6000**, netfang **gudni.a.johannesson@os.is**.

Umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, berist **starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík**, eða á netfang **gd@os.is**, eigi síðar en **22. ágúst 2011**.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Orkumálastjóri*

**Orkugarður**
**Grensásvegi 9**
**108 Reykjavík**
**www.os.is**

**Viðgerðarmaður**
**Verslunartækni óskar eftir að ráða starfsmann í viðgerðir með reynslu af kæliviðgerðum í þjónustudeild. Vinsamlegast sendið upplýsingar á sht@verslun.is Verslunartækni, Draghálsi 4, 110 Reykjavík Sími: 535 1300, verslun@verslun.is**

Íbúðahótel í 101 Reykjavík óskar eftir vönum þernum til starfa við þrif. Reynsla nauðsynleg. Umsóknir sendist á netfang: aparthotel101@yahoo.com

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Óskum eftir að ráða fólk í kvöld-og helgarvinnu. Uppl. á netfang milano@internet.is

**Tækifæri - Áskorun**
Viltu nýta tíma þinn betur. Höfum tækifæri fyrir þig. Ábati sem skilar árangri. Þjálfun - samvinna. Upplýsingar í síma 821 4445 milli kl 10 og 12 Virka daga.

Vélstjóra, vélavörð og stýrimann óskast á bát, gerðan út frá Þorlákshöfn, vélarstærð, 465 kw. Uppl. í S: 694 8908 Guðjón

Óska eftir gröfumanni til starfa sem fyrst fram á haust. Uppl. s. 863 8099

**Hús bakarans**
Óskar eftir að ráða röskan og traustan starfskraft virka daga. Uppl. veitir Álfheiður í s. 895 9420.

Leiður á að vera undirmaður? Vertu þinn eigin herra. s. 7732100.

Grillhúsið Express í Kringlunni óskar er starfsmanni í afgreiðslustarf. Snyrtimennska og vinaleg framkoma skilyrði. Umsóknir sendist á kringlan@grillhusid.is eða leggist fram á stöðanum. Nánari upplýsingar hjá Ómari í síma 5344301

Óskum eftir fólki í vaktavinnu. Föst laun og bónusar. 20 ára og eldri og íslenskumælandi. Uppl. gefur Viggó í 553-6688 og viggo@tmi.is

2. stýrimann vantar á línuskip frá Grindavík Upplýsingar í síma 895-8906 / 420-4400

Ferðaþjónusta Vaxon leitar að rekstraraðila á veitingastað. Staður í fullum rekstri með fastan kúnnahóp. Spennandi tækifæri og góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar í síma 862-2221.

Vantar vanan vélamann á gröfu. Verður að vera með réttindi í lagi, aldur 25 ára og eldri. Uppl. s. 690 2742

## Atvinna óskast

Atvinna óskast, er vanur iðnaði, lagerstörfum, beitningu og ofl. Uppl S. 895 8601 E-mail. birgirf@internet.is

45 ára fjölhæfur iðnaðarmaður óskar eftir framtíðar/tímabundnu starfi á sjó eða í landi. Uppl. Kristinn 697 8694 eða kiddi66@gmail.com

## Tapað - Fundið

**iPhone 4 týndist í Þórsmörk**
iPhone 4, týndist laugardagskvöldið 06. júlí við varðeldin í Básum / Þórsmörk. Finnandi er vinsamlega beðin að hringja í s. 894 3331 eða 892 0380. Góð fundarlaun í boði.

## Tilkynningar



Border terrier hvarf frá Svarfhóli í Eyja-Milklaholtshrepp sl. sunnudag. Allar ábendingar um ferðir hundsins eru vel þegnar. Þórhildur s. 892-5757

## Einkamál

**Spjalldömur 908 2000**
Opið allan sólarhringin.

## Atvinna

# ATVINNA

### Starf við gagnaöflun og skráningu

MMR leitar að einstaklingum til að vinna við framkvæmd könnunar meðal ferðamanna í Leifsstöð.
Starfið felur í sér að fá ferðamenn til að svara stuttum spurningalista um dvöl þeirra á Íslandi ásamt því að skrá svör á tölvutækt form.

Um tímabundið hlutastarf er að ræða í allt að 6 mánuði og þarf viðkomandi að geta hafið störf strax.
Vinnutími er breytilegur og fylgir komu- og brottfarartímum í Leifsstöð.
Starfsmaður þarf að koma sér sjálfur til og frá flugstöðinni.

**Hæfis- og menntunarkröfur**

- Viðkomandi þarf að vera ófeiminn, sjálfsöruggur og eiga gott með að nálgast fólk af fyrra bragði
- Góð enskukunnátta - önnur tungumálakunnátta kostur
- Sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Stúdentspróf
- Góð almenn tölvuþekking

**Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á asgrimur@mmr.is**

mmr
Markaðs- og miðlarannsóknir
Laugavegi 174 - 105 Reykjavík

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

**Undirgöng undir Reykjanesbraut á móts við Straumsvík, Hafnarfjarðarbæ**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **12. september 2011.**

**Skipulagsstofnun**

# RISAHELGI Á SKJÁGOLFI

RISAMÓT

## PGA meistaramótið í beinni um helgina:

| | |
|---|---|
| Fimmtudagur | kl. 18:00 – 23:00 |
| Föstudagur | kl. 18:00 – 23:00 |
| Laugardagur | kl. 18:30 – 23:00 |
| Sunnudagur | kl. 18:30 – 23:00 |




SKJÁRGOLF

www.skjargolf.is / 595-6000

N1 Kristall vodafone



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Helga Sæunn Sigurðardóttir**

sem lést að heimili sínu Helgamagrastræti 53, Akureyri, fimmtudaginn 4. ágúst verður jarðsungin frá Glerárkirkju mánudaginn 15. ágúst klukkan 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Heimahlynningarinnar á Akureyri, heimahlynning.net.

**Sigvaldi Einarsson**
**Sigríður I. Helgadóttir**
**Matthías E. Sigvaldason** **Kristín H. Hálfdánardóttir**
**Þröstur G. Sigvaldason**
**Sævar R. Sigvaldason** **Agnes Tulinius**
**barnabörn og systkin.**

# Blómstrandi hamingja

Blómstrandi hamingjudagar verða haldnir laugardaginn 13. ágúst á Hótel Náttúru í Hveragerði. Þar getur fólk ræktað sjálft sig í einn dag en um leið hjálpað öðrum því ágóðinn rennur til Magnúsar G. Jóhannessonar og fjölskyldu hans, en Magnús lamaðist fyrir neðan mitti í vinnuslysi á Sauðárkróki fyrir stuttu.

Dagskráin hefst klukkan 12.30 en síðan taka við fjölbreyttir dagskrárliðir. Til að mynda tai chi-leikfimi og hugleiðsla með Bergþóri og Tolla Morthens. Sigríður Klingenberg verður með skemmtun og góðan boðskap. Hólmfríður Rós, ráðgjafi og blómaþerapisti, og Unnur Arndísardóttir tónheilari, jógakennari og blómaþerapisti, verða með blómadropakynningu. Þá verður Jón Víðis töframaður með töfrabrögð fyrir börnin.

Í lok dags mun Unnur Arndísardóttir leiða jógatíma en þeir sem vilja geta síðan fengið sér snæðing á hótelinu.

Verðið er 5.000 krónur og renna þær óskertar til Magnúsar. Þeir sem vilja gista á hótelinu geta það fyrir 6.000 krónur og rennur gistiverðið einnig til Magnúsar.

Bókanir fara fram í síma 483 0300 og info@hotspringshotel.is.



**TOLLI** Tolli og Bergþór Morthens munu leiða tai chi-leikfimi á Blómstrandi hamingjudögum á Hótel Náttúru á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Karl Pétursson**
læknir, Einilundi 1, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni þriðjudagsins 9. ágúst.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 16. ágúst klukkan 15.00.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Ingibjörg Pétursdóttir**
**Ólafur Tryggvi Magnússon** **Björg Vilhjálmsdóttir**
**Magnús Karl Magnússon** **Ellý Katrín Guðmundsdóttir**
**Atli Freyr Magnússon** **Steinunn Gestsdóttir**
**Ásdís Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, sonur, tengdafaðir og afi,*

**Reynir Axelsson**
skipstjóri,

sem andaðist miðvikudaginn 3. ágúst á Landspítalanum við Hringbraut deild ll-E, verður jarðsettur frá Ingjaldshólskirkju Hellissandi laugardaginn 13. ágúst kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðbjörg Jónsdóttir**
**Stígur Reynisson** **Þuríður Hall Sölvadóttir**
**Sigurlaug Anna Reynisdóttir** **Ægir Skjóldal Sigurðsson**
**Davíð Arnar Reynisson** **Ásdís Ósk Guðbjörnsdóttir**
**Sævar Þór Reynisson**
**Jóhanna Davíðsdóttir**
**og barnabörn.**



*Maðurinn minn, bróðir okkar, mágur, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Þórarinn Guðmundur Þorsteinsson**
sjómaður, Bollagötu 5, 105 Reykjavík, áður til heimilis á Reykhólum,

sem lést 4. ágúst á deild 11-E Landspítalanum við Hringbraut, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 12. ágúst kl. 13.00.

**Þórunn Játvarðardóttir**
**Steinunn Erla Þorsteinsdóttir**
**Sigvaldi Þorsteinsson** **Kristín Mogensen**
**Gústaf Jökull Ólafsson** **Herdís Erna Matthíasdóttir**
**Margrét Berglind Ólafsdóttir**
**Gyða Lóa Ólafsdóttir** **Jan Ruby Olsen**
**Hlynur Gunnarsson** **Viktoría Rán Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ragnhildur Richter**
Bústaðavegi 79,

lést föstudaginn 5. ágúst á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn 12. ágúst kl. 11.00.

**Kristján, Þórdís, Ingibjörg, Ragnhildur og María Richter og fjölskyldur.**



*Innilegar þakkir sendum við þeim öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Herdísar Guðrúnar Ólafsdóttur**
Brúnavegi 9, 104 Reykjavík.

**Viðar Gunnarsson** **Guðbjörg Bergs**
**Ómar Þór Gunnarsson** **Guðný Ólafsdóttir**
**Ástríður Ólöf Gunnarsdóttir** **Kjartan Hrafn Helgason**
**Bjarni Matthías Gunnarsson** **Hulda Björk Erlingsdóttir**
**og barnabörn.**



*Elskuleg móðir mín, amma og systir,*

**Þórunn H. Felixdóttir**
kennari og námsráðgjafi,

lést á Landspítalanum 6. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 12. ágúst klukkan 15.

**Felix Valsson**
**Þórunn Helga Felixdóttir**
**Áslaug Felixdóttir**
**Bergur Felixson og Ingibjörg Guðmundsdóttir**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Margrét Hannesdóttir**
frá Núpsstað, Langholtsvegi 15,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ miðvikudaginn 3. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 11. ágúst kl. 13.

**Jón Valur Samúelsson** **Lovísa Gunnarsdóttir**
**Elsa Samúelsdóttir**
**Margrét Samúelsdóttir** **Sveinn Sveinbjörnsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar,*

**Ástríðar Karlsdóttur**
Klapparstíg 14, 101 Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á lungnadeild og gjörgæslu Landspítalans í Fossvogi fyrir einstaka umönnun og umhyggju.

**F.h. aðstandenda,**
**Dóra Sif Tynes**
**Hrefna Tynes**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Garðar Gíslason**
fv. slökkviliðsmaður,

er látinn.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Eiginkona, börn og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær dóttir okkar, systir og barnabarn,*

**Eva Lynn Fogg**

sem lést af slysförum 3. ágúst sl. verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. ágúst kl. 13.00.

**Guðrún Olga Gústafsdóttir**
**Keith Fogg**
**Aron Már Ólafsson**
**Gústaf Þór Ágústsson**
**Dennis Fogg** **Jean Fogg**



*Systir okkar, mágkona og frænka,*

**Halldóra Sigurðardóttir**
lögfræðingur,
Flyðrugranda 8, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Neskirkju, föstudaginn 12. ágúst kl. 13.00.

**Hulda Pétursdóttir**
**Þórdís Sigurðardóttir** **Eyþór Guðmundsson**
**Ólafur Jens Sigurðsson** **Margrét Valdemarsdóttir**
**Ingibjörg S. Kolbeins** **Kristjón P. Kolbeins**
**Kolbrún Guðnadóttir**
**og systkinabörnin.**




© Inter IKEA Systems B.V. 2011



**TRÅL vinnulampi 5.790,-**
Ø9, H64cm. Hvítt
**TRÅL vegglampi 2.990,-**
Ø9, H24cm. Hvítt



**MÅLA pappír 995,-**
Inniheldur: 191 stk. A4 blöð
og 50 stk. A3 blöð. Ýmsir litir



**RIBBA rammar.** Ýmsir litir
B13×H18cm **795,-**
B21×H30cm **1.490,-**



**MÅLA töflupennar**
**395,-/7 í pk.**
Ýmsir litir

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** í röð, **8.** gogg, **9.** rénun, **11.** í röð, **12.** miklu, **14.** rófa, **16.** klafi, **17.** af, **18.** skammstöfun, **20.** pfn., **21.** svikull.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds, **3.** utan, **4.** ávaxtatré, **5.** þakbrún, **7.** kæna, **10.** stal, **13.** skarð, **15.** rótartauga, **16.** hluti verkfæris, **19.** bókstafur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** sápu, **6.** áb, **8.** nef, **9.** lát, **11.** rs, **12.** stóru, **14.** skott, **16.** ok, **17.** frá, **18.** rek, **20.** ég, **21.** flár.
**LÓÐRÉTT:** **1.** báls, **3.** án, **4.** perutré, **5.** ufs, **7.** bátskel, **10.** tók, **13.** rof, **15.** tága, **16.** orf, **19.** ká.


„Mér er sama hvað sagt er um mig“

Linda Björg Árnadóttir er á leiðinni í sjónvarpið með hreinskilnina að vopni.





FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN


# Spænska veikin í stofunni heima

BAKÞANKAR
Sigríðar Víðis Jónsdóttur



Einn daginn þegar afi minn vaknaði var hrím í loftinu fyrir ofan hann. Hlutir voru freðnir – inni hjá honum. Þetta var árið 1918: Frostaveturinn mikla.

**SAMA** ár veiktist amma mín af spænsku veikinni. „Stríðinu“ var þá um það bil að ljúka (fyrri heimsstyrjöldina kallaði hún aldrei annað en „stríðið“) og Katla nýbyrjuð að gjósa. Þetta var viðburðaríkt ár. Amma lifði spænsku veikina af en hún mundi alltaf endalausar hringingarnar í kirkjuklukkunum – jarðarfarir þeirra sem ekki höfðu það af.

**AMMA** var fædd árið 1897 í Suður-Þingeyjarsýslu. Í Reykjavík bjuggu þá einungis nokkur þúsund manns og barnadauði var hæstur á Íslandi í allri Evrópu. Amma lifði af kreppuna miklu og sá valdasjúka menn æsa hver annan upp í styrjöld á nýjan leik. Hún sá útvarp og sjónvarp koma fram á sjónarsviðið, upplifði að rafmagn væri lagt í hvert hús og húsin tengd saman með símalínum – hún sá hringveginn opnaðan og Reykjavík breytast í borg. Þegar hún bjó heima hjá mér á Akranesi seinustu æviár sín hafði hún upplifað svo margt að það var hálfskrýtið að hugsa til þess að það rúmaðist allt í einni mannsævi.

**„ÉG** er nú svo aldeilis hissa,“ sagði hún með vissu millibili. Þá hafði hún heyrt eitthvað sem kom henni reglulega á óvart. Sjálf hef ég oft velt fyrir mér hver viðbrögð hennar hefðu orðið við útblæstri bankanna, græðginni, sukkinu, skammsýninni og efnahagshruninu sem fylgdi. Hefði hún ekki orðið aldeilis hissa? Og hvernig hefði hún séð kreppu dagsins í dag miðað við kreppuna miklu?

**STUNDUM** hef ég líka hugsað um það hvort hún amma mín hefði orðið aldeilis hissa yfir því hvað reynsluleysi var upphafið í góðærinu. Hvernig reynsla var jafnvel álitin til trafala – unga fólkið kunni, vissi og gat. Nema að síðan stóðu margir alveg á gati. Var ekki skeytingarleysið algjört gagnvart þeim sem byggt höfðu upp landið og safnað á langri ævi í reynslubankann? Hafði sagan líka ekki kennt okkur að allt sem fer upp kemur aftur niður – eða skipti sagan engu máli lengur?

**ÞAÐ** hefði verið gaman að ræða þetta við ömmu. Og ég veit að hún hefði laumað að mér einum, litlum Síríus-súkkulaðimola á meðan. Hún geymdi þá í fallegri skál. Amma mín var ekki af þeirri kynslóð sem gúffaði hömlulaust í sig sætindum – þeirri sem varð á endanum að skammta sér ákveðna nammidaga til að vera ekki stanslaust í sykursjokki.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA Í SKEIFUNNI 11

# ÓDÝRT Í SKÓLANN!!!

GRIFFILL SVARAR SAMKEPPNI

HOPPUKASTALI Á PLANINU! ÓKEYPIS ANDLITSMÁLNING OG LÍMMIÐAR FYRIR BÖRNIN

39 KR
Skrúfblýantar 0,5

89 KR
Yddari í tunnu

9 KR
Strokleður

SJÁÐU VERÐIÐ!

97 KR
Trélitir 12 stk.

99 KR
Stílabók A4 vírheft

59 KR
Áherslupenni - margir litir

SJÁÐU VERÐIÐ!

47 KR
Límstifti 8 gr.

99 KR
Tímaritabox nokkrir litir

47 KR
Reglustika 30 cm

Auglýsingin gildir til og með 14. ágúst eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

GRIFFILL ALLTAF ÓDÝRARI

SKEIFUNNI 11, 108 RVK. S. 5331010

# menning

menning@frettabladid.is

**!** **BALKÖNSK SVEIFLA FYRIR NORÐAN** Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans leikur á Listasumri á Akureyri í kvöld og á Café Haiti í Reykjavík á morgun. Báðir tónleikarnir hefjast kl. 21.30. Efnisskrá hljómsveitarinnar er samsett úr þjóðlegri tónlist frá Balkanlöndunum. Hljómsveitina skipa Haukur Gröndal á klarínett, Ásgeir Ásgeirsson á tamboura, bouzouki og saz, Þorgrímur Jónsson á rafbassa og Erik Qvick á trommur og slagverk.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 11. ágúst**

### → Tónleikar

**20.00** Sænsku tónskáldin **Eva Sidén** og **Jens Hedman** verða með tónleika í **Norræna húsinu**. Aðgangur er ókeypis.

**21.30** Hljómsveitin **Skuggamyndir frá Býsans** leika í **Deiglunni**, Akureyri. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr. 1.000 fyrir félaga í Djassklúbbi Akureyrar.

**22.00** Hljómsveitin **Coral** með útgáfutónleika á **Faktorý**. Hljómsveitin Caterpillarmen sér um upphitun. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Hljómsveitin **Prinspóló** heldur tónleika á **Café Riis**, Hólmavík. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** **Pétur Ben** og **Eberg** halda útgáfutónleika á **Sódómu**. Hljómsveitin Ourlives sér um upphitun. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

### → Söfn

**20.00** **Minjasafn Reykjavíkur**, **Ljósmyndasafn Reykjavíkur**, **Borgarbókasafn** og **Listasafn Reykjavíkur** standa fyrir sameiginlegri kvöldgöngu um Laugaveginn og nágrenni. Gangan tekur um klukkustund og er lagt af stað milli **Tryggvagötu 15** og **17**. Þátttaka er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

03.08.11 -09.08.11




**1** Frelsarinn - kilja
Jo Nesbø




**2** Einn dagur - kilja
David Nicholls




**3** Hefndargyðjan
Sara Blædel




**4** Íslenskur fuglavísir - nýr
Jóhann Óli Hilmarsson




**5** Ófreskjan
Roslund & Hellstrom




**6** Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir




**7** Skindauði - kilja
Thomas Enger




**8** Nemesis - kilja
Jo Nesbø




**9** Sokkaprjón
Guðrún S. Magnúsdóttir




**10** 10 árum yngri á 10 vikum
Þorbjörg Hafsteinsdóttir

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**STÍFLA FYRIR VIRKJUN** Stífla í Fljótum er fyrirmynd Hrútadals í Dalalífi Guðrúnar frá Lundi. Árið 1940 var ákveðið að virkja Stífluá til að sjá Siglfirðingum fyrir rafmagni. Fór þá ein fegursta sveit landsins undir vatn en hún lifir áfram í verkum Guðrúnar.

# Hrútadalur lifnar við

**Málþing helgað Guðrúnu frá Lundi og öðrum sagnfirskum sagnaskáldum verður haldið í Ketilási í Fljótum laugardaginn 13. ágúst.**

Þetta er annað árið í röð sem málþing um Guðrúnu Árnadóttur, sem kenndi sig við Lund í Fljótunum, er haldið í Ketilási. Málþingið í fyrra var haldið að áeggjan heimamanna sem vildu efla menningartengda heimaþjónustu. Á fjórða hundrað gesta sóttu málþingið og varð því ekki undan því vikist að endurtaka leikinn í ár.

„Í fyrra var yfirskrift málþingsins: „Er enn líf í Hrútadal?“, sem er sögusvið Dalalífs. Það reyndist svo sannarlega vera og því er yfirskriftin í ár: „Það er líf í Hrútadal,“ segir Guðjón Ragnar Jónasson einn af skipuleggjendum málþingsins en Hrútadalur er sögusvið Dalalífs sem dregur dám af Fljótunum og Stíflunni. Guðjón



GUÐJÓN RAGNAR JÓNASSON

segir sjónarhorn dagskrárinnar víðara í ár en í fyrra. „Við beinum sjónum okkar einnig að öðrum sagnaskáldum í Skagafirði, þótt Guðrún og verk hennar séu enn þungamiðjan.“

Guðjón segir verk Guðrúnar frá Lundi alls ekki gleymd. Miðað við útlán á bókasöfnum er Guðrún frá Lundi enn einn vinsælasti rithöfundur þjóðarinnar; á bókasafninu í Skagafirði hafi til að mynda þurft að binda bækur hennar inn til að forða þeim frá sliti.

„Ég held að fólk sæki í bækur hennar því sjónarhorn hennar er svo sérstakt. Hún fangar tíðarandann afskaplega vel og gegnum verk hennar birtist andblær hins liðna manni ljóslifandi. Fyrirmyndum Hrútadals, Fljótunum og Stíflu, var sökkt 1945 en Dalalíf kom út árið eftir og þegar maður lítur yfir svæðið sér maður fyrir sér bæina sem Guðrún skrifar um.“

Svandís Svavarsdóttir menntamálaráðherra setur málþingið á laugardag. Að því loknu flytur Baldur Hafstað prófessor erindi um skagfirska sagnamenningu. Hallgrímur Helgason rithöfundur og Álfdís Þorleifsdóttir, meistaranemi í íslensku, flytja erindi um verk Guðrúnar, auk þess sem Hallgrímur heldur spurningakeppni, Flettu betur. Fluttur verður leikþátturinn Brot úr degi Guðrúnar frá Lundi, eftir Ingibjörgu Hjartardóttur.

Þá verður efnt til landsmótsleshópanna, þar sem almennir lesendur geta lagt orð í belg um höfundarverk Guðrúnar. Um kvöldið verður slegið upp harmoníkuballi þar sem andi Hrútadals svífur yfir vötnum.

„Við leggjum áherslu á að þetta er alþýðleg bókmenntahátíð, þar sem allir geta tekið þátt,“ segir Guðjón. „Við keyrum þetta áfram á léttleikanum og gleðinni.“

bergsteinn@frettabladid.is

# Flott kynning en fátt annað

Tónlist ★★★

**Á hinsegin nótum**

Tónlist eftir samkynhneigð tónskáld í Norðurljósum Hörpu.

**Flytjendur:** Ýmsir **Kynnir:** Árni Heimir Ingólfsson



LJÓSMYND/BEN MATHIS

Mörg tónskáld hafa verið samkynhneigð. Corelli var hommi, líka Saint-Saens, Tsjajkovskí, Leonard Bernstein, John Cage og ótal fleiri. Sjálfsagt hafa allnokkrir tónleikar verið haldnir á Íslandi þar sem eingöngu klassísk tónlist eftir samkynhneigð tónskáld hefur verið á dagskránni. En það hefur aldrei verið yfirlýst þema tónleikanna fyrr en nú. Alltént man ég ekki eftir því.

Í tilefni Hinsegin daga í Reykjavík var efnt til slíkra tónleika í einum af minni sölum Hörpunnar, Norðurljósum. Þetta eru aðrir tónleikarnir sem ég fer á í Norðurljósum, hinir fyrri voru rafmagnaðir. Það var allt í lagi með þá. Sömu sögu er ekki að segja nú. Tónlistin var órafmögnuð, hljóðfæraleikurinn og söngurinn. Hvorugt kom nægilega vel út í hljómburði salarins. Strengir virkuðu flatir og litlausir, Gunnhildur Daðadóttir á fiðlu, Guðný Jónasdóttir á selló og sjálf Sigrún Eðvaldsdóttir. Mér heyrðist Sigrún reyna að bregðast við þessum aðstæðum með óhóflegu víbratói, en það virkaði ekki sem skyldi.

Þess ber að geta að bæði Guðný og Gunnhildur eru fremur óreyndir spilarar. Og það er ekki auðvelt að gera sitt besta á tónleikum þar sem efnisskráin er bland-í-poka. Hver flytjandi hefur aðeins nokkrar mínútur. Það er enginn tími til að komast almennilega í gang. Þetta var fremur áberandi galli á tónleikunum. Flytjendur týndu sér aldrei í tónlistinni.

Söngurinn kom ekki betur út í hljómburðinum. Í minningunni um frábæra tónleika í Salnum í vetur var hin bráðefnilega Herdís Anna Jónasdóttir aðeins skugginn af sjálfri sér. Bergþór Pálsson var líflegur og skemmtilegur að vanda, en rödd hans hefur notið sín betur annars staðar. Fallegar raddir þeirra Eyjólfs Eyjólfssonar og Hafsteins Þórólfssonar hljómuðu ekki heldur nægilega vel. Sömu sögu er að segja um klarinettuleik Einars Jóhannessonar og píanóleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur. Og fleira.

Í rauninni hefðu þetta verið leiðinlegir tónleikar ef Árni Heimir Ingólfsson, sem sá um langmestan meðleikinn, hefði ekki verið svona skemmtilegur. Hann spilaði prýðilega, og svo var hann einstaklega líflegur þegar hann talaði á milli atriða og sagði frá músíkinni sem var næst á dagskrá. Þetta gerði að verkum að sjálfur tónlistarflutningurinn varð aukaatriði. Allt sem fólk fékk að vita UM tónlistina – það var málið. Árni Heimir reytti af sér brandarana og maður skellihló hvað eftir annað. Tónskáldin, líf þeirra og verk, sögulegur bakgrunnur – þetta varð ljóslifandi í hugskoti manns.

Hljómburðurinn í Norðurljósum er vissulega vonbrigði. En eins og kom hér fram að framan virðist rafmögnuð tónlist þar hljóma vel. Og veggirnir geta skipt litum, sem er einstakt á Íslandi. Þetta gerir Norðurljósin að ákjósanlegum vettvangi fyrir rafmagnaða, „nýgilda“ tónlist. En klassíkin ætti sennilega að vera annars staðar.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Fremur misjafnir tónleikar sem liðu fyrir slappan hljómburð. En kynningin á verkunum og tónskáldunum var frábær.


ÞÖKKUM FYRIR FRÁBÆRA ÞÁTTÖKU Í SUMARLEIK HLEÐSLU Á FÉSBÓK
BESTA MYND SUMARSINS
NÝ BRAGÐTEGUND KÓKOS OG SÚKKULAÐI
HLEÐSLA ÍÞRÓTTADRYKKUR
100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN
WWW.MS.IS
ÍSLENSKA SIA.IS MSA 55864 08/11


JAY-Z & KANYE WEST


JEFF BRIDGES

## > Í SPILARANUM

Jay-Z & Kanye West - Watch the Throne
The Horrors - Skying
The Antlers - Burst Apart
Mates Of State - Mountaintops
Jeff Bridges - Jeff Bridges

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Tvöfaldur pakki frá Radiohead

Tvöfaldur geisladiskur mun vera á leiðinni frá hljómsveitinni Radiohead í næsta mánuði. Á disknum verður að finna nítján endurhljóðblandanir á lögum sveitarinnar af plötunni The King Of Limbs sem kom út fyrr á árinu.

Thom Yorke og félagar í Radiohead hafa ekkert látið uppi um þessa útgáfu. Aðdáendasíðan AtEase greinir frá því að á plötunni verði endurhljóðblandanir eftir listamenn á borð við Caribou, Four Tet og Jamie xx. Útgáfudagurinn er 16. september.

Undanfarnar vikur hefur Radiohead gefið út smáskífur með endurhljóðblöndunum á lögum The King Of Limbs. Þær verða allar á fyrri hluta umræddrar plötu en á þeirri seinni verður óútgefið efni. Í frétt á vef NME kemur fram að platan komi fyrst út í Japan en þremur vikum síðar um allan heim.

Einu tónleikar Radiohead eftir útgáfu The King Of Limbs voru óvæntir tónleikar á Glastonbury-hátíðinni í Englandi. Ekki eru áform uppi um frekara tónleikahald.


**THOM YORKE Á GLASTONBURY** Von er á tvöfaldri plötu með endurhljóðblönduðum lögum Radiohead í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




## > PLATA VIKUNNAR

Jón Jónsson - Wait For Fate
★★★
„Grípandi og þægileg frumsmíð.“
-TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Í fótspor föðursins*

Poppstjörnubörnum sem leggja tónlistina fyrir sig gengur ekki alltaf mjög vel í bransanum. Þeim er stöðugt líkt við foreldrið, sem búið er að hefja upp til skýjanna, og samanburðurinn verður afkvæminu í óhag. Það er ekki auðvelt fyrir mannlegar verur að keppa við goð.

Það er líka margumtalað að börn fræga fólksins eiga oft erfitt uppdráttar. Baxter Dury er elsti sonur breska tónlistarmannsins Ian Dury sem var upp á sitt besta á pönkárunum og gerði það gott með lögum eins og Hit Me With Your Rhythm Stick, What a Waste og Sex & Drugs & Rock & Roll. Dury lést úr krabbameini árið 2000. Lífi hans hefur verið gerð skil síðustu ár bæði í bókum og kvikmyndum og í þeim kemur vel fram að líf Baxters var ekki alltaf auðvelt. Pabbinn var frábær tónlistarmaður og textahöfundur, en líka sjálfmiðað ólíkindatól. Baxter hefur sjálfur glímt við fíknir og óreglu.



**NÝ KYNSLÓÐ** Baxter sonur Ians Dury er að senda frá sér plötuna Happy Soup.

Baxter er búinn að vera í tónlist nokkuð lengi. Fyrsta platan hans, Len Parrot‘s Memorial Lift, kom út árið 2002 og þremur árum seinna kom Floor Show. Báðar ágætar þó að Floor Show sé betri. Eftir helgina kemur svo þriðja platan hans út. Hún heitir Happy Soup og kemur út hjá Regal sem er hluti af EMI-samsteypunni. Og nú hefur sonurinn hitt á ómótstæðilega formúlu. Tónlistin á Happy Soup er einföld og á köflum nánast barnaleg, en hæfir textunum einstaklega vel. Söngrödd Baxters minnir alltaf meira og meira á föðurinn og það er líka ákveðin samsvörun í textunum þó að Baxter sé ekkert að stæla Ian. Báðir fjalla á skemmtilegan hátt um ofur hversdagslega hluti.

Það er óhætt að mæla með Happy Soup, bæði fyrir aðdáendur Ians Dury og hina sem þoldu ekki þann gamla…

# Fyrsta poppstjarna dubstep-kynslóðarinnar

**Á meðal þeirra sem eru tilnefndir til Mercury-verðlaunanna í ár er breska söngkonan Katy B, en fyrsta platan hennar, On a Mission, hefur selst vel og fengið frábæra dóma. Trausti Júlíusson skoðaði Katy.**

Þó að breska söngkonan Katy B sé ekki nema 22 ára gömul og hafi verið að senda frá sér sína fyrstu plötu þá er hún búin að vera að syngja í nokkur ár. Hún kemur úr dubstep/garage kreðsum Lundúnaborgar og vakti fyrst athygli þegar hún söng lagið Tell Me inn á plötu með DJ NG árið 2006. Nýlega var tilkynnt að platan hennar, On a Mission, væri tilnefnd til hinna virtu Mercury-verðlauna.

### Píparadóttir frá Peckham

Katy B (sem einnig hefur notað nafnið Baby Katy) heitir réttu nafni Kathleen Brien. Hún er fædd og uppalin í Peckham-hverfinu í Suður-London og er dóttir pípara og bréfbera.

Eins og margar fleiri breskar poppstjörnur síðustu ára (Adele, Amy Winehouse, Katie Melua…) þá gekk Katy í BRIT-skólann í Croydon, en hann er ætlaður ungu hæfileikafólki í tónlist og öðrum skapandi greinum. Í fyrra kláraði Katy líka tónlistarnám við Goldsmiths-háskólann, en um svipað leyti kom fyrsta smáskífan hennar, Katy on a Mission, út. Hún var unnin af dubstep-kempunni Benga og kom út á vegum útvarpsstöðvarinnar Rinse FM. Katy on a Mission náði 5. sæti breska smáskífulistans og næsta litla platan hennar, Lights on, komst í 4. sæti. Í því lagi syngur Ms Dynamite með Katy, en hún er ekki ókunn Mercury-verðlaununum, fékk þau árið 2002 fyrir plötuna A Little Deeper. Í apríl síðastliðnum kom svo fyrsta stóra plata Katy B, On a Mission, út á vegum Columbia-útgáfurisans.


**Á UPPLEIÐ** Katy B er ein af heitustu nýju poppstjörnunum í Bretlandi. NORDICPHOTOS/GETTY

### Ferskt nútímapopp

On a Mission er meðal annars unnin með fyrrnefndum Benga, en líka með DJ Zinc og Geeneus. Tónlistin á henni er fjölskrúðugt danspopp undir áhrifum frá garage, dubstep og drum & bass-tónlist.

Katy er fín söngkona og platan hennar er ferskt og velkomið innlegg í vinsældapoppið. Hún hefur selst vel, fór beint í 2. sæti breska listans. Þess vegna hefur Katy verið kölluð fyrsta poppstjarna dubstep-kynslóðarinnar. Platan On a Mission hefur fengið fína dóma bæði í bresku pressunni og miðlum eins og Pitchforkmedia sem gaf henni 8,1 í einkunn. Enn sem komið er er Katy B aðallega þekkt í heimalandinu, en Mercury-tilnefningin gæti breytt því.

Þegar maður hlustar á On a Mission þá kemur sænska poppstjarnan Robyn upp í hugann. Bæði Katy B og Robyn búa til flott nútímapopp. Robyn er kannski svalari týpa og á sér lengri sögu, en tónlistarlega er Katy síst verri. On a Mission er flott plata. Full af smellum. Það verður gaman að sjá hvernig henni reiðir af í samkeppninni við Adele, Önnu Calvi, PJ Harvey, James Blake, Elbow, Metronomy og alla hina sem eru tilnefndir til Mercury-verðlaunanna í ár.





Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011
Allt sem þú þarft


## LAGALISTINN

Vikuna 4. ágúst - 10. ágúst 2011

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▲ 1 | Of Monsters And Men | Little Talks |
| ▲ 2 | Coldplay | Every Teardrop Is A Waterfall |
| ▼ 3 | Páll Óskar | La Dolce Vita |
| ▲ 4 | Adele | Set Fire To The Rain |
| ▼ 5 | Bubbi Morthens | Háskaleikur |
| ▼ 6 | Steindi JR / Bent / Matti Matt | Gull af mönnum |
| ▼ 7 | Berndsen & Bubbi | Úlfur Úlfur |
| ▶ 8 | Steven Tyler | It Feels So Good |
| ▲ 9 | Rihanna | Man Down |
| ▲ 10 | Hjálmar | Í gegnum móðuna |

## TÓNLISTINN

Vikuna 4. ágúst - 10. ágúst 2011

| Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Helgi Björns & reiðmenn vind. | Ég vil fara uppí sveit |
| ▶ 2 | Steindinn okkar | *Án djóks … samt djók* |
| ▲ 3 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▲ 4 | Bubbi | *Ég trúi á þig* |
| ▼ 5 | Björgvin & Hjartagosarnir | *Leiðin heim* |
| ▶ 6 | Jón Jónsson | *Wait For Fate* |
| ▲ 7 | Björk | *Gling gló* |
| ▼ 8 | Valdimar | *Undraland* |
| ▼ 9 | Ýmsir | *Pottþétt 55* |
| ▶ 10 | Ýmsir | *Stuð stuð stuð* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is


DKNY
BY MALENE BIRGER
GERARD DAREL
BRUUNS BAZAAR
KRISTENSEN DU NORD
FRENCH CONNECTION
TWIST&TANGO
FREE LANCE
STRATEGIA
BILLI BI
HAUST 2011
Nýjar vörur komnar
eva
Laugavegi 26 | s.512 1715
www.ntc.is | erum á facebook

# Fólk

folk@frettabladid.is



11. **ÞÁTTARÖÐ** American Idol hefst í janúar. Dómararnir úr síðustu þáttaröð, þau Jennifer Lopez, Randy Jackson og Steven Tyler, hafa öll staðfest þátttöku sína.

## Prinspóló heldur vestur

**Tónleikaferðalag hljómsveitarinnar Prinspóló um Vestfirði hefst klukkan 22 í kvöld á Café Riis á Hólmavík. Svavar Pétur Eysteinsson, forsprakki sveitarinnar, segir að markmið ferðarinnar sé að leika tónlist og borða góðan mat. Af þeim sökum verði sérstakur hátíðarmatseðill í boði á hverjum viðkomustað.**

**Annað kvöld leikur Prinspóló í Tjöruhúsinu á Ísafirði og hefjast tónleikarnir klukkan 22. Þriðju og síðustu tónleikar ferðarinnar eru svo á Vagninum á Flateyri á laugardagskvöld og hefjast þeir á miðnætti. Miðaverð á alla tónleikana er þúsund krónur.**



**Á VESTURLEIÐ** Svavar Pétur og félagar í Prinspóló spila á Vestfjörðum um helgina.



**DÓNALEGUR** Justin Timberlake þótti dónalegur við starfsstúlku.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Timberlake er dóni

**Justin Timberlake er að sögn aðdáenda og annara orðinn heldur góður með sig og ásamt því að neita að gefa eiginhandaráritanir er hann nú einnig dónalegur við starfsfólk veitingastaða.**

**Timberlake heimsótti skemmtistaðinn Boom Boom Room í New York ásamt fríðu föruneyti og var að sögn viðstaddra einstaklega fúll og dónalegur. „Hann pantaði kampavín en kvartaði svo undan því og heimtaði nýtt glas. Þegar þjóninn kom með nýtt kampavínsglas skilaði hann því líka og bað hana að koma með þriðja glasið. Hann tók við því en sagði við vini sína að kampavínið væri ekki gott en að hann nennti ekki að eiga við stúlkuna lengur," var haft eftir sjónarvotti.**

# ÓLGANDI ÓEIRÐAROKK

**Óeirðirnar sem geisa á Englandi eiga sér því miður ófá fordæmi. Félagsleg togstreita í Bretlandi og víðar hefur markað djúp spor í dægurmenningu Vesturlanda og fæddi meðal annars af sér pönkbylgjuna á áttunda áratugnum. Ójöfnuður og róstur hafa þó orðið fleiri en pönkurum yrkisefni. Fréttablaðið setti saman lista yfir nokkur nýklassísk lög sem félagsleg ólga í Bretlandi hefur leitt af sér á liðnum áratugum.**




**London brennur**

| | | |
|---|---|---|
| Rolling Stones | Street Fighting Man | 1968 |
| Sex Pistols | Anarchy in the UK | 1977 |
| The Clash | London's Burning | 1977 |
| The Clash | White riot | 1977 |
| The Clash | Guns of Brixton | 1979 |
| Elvis Costello | Oliver's Army | 1979 |
| The Specials | Ghost Town | 1981 |
| Eddie Grant | Electric Avenue | 1982 |
| The Jam | Town Called Malice | 1982 |
| The Smiths | Panic | 1986 |
| Kaiser Chiefs | I predict a riot | 2004 |

## Lohan meinaður aðgangur baksviðs

Vandræðagemlingurinn Lindsay Lohan eyddi allri síðustu helgi í að elta bassaleikara Coldplay, Guy Berryman, á röndum. Lohan hefur, að sögn slúðurmiðla vestanhafs, fengið augastað á bassaleikaranum og eyddi allri helginni í að flakka á milli tónleika í Chicago með systur sinni Ali.

Á laugardaginn var sást Lohan skælbrosandi á fremsta bekk á tónleikum og skrifaði ástarjátningar til sveitarinnar á Twitter í kjölfarið. Eftir tónleikana minnkaði hins vegar ánægja leikkonunnar með sveitina þegar henni var meinaður aðgangur baksviðs. Eftir að hún frétti að stallsystur hennar, Kate Bosworth og Gwyneth Paltrow, eiginkona Chris Martin söngvara Coldplay, hefðu komist baksviðs varð hún alveg brjáluð út í dyraverðina og rauk á dyr.



**VARÐ BRJÁLUÐ** Lindsay Lohan varð alveg brjáluð þegar hún fékk ekki að fara baksviðs til Coldplay.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Dikta pönkar á Patró

Pönk á Patró verður haldið í Sjóræningjahúsinu á Patreksfirði í þriðja sinn næsta laugardag. Í þetta skipti kemur hljómsveitin Dikta fram, en síðasta sumar komu hljómsveitirnar Pollapönk og Amiina fram.

Pönk á Patró gengur út á virka þátttöku barna og unglinga en þeim gefst kostur á að eyða tíma með hljómsveit dagsins. Dikta stjórnar sem sagt tónlistarsmiðju en heldur svo tvenna tónleika í Eldsmiðju Sjóræningjahússins. Þá fyrri fyrir börn og unglinga að lokinni tónlistarsmiðju og þá seinni klukkan 21 um kvöldið. Frítt er fyrir börn og unglinga á tónleikana sem og í tónlistarsmiðjuna sem hefst klukkan 13. Aðgöngumiði á tónleikana um kvöldið kostar 1.500 krónur.



**DIKTA STÝRIR TÓNLISTARSMIÐJU** Börnum og unglingum gefst tækifæri til að vinna að tónlist með hinum hressu meðlimum Diktu á Patró um helgina.

# Pétur Ben og Eberg fagna útgáfunni

Tónlistarmennirnir Pétur Ben og Eberg gáfu út plötuna Numbers Game á dögunum. Þeir fagna útgáfunni með tónleikum á Sódómu í kvöld. Miðaverð er 1.500 krónur, húsið verður opnað klukkan 21 og tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 22.

Hljómsveitin Ourlives hitar upp og spilar efni af væntanlegri annarri breiðskífu sinni, sem kemur út hjá Kölska útgáfunni í september.

Á Numbers Game leiða Pétur Ben og Eberg saman hesta sína.

Á meðal gesta á plötunni eru Mugison, Sigtryggur Baldursson, Gísli Galdur ásamt Maríu og Hildi úr Amiinu. Platan inniheldur meðal annars lagið Come on Come over sem flestir ættu að þekkja úr Nova auglýsingum.



**TÓNLEIKAR Í KVÖLD** Pétur Ben og Eberg fagna útgáfu plötunnar Numbers Game í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



**EYÐILAGÐUR** Veitingastaður sjónvarpskokksins Jamies Oliver í Birmingham varð fyrir árás í óeirðunum. NORDICPHOTO/GETTY

# Ráðist á búð Gallaghers

**Óeirðirnar á Englandi hafa ekki farið framhjá neinum og eru svo sannarlega farnar að taka sinn toll. Sjónvarpskokkurinn Jamie Oliver varð fyrir barðinu á óeirðaseggjunum en veitingastaður hans, sem er í verslunarmiðstöð í Birmingham, var eyðilagður af æstum unglingum.**

**Allar rúður voru brotnar á staðnum en gestir staðarins og starfsfólk slapp ómeitt. Jamie Oliver hafði stuttu áður sent út skilaboð á samskiptavefnum Twitter þar sem hann hvatti Englendinga til að „taka landið sitt til baka og standa uppi í hárinu á þessum bjánum".**

**Fyrrverandi söngvari Oasis og núverandi liðsmaður hljómsveitarinnar Beady Eye, Liam Gallagher, hefur heldur ekki farið varhluta af óeirðunum. Fatabúð hans, Pretty Green, í Manchester var bæði rænd og eyðilögð á þriðjudagskvöldið en Gallagher hefur ekki tjáð sig um það opinberlega.**



**RÆNDUR** Fatabúð Liam Gallagher í Manchester var bæði rænd og eyðilögð.

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

HÖRKU SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA IRON MAN
POWERSÝNING KL. 10.00
★★★ M.M.J - kvikmyndir.is
★★★½ T.V. - kvikmyndir.is
COWBOYS & ALIENS 14
ÍSLENSKT TAL · SÝND Í 2D OG 3D · STRUMPARNIR · L
★★★★ H.V.A. - FBL · ★★★½ T.V. - kvikmyndir.is · CAPTAIN AMERICA · 12
BRIDESMAIDS 12

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| COWBOYS & ALIENS | 5, 7.30 og 10(POWER) |
| STRUMPARNIR - 3D | 4 og 6 - ISL TAL |
| STRUMPARNIR - 2D | 4 - ISL TAL |
| CAPTAIN AMERICA - 3D | 8 og 10.30 |
| BRIDESMAIDS | 7.30 og 10 |

SAMBÍÓIN
★★★ M.M.J - Kvikmyndir.com
★★★½ „Bráðskemmtilegur hrærigrautur af sci-fi í Spielberg-stíl og klassískum vestra. Craig og Ford eru eitursvalir!"
T.V. - Kvikmyndir.is / Séð og Heyrt
HÖRKU SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA IRON MAN
Hinir einu sönnu Strumpar mæta loksins á hvíta tjaldið og fara á kostum í stærsta ævintýri ársins.
STRUMPARNIR
RISE OF THE PLANET OF THE APES
STÓRKOSTLEGAR TÆKNIBRELLUR
HORRIBLE BOSSES · CAPTAIN AMERICA · HARRY POTTER

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| COWBOYS & ALIENS | Sýnd kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 5:30(2D) - 8(3D) - 10.30(3D) | 12 |
| GREEN LANTERN LUXUS VIP | Sýnd í 2D kl. 3 - 8 - 10.30 | VIP |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í 2D kl. 8 - 10:40 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd kl. 5:30 | VIP |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd kl. 3 - 5.30 3D | L |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 3 - 5.30 | L |
| HARRY POTTER | Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | |
| TRANSFORMERS 3 | Sýnd í 2D kl. 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 | Sýnd í 2D kl. 3 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| STRUMPARNIR m/ísl tali 3D Sýnd kl. 2:30 - 5 | L |
| STRUMPARNIR m/ísl tali 2D Sýnd kl. 2:30 | L |
| COWBOYS & ALIENS 2D Sýnd kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 14 |
| BÍLAR 2 3D Sýnd kl. 2:30 - 5 | L |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES 2D Sýnd kl. 8 - 10:30 | 12 |
| GREEN LANTERN 3D Sýnd kl. 8 - 10:45 | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali 2D Sýnd kl. 2:30 | L |
| HARRY POTTER 3D Sýnd kl. 5 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2D Sýnd kl. 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA: THE FIRST AVENGER 3D Sýnd kl. 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN (3D) | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| CARS 2 BÍLAR 2 m/ísl tali (2D) | kl. 5:40 | L |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER (2D) | kl. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR ísl. tali | Sýnd í 3D kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| STRUMPARNIR ísl. tali | Sýnd í 2D kl. 3:40 - 5:50 | L |
| GREEN LANTERN | Sýnd í 3D kl. 10:20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | Sýnd í 3D kl. 10:30 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í 2D kl. 8 - 10:20 | 12 |
| HARRY POTTER | Sýnd í 3D kl. 8 | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | Sýnd í 3D kl. 3 - 5:30 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| COWBOYS & ALIENS | Sýnd kl. 8 - 10.30 | 14 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | Sýnd kl. 8 | 12 |
| GREEN LANTERN | Sýnd kl. 10.30 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| COWBOYS & ALIENS DIGITAL | Sýnd kl. 8 - 10:30 | 14 |
| HORRIBLE BOSSES 2D | Sýnd kl. 8 | 12 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ · FULLKOMIN GÆÐI!
STRUMPARNIR · HVAR Í STRUMPANUM ERUM VIÐ?
SÝND Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU TALI OG ENSKU TALI Í 2D
L STRUMPARNIR FARA Á KOSTUM Í ÆVINTÝRI ÁRSINS.
★★★ M.M.J. KVIKMYNDIR.COM · ★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS / SÉÐ OG HEYRT
HÖRKU SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA IRON MAN
COWBOYS & ALIENS · 14 LÚXUS midi.is
RISE OF THE PLANET OF THE APES
MÖGNUÐ STÓRMYND UM UPPHAFIÐ Á STRÍÐI MANNA OG APA SEM SEINNA MEIR MUN GJÖREYÐA MANNKYNINU.
12 ÞRÓUN SEM VARÐ AÐ BYLTINGU. midi.is
CAPTAIN AMERICA 12 midi.is
Friends With Benefits 12 midi.is

| SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5% | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 14 |
| COWBOYS AND ALIENS LÚXUS | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 8 - 10.25 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 10.20 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL. TAL 3D | KL. 3.20 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5% | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 5.40 - 8 | L |
| SMURFS 2D ENSKT TAL | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.35 | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 10.20 | 12 |

| BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 6 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 8 | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 6 - 10.15 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio


# Verður áfram tískutímarit

„Þetta var mjög óvænt og bar skyndilega að," segir Þóra Tómasdóttir, nýráðinn ritstjóri tímaritsins Nýs lífs.

Þóra hefur þónokkra reynslu af vinnu við fjölmiðla og hefur meðal annars verið í Kastljósi og nú síðast blaðamaður á Fréttatímanum. Það má því segja að hún sé að söðla um frá alvarlegum umfjöllunum fréttanna yfir í heim glanstímaritanna.

„Ég er þeim hæfileikum gædd að eiga erfitt með að taka sjálfa mig alvarlega. Þetta rímar í raun mjög vel við það sem ég hef verið að fást við hingað til. Ég hef gert bæði bíómynd og bók, og er með útvarpsþátt fyrir og um stelpur. Tímarit fyrir konur er því gott framhald á því," segir Þóra, sem boðar breyttar áherslur í tímaritinu sem hingað til hefur einbeitt sér að tísku.



**Í RISTJÓRNARSTÓLINN** Þóra Tómasdóttir boðar breyttar áherslur á Nýju lífi en lofar þó að sinna áfram tískufrömuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég ætla að gera metnaðarfullt tímarit fyrir konur sem skilur eitthvað eftir sig. Það verða áfram tískuumfjallanir og við höldum áfram að vera á höttunum eftir færasta fólkinu í þeim bransa."

Þóra tekur við starfinu í lok mánaðarins þegar Kolbrún Pálína Helgadóttir, fráfarandi ritstjóri, hefur skilað af sér sínu síðasta blaði.

„Ég veit ekki alveg hvernig skútan verður mönnuð en vona að ég geti umkringt mig með hópi sem er tilbúinn að leggjast á eitt við að búa til gott blað. Markmið mitt er að veita konum meiri athygli í fjölmiðlum." **- áp**

# Baldwin stefnir á embætti borgarstjóra í New York

**Leikarinn Alec Baldwin hefur viðurkennt að hann beri með sér í brjósti draum um að verða borgarstjóri í New York. Baldwin kveðst þó ekki ætla fram árið 2013 en hyggst nýta tímann fram að næstu kosningum vel til undirbúnings.**

„Ég er meðvitaður um það að ég gæti farið út í þetta og skíttapað. Ég gæti haldið partí sem enginn mætti í. Og það yrði mér þrautin þyngri," segir leikarinn Alec Baldwin um mögulegt framboð í borgarstjórakosningum í New York. Talsvert hefur verið þrýst á Baldwin að bjóða sig fram árið 2013 en hann telur það of snemmt. Þess í stað vill hann undirbúa sig vel og bíða eftir rétta tækifærinu.

Alec Baldwin hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár í hlutverki sínu í sjónvarpsþáttunum 30 Rock. Hann hefur skuldbundið sig til að leika í þáttunum út næsta vetur og koma fram endrum og sinnum eftir það. Baldwin áformar að setjast á skólabekk haustið 2012 og kveðst eiga í viðræðum við tvo þekkta háskóla um meistaranám í stjórnmálum og stjórnsýslu. Með því vill hann öðlast betri skilning á eðli starfs borgarstjóra fyrir framboð sitt.

Í 30 Rock leikur Baldwin forstjórann Jack Donaghy sem er harður repúblikani og stendur fast á íhaldssömum skoðunum sínum. Baldwin er aftur á móti demókrati, grænmetisæta og hefur tekið þátt í baráttu PETA fyrir réttri meðferð á dýrum. Í viðtali í New York Times í vikunni kom fram að Baldwin býr ekki eins og aðrir auðmenn í úthverfi borgarinnar, hann hefur búið á sama stað á Upper West Side í yfir tvo áratugi. Leikarinn telur sig halda góðum tengslum við borgarbúa með þessu. „Þetta er raunverulegra," sagði hann. Fram undan eru reyndar flutningar nær miðbænum; Baldwin vill vera nálægt kærustu sinni, hinni 27 ára Hilariu Thomas sem starfar á jógastöð. Sjálfur er Alec Baldwin 53 ára.



**ÁSTFANGINN Á LEIÐ Í PÓLITÍK** Leikarinn Alec Baldwin stefnir á að bjóða sig fram til borgarstjóra í New York. Hér sést hann með kærustunni, hinni 27 ára gömlu Hilariu Thomas. NORDICPHOTOS/GETTY

# Coral fagnar á Faktorý

**Coral sendi nýverið frá sér breiðskífu Leopard Songs og fagnar útgáfunni með tónleikum á Faktorý í kvöld. Platan inniheldur meðal annars lagið The Underwhelmer, sem hefur heyrst á öldum ljósvakans.**

**Hljómsveitin Caterpillar Men sér um upphitun og tónleikarnir hefjast klukkan 22. Ekkert kostar inn á tónleikana og platan verður í boði á kostakjörum.**



**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR** Coral gaf nýverið út plötuna Leopard Songs.


BÍÓ ★ PARADÍS
Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS


HJÓLALUKT
Verð áður ........ 999
Tilboðsverð ........ 499
50%
45%
HITABRÚSI 0.5L
Verð áður ........ 2.749
Tilboðsverð ........ 1.499
Þú sparar ........ 1.250
27%
LOFTPOPPVÉL
Verð áður ........ 5.489
Tilboðsverð ........ 3.989
Þú sparar ........ 1.500
50%
30 MM HENGILÁS
Verð áður ........ 499
Tilboðsverð ........ 250
25%
BORÐVIFTA
Verð áður ........ 5.999
Tilboðsverð ........ 4.499
Þú sparar ........ 1.500
HIN
Skólavörubúðin þín
Frábær tilboð frá fimmtudegi til sunnudags!
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
38%
KNOPEX VIÐARÚTVARP
Verð áður ........ 7.995
Tilboðsverð ........ 4.995
Þú sparar ........ 3.000
33%
33%
50%
BRAUÐRIST 700W
Verð áður ........ 3.999
Tilboðsverð ........ 1.999
Þú sparar ........ 2.000
TRISTAR SAFAPRESSA 400W
Verð áður ........ 14.990
Tilboðsverð ........ 9.990
Þú sparar ........ 5.000
38%
FARTÖLVUMÚS USB TENGI
Verð áður ........ 1.999
Tilboðsverð ........ 1.249
40%
15" FARTÖLVUHLÍF
Verð áður ........ 2.499
Tilboðsverð ........ 1.499
Þú sparar ........ 1.000
GRUNDIG HEYRNARTÓL
Verð áður ........ 2.999
Tilboðsverð ........ 1.999
Þú sparar ........ 1.000
60%
EGGJASUÐUTÆKI
Verð áður ........ 4.999
Tilboðsverð ........ 1.999
Þú sparar ........ 3.000
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TENGJUM
20%
TRISTAR BLANDARI 600W
Verð áður ........ 9.999
Tilboðsverð ........ 7.997
Þú sparar ........ 2.002
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PAPPÍRS-MUFFINSFORMUM
BERJASIGTI
Verð ........ 1.749
AUDIOSONIC ÚTVARPSVEKJARAKLUKKA
20%
Verð áður ........ 3.490
Tilboðsverð ........ 2.990
18%
36%
4 KAFFIKRÚSIR M.SKEIÐ
Verð áður ........ 2.749
Tilboðsverð ........ 1.749
Þú sparar ........ 1.000
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NESTISBOXUM
ERGORAPIDO
Skaftryksugan vinsæla
19.990
TRISTAR MÍNÚTUGRILL
Verð áður ........ 10.990
Tilboðsverð ........ 8.990
50%
HRISTIGLAS 700ML
Verð áður ........ 499
Tilboðsverð ........ 250
BERJATÍNA
Verð ........ 2.749
30%
EXQUISIT KÆLISKÁPUR m.frysti í borðhæð
Verð áður ........ 49.900
Tilboðsverð ........ 34.900
Þú sparar ........ 15.000
35%
TRISTAR RYKSUGA 2400 W
Verð áður ........ 19.990
Tilboðsverð ........ 12.990
Þú sparar ........ 7.000
25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐABOLLUM

# sport

sport@frettabladid.is



**STÆRSTA TAP Í VINÁTTULEIK SÍÐAN 2004** Íslenska karlalandsliðið hefur ekki tapað stærra í vináttulandsleik síðan að liðið steinlá 6-1 á móti Englendingum á Manchester-mótinu 5. júní 2004. Wayne Rooney skoraði þá tvö markanna en hin mörk þeirra gerðu Frank Lampard, Darius Vassell (2) og Wayne Bridger. Heiðar Helguson minnkaði muninn í 3-1.

**Ungverjaland 4-0 Ísland**

Búdapest í Ungverjalandi — Stark, Þýskalandi (8)

*1-0 Vladimir Koman (32.)*
*2-0 Gergely Rudolf (45.)*
*3-0 Balázs Dzsudzsák (59.)*
*4-0 Ákos Elek (88.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–8 (10–1) |
| Varin skot | Bogdán 1 – Stefán Logi 4 |
| Horn | 8–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–12 |
| Rangstöður | 3–2 |

**ÍSLAND** 4–3–3

| | |
|---|---|
| Stefán Logi Magnússon | 6 |
| Birkir Már Sævarsson | 4 |
| (74., Arnór Sveinn Aðalsteinsson | -) |
| Eggert Gunnþór Jónsson | 5 |
| Hermann Hreiðarsson | 4 |
| (68., Elfar Freyr Helgason | 4) |
| Indriði Sigurðsson | 3 |
| (52., Hjörtur Logi Valgarðsson | 5) |
| Aron Einar Gunnarsson | 4 |
| (66., Jón Guðni Fjóluson | 4) |
| Eiður Smári Guðjohnsen | 5 |
| (83., Arnór Smárason | -) |
| Birkir Bjarnason | 5 |
| Rúrik Gíslason | 3 |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 4 |
| Heiðar Helguson | 2 |
| (46., Alfreð Finnbogason | 4) |



**MARIO GÖTZE** Þýska undrabarnið skoraði í fyrsta sigri Þjóðverja á Brössum í átján ár. MYND/NORDIC PHOTOS/BONGARTS

## ÚRSLIT

### *Undankeppni EM 2012*

**C-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| Norður-Írland - Færeyjar | 4-0 |

### *Vináttulandsleikir*

| | |
|---|---|
| **Úkraína - Svíþjóð** | **0-1** |
| 0-1 Tobias Hysen (90.) | |
| **Noregur - Tékkland** | **1-0** |
| 1-0 Moa (23.), 2-0 John Arne Riise (72.), 3-0 Moa, víti (89.) | |
| **Ítalía - Spánn** | **2-1** |
| 1-0 Riccardo Montolivo (11.), 1-1 Xabi Alonso, víti (37.), 2-1 Alberto Aquilani (84.). | |
| **Skotland - Danmörk** | **2-1** |
| 1-0 William Kvist, sjálfsmark (23.), 1-1 Christian Eriksen (31.), 2-1 Robert Snodgrass (44.). | |
| **Þýskaland - Brasilía** | **3-2** |
| 1-0 Bastian Schwinsteiger, víti (61.), 2-0 Mario Götze (67.), 2-1 Robinho, víti (71.), 3-1 Andre Schürrle (80.), 3-2 Neymar (90.). | |
| **Frakkland - Síle** | **1-1** |
| 1-0 Loic Remy (20.), 1-1 Nicolas Cordova (76.). | |
| **Portúgal - Lúxemborg** | **5-0** |
| 1-0 Helder Postiga (26.), 2-0 Cristiano Ronaldo (44.), 3-0 Fabio Coentrao (46.), 4-0 Hugo Almeida (58), 5-0 Hugo Almeida (73.) | |
| Rússland - Serbía | 1-0 |
| Lettland - Finnland | 0-2 |
| Hvíta-Rússland - Búlgaría | 1-0 |
| Kýpur - Moldóva | 3-2 |
| Fílabeinsströndin - Ísrael | 4-3 |
| Albanía - Svartfjallaland | 3-2 |
| Liechtenstein - Sviss | 1-2 |
| Pólland - Georgía | 1-0 |
| San Marino - Rúmenía | 0-1 |
| Tyrkland - Eistland | 3-0 |
| Austurríki - Slóvakía | 1-2 |
| Írland - Króatía | 0-0 |
| Slóvenía - Belgía | 0-0 |
| Wales - Ástralía | 1-2 |
| Bosnía - Grikkland | 0-0 |



**ALBERTO AQUILANI** Liverpool-maðurinn tryggði ítölum sigur á heimsmeisturum Spánverja í Bari í gær. MYND/AFP

# Hversu langt getur liðið sokkið?

**Íslenska landsliðið í fótbolta beið afhroð í vináttulandsleik á móti Ungverjum í Búdapest í gærkvöldi en liðið steinlá 0-4 og hefur aldrei tapað stærra undir stjórn Ólafs Jóhannessonar. Ungverjar refsuðu íslensku strákunum fyrir mistökin og brutu á endanum allan vilja og kraft úr íslenska liðinu.**

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson þurfti að horfa upp á eina verstu frammistöðu íslenska landsliðsins undir sinni stjórn í gærkvöldi þegar Ungverjar unnu 4-0 stórsigur á íslenska landsliðinu í vináttulandsleik í Búdapest. Var þetta kannski eins og gamla stórveldi Ungverja væri að vakna úr dvala? Nei, svo var nú ekki því lítið mótstaða og ítrekuð mistök íslensku leikmannanna sáu til þess að heimamenn litu út eins og ein af betri knattspyrnuþjóðum Evrópu.

„Þetta var alls ekki gott. Okkur var refsað grimmilega fyrir allt sem við gerðum illa. Ég er ekki viss um að segja að þetta hafi verið versti leikurinn undir minni stjórn en þetta var allavega versta tapið. Tölurnar eru stórar," sagði Ólafur eftir leikinn í gær.

Íslenska liðið mætir með auman rassinn inn í lokaleiki sína í undankeppninni og er víst til að falla enn neðar á hinum umtalaða FIFA-lista bætist enn fleiri töp við á síðustu vikum Ólafs Jóhannessonar í landsliðsþjálfarastöðunni.

„Það vantaði í okkar hóp hérna og þeir menn sem ég valdi fyrir þetta koma líklega allir inn aftur. Auðvitað verða einhverjar breytingar eins og alltaf eru á milli leikja.Það er slæmt að tapa og það fer á sálina á mönnum þegar hlutirnir ganga ekki upp. Það er bara staðreynd. Þetta lítur þetta ekki vel út og auðvitað fer þetta líka á sálina hjá mér," sagði Ólafur.

Ólafur Jóhannesson hefur mátt þola harða gagnrýni í nokkurn tíma enda hefur gengi liðsins verið afar slakt. Ólafur gat þó oftast í það minnsta borið fyrir sig að liðið hafi verið að spila þokkalega en svo var nú ekki í gær. „Ég spilaði bara með einn varnarsinnaðan miðjumann og það eru því ákveðin vonbrigði að við skyldum ekki skapa okkur fleiri færi," sagði Ólafur.

Íslenska liðið átti nokkra ágæta spilakafla í fyrri hálfleiknum með þá Eið Smára Guðjohnsen og Birki Bjarnason í fararbroddi en liðinu gekk illa að skapa sér færi með Heiðar Helguson algjörlega týndan í fremstu víglínu. Heiðar gerði að auki slæm mistök þegar Ungverjarnir komust yfir á 32. mínútu.



**LANDSLIÐIÐ OKKAR Í SLÆMUM MÁLUM** Eiður Smári Guðjohnsen var einn skásti leikmaður íslenska liðsins í gær en mátti oft ekki við margnum. NORDICPHOTOS/AFP

**Stærstu töpin undir stjórn Ólafs Jóhannessonar:**

| | |
|---|---|
| 0-4 | á móti Ungverjum í Búdapest 10. ágúst 2011 |
| 0-3 | á móti Dönum í Kaupmannahöfn 21. nóvember 2007 |
| 1-3 | á móti Portúgölum á Laugardalsvelli 12. október 2010 |
| 0-2 | á móti Makedóníu í Skopje 10. júní 2009 |
| 0-2 | á móti Holland í Rotterdam 11. október 2008 |
| 0-2 - | á móti Hvíta-Rússlandi á Möltu 2. febrúar 2008 |

Heiðar átti þá slæma sendingu sem reyndist vera fyrirtaksstoðsending á Vladimir Koman sem lék upp að teignum og skoraði með góðu skoti fyrir utan teig.

Ungverjar bættu síðan við öðru marki á lokamínútu fyrri hálfleiksins þegar Gergely Rudolf slapp í gegn eftir skyndisókn, sólaði Stefán Loga Magnússon og skoraði af öryggi.

Íslenska liðið byrjaði seinni hálfleikinn af smá krafti en önnur varnarmistök gáfu Ungverjum þriðja markið og eftir það var íslenska liðið sem lamað inn á vellinum á meðan heimamenn léku sér og gátu bætt við nokkrum mörkum. Það var þó bara eitt mark sem bættist við og er hægt að þakka markverðinum Stefáni Loga Magnússyni fyrir það.

Það munar 74 sætum á Ungverjum og Íslendingum á Styrkleikalista FIFA og það má lesa milli línanna hjá forráðamönnum KSÍ að staða íslenska landsliðsins á listanum gefi nú ekki rétta mynd af styrk íslenska fótboltans. Í gærkvöld var gullið tækifæri til að opinbera vankanta heimslistans en þegar upp var staðið gengu íslensku landsliðsmennirnir niðurlútir af velli vitandi það að það er ekki tilviljun að íslenska landsliðið er í 121. sætinu.

Það er löngu orðið ljóst að Ólafur Jóhannesson er að stýra sínum síðustu landsleikjum en í gærkvöld læddist einnig að manni sá grunur að nokkrir leikmenn liðsins væri einnig komnir á endastöð. Heiðar Helguson og Indriði Sigurðsson hreyfðust varla á vellinum og fyrirliðinn Hermann Hreiðarsson var örugglega manna fegnastur þegar hann var tekinn út af í seinni hálfleik.

ooj@frettabladid.is

Fanney Lind Guðmundsdóttir og Ragna Margrét Brynjarsdóttir ætla báðar að spila í Evrópu í vetur:

# Einstæð móðir á leiðinni í atvinnumennsku

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir verður ekki eina íslenska körfuboltakonan sem spilar í Evrópu í vetur því þær Fanney Lind Guðmundsdóttir og Ragna Margrét Brynjarsdóttir eru einnig á útleið. Fanney hefur samið við franska liðið Union Sportive de La Glacerie sem spilar í NF2-deildinni og Ragna Margrét ætlar að fylgja kærasta sínum, Pavel Ermolinskij, til Sundsvall í Svíþjóð.

„Ég er búin að vera að stefna að þessu í ár. Ég er mjög spennt fyrir þessu en líka smá stressuð. Þetta verður öðruvísi enda í fyrsta skiptið sem ég spila fyrir annað lið en Hamar. Ég var lengi að hugsa þetta því það var svolítið erfitt að fara frá Hamri. Það er bara ekki oft sem maður fær svona tækifæri og ég ákvað bara að slá til," sagði hin 22 ára Fanney sem er á leiðinni til Cherbourg í Normandíhéraði í Frakklandi. Fanney ætlar bara að einbeita sér að körfunni úti en hún verður ekki ein úti þar sem fjögurra ára dóttir hennar, María Líney Dalmay, verður með í för.



**FANNEY LIND GUÐMUNDSDÓTTIR** Í leik með Hamarsliðinu á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Hún verður með mér úti en kemur nokkrum vikum seinna með mömmu. Ég verð síðan með „au pair" sem mun gæta hennar á meðan ég er á æfingum og í leikjum. Þetta er algjör draumur og ég er mjög ánægð," sagði Fanney sem kvíðir því ekki að vera einstæð móðir í atvinnumennsku.

„Það er allt hægt og ég ákvað bara að prófa þetta," sagði Fanney sem var lykilmaður í deildarmeistaraliði Hamars á síðasta tímabili. „Ég er mjög stolt af mínum tíma í Hamri en þetta verður bara ævintýri," sagði Fanney Lind sem mun spila í sömu deild og Sigrún Ámundadóttir gerði á síðasta tímabili.

Ragna Margrét sem hefur leikið með Haukum ætlar að spila með KFUM Sundsvall í næstefstu deildinni í Svíþjóð.

„Ég hafði samband við þjálfarann og spurði hvort ég mætti ekki vera með. Hann var mjög glaður með það," sagði Ragna Margrét. Telja má líklegt að Ragna verði mikill liðstyrkur fyrir Sundsvallliðið enda spilaði hún mjög vel með Haukum á síðustu leiktíð og var valin í lið ársins.

- óój, ktd

# ÞÓR - KR

Úrslitaleikur á Laugardalsvelli

## 13. ágúst kl. 16




**NÚ MÆTA ALLIR!**

VALITOR BIKARINN



**GUÐJÓN HRAFN LÁRUSSON** Spilar á ný við hlið bróður síns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Liðstyrkur til Stjörnunnar:

## Tvíburarnir sameinast á ný

**KÖRFUBOLTI** Sigurjón Örn Lárusson hefur ákveðið að snúa aftur heim í Stjörnuna og spila með liðinu í Iceland Express-deildinni í vetur.

Sigurjón hefur búið í Vestmannaeyjum undanfarin fjögur ár en lék þar á undan með Stjörnuliðinu frá stofnun körfuboltadeildarinnar 1993. Svo skemmtilega vill til að Sigurjón mun nú spila á nýjan leik með tvíburabróður sínum, Guðjóni Hrafni Lárussyni, sem hefur leikið einn í Garðabænum undanfarin ár. - óój



**HAFÞÓR INGI GUNNARSSON** Hefur farið í lokaúrslitin með bæði Snæfelli og Skallagrími.

Snæfellingar styrkja sig:

## Hafþór Ingi fer í Hólminn

**KÖRFUBOLTI** Hafþór Ingi Gunnarsson, fyrirliði Skallagríms, hefur ákveðið að spila með nágrönnunum í Snæfelli í Iceland Express-deild karla í vetur en hann snýr þar með aftur í Hólminn eftir sjö ára fjarveru.

Hafþór spilaði eitt tímabil með Snæfelli 2003-2004 og tók þá þátt í því að vinna fyrsta titil félagsins þegar Snæfell varð deildarmeistari. Hafþór var með 6,8 stig á 22,8 mínútum í leik þetta sögulega tímabil hjá Hólmurum. - óój



**JÓHANNES KARL** Spilaði með ÍA í meistaraleik Steina Gísla á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR BJARKI HALLDÓRSSON

Jóhannes Karl Guðjónsson:

## Spilar líklega með ÍA 2012

**FÓTBOLTI** Jóhannes Karl Guðjónsson mun ekki spila með Huddersfield í ensku C-deildinni í vetur en hann er að reyna að losna frá félaginu.

Jóhannes Karl var í viðtali við vefsíðuna fótbolti.net í gær þar sem hann segir það líklegt að hann spili með Skagamönnum í Pepsi-deildinni næsta sumar.

„Maður veit aldrei hvað verður en eins og málin standa núna eru allar líkur á að við séum að koma heim og mig persónulega langar að spila fyrir Skagann," sagði Jóhannes Karl í viðtalinu. - óój

# Deildin hefur aldrei verið sterkari

**Grétar Rafn Steinsson er að hefja sitt fjórða heila keppnistímabil með Bolton í ensku úrvalsdeildinni. Hann segir Bolton með sterkt byrjunarlið en að félagið þurfi fleiri leikmenn. Grétari líður mjög vel hjá Bolton.**



**Í SVIÐSLJÓSINU** Grétar Rafn Steinsson í leik gegn Manchester United á Old Trafford í mars síðastliðnum. Hér er hann í baráttu við annan bakvörð, hinn franska Patrice Evra. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Keppnistímabilið í ensku úrvalsdeildinni hefst um helgina og eru tveir íslenskir knattspyrnumenn á mála hjá liðum deildarinnar að þessu sinni. Annar þeirra er bakvörðurinn Grétar Rafn Steinsson sem leikur með Bolton Wanderers. Þar er hann löngu orðinn fastamaður og er nú að hefja sitt fjórða heila tímabil með liðinu.

Grétar er 29 ára gamall og á langan feril að baki. Hann varð bæði Íslands- og bikarmeistari með ÍA áður en hann hélt til Sviss árið 2004. Þar lék hann með Young Boys í átján mánuði áður en hann samdi við AZ Alkmaar í Hollandi, þar sem hann var í tvö og hálft ár.

Í janúar árið 2008 keypti Gary Megson, þáverandi stjóri Bolton, Grétar Rafn til félagsins fyrir 3,5 milljónir punda. Í dag er hann mjög ánægður hjá félaginu en segir að fyrstu árin undir stjórn Megsons hafi verið mjög skrítin.

### Sá nánast eftir félagaskiptunum

„Ég sá nánast eftir því að hafa farið til Bolton. En eftir að Owen Coyle var ráðinn sá ég aftur ljósið og síðan þá hef ég notið þess mjög að spila hér. Hjá Bolton er komið mjög vel fram við leikmenn og vel hugsað um okkur. Það er þekkt að leikmenn hjá Bolton eiga það til að vera lengi hjá félaginu. Hér er mjög gott æfingasvæði, frábær völlur og við erum með lið sem er vel samkeppnishæft í ensku úrvalsdeildinni," segir Grétar.

Bolton endaði í fjórtánda sæti deildarinnar á síðasta tímabili en eftir að það vann 2-1 sigur á Arsenal í lok apríl datt allur botn úr leik liðsins sem tapaði síðustu fimm leikjum sínum á tímabilinu.

„Þegar lið eru búin að tryggja veru sína í deildinni þarf lítið til að það hægist verulega um. Vonandi náum við að halda dampi aðeins lengur í ár og setja meiri pressu á átta efstu lið deildarinnar," segir Grétar Rafn sem telur Bolton vera með lið sem geti gert góða hluti í vetur.

### Tvö fótbrot

„Við erum með virkilega sterkt byrjunarlið og höfum spilað ágætlega á undirbúningstímabilinu. Hins vegar höfum við misst mikið af leikmönnum og ekki enn tekist að fylla í þau skörð. Þess fyrir utan fótbrotnuðu tveir leikmenn á dögunum og vorum við ekki nema þrettán á æfingu í dag," segir hann en viðtalið var tekið á mánudaginn síðastliðinn. „Við fáum líklega tvo leikmenn í þessari viku og svo notum við yngri leikmenn til að fylla í hópinn."

Hann segir erfitt fyrir lið eins og Bolton að keppa við stóru liðin á leikmannamarkaðnum. „Deildin er sífellt að verða sterkari og hefur aldrei verið sterkari en nú frá því að ég kom til Englands. Hér geta bestu liðin keypt að vild og minni liðin bítast svo um stóru bitana sem stóru liðin vilja ekki. Markaðurinn ber þess merki að stóru liðin eru undir mikilli pressu að standa sig og vinna titla. Því eru háar upphæðir greiddar fyrir leikmenn. Það er mikið undir og verður mjög spennandi að fylgjast með markaðnum þar til lokað verður fyrir félagaskipti um mánaðamótin."

### United með besta liðið

Um toppbaráttu deildarinnar segir hann ljóst að Manchester United, núverandi Englandsmeistari, sé með besta liðið. „Það sönnuðu United-menn á síðasta tímabili og undirstrikuðu í leiknum um Samfélagsskjöldinn um síðustu helgi," segir Grétar en þá vann United 3-2 sigur á grönnum sínum í City eftir að hafa verið 2-0 undir hálfleik.

„Það býr mikil geta í liðinu en í þessum leik sýndu leikmenn hversu gott hugarfar þeir eru með. Það þarf rétta hugarfarið til að vinna upp slíka forystu frekar en knattspyrnulega getu," segir Grétar.

„Svo verður gaman að fylgjast með Liverpool sem hefur mikið keypt og spurning hvort eyðslan skili einhverju. Maður veit svo aldrei hvað gerist hjá Arsenal og þá helst hvort félagið ætli loksins að kaupa einhverja leikmenn. Chelsea er stórt spurningarmerki og svo er það Manchester City sem getur keypt að vild. Það er gríðarlega mikið í húfi fyrir öll þessi lið."

### Á lokaári samningsins

Grétar er á lokaári samnings síns hjá Bolton en er ekki byrjaður að ræða við félagið um nýjan samning. „Aðalmálið fyrir liðið nú er að bæta við sig leikmönnum en ekki gera nýja samninga við leikmenn sem eru fyrir hjá félaginu. Framhaldið kemur svo bara í ljós."

eirikur@frettabladid.is

### Íslendingaslagur í fyrstu umferð



Aðeins tveir Íslendingar spila í ensku úrvalsdeildinni þetta tímabilið en engu að síður verður Íslendingaslagur strax í fyrstu umferð þegar nýliðar QPR taka á móti Bolton. Heiðar Helguson leikur með QPR en Grétar Rafn Steinsson með Bolton.

Grétar Rafn gekk til liðs við Bolton í janúar 2008 en þá var Heiðar einmitt á mála hjá Bolton. „Hann átti mjög stóran þátt í því að ég ákvað að semja við Bolton á sínum tíma," segir Grétar Rafn. „Hann var svo mjög óheppinn með meiðsli á sínum tíma með félaginu en stóð sig alltaf mjög vel þegar hann gat spilað."

Heiðar leikur sem sóknarmaður en Grétar sem varnarmaður. Það er því líklegt að þeir muni eitthvað kljást fái þeir báðir að spila. „Leikmennirnir þekkja hann mjög vel og við munum hafa góðar gætur á honum svo hann eyðileggi ekki daginn fyrir okkur. Ég get lofað því að hann fær ekkert ókeypis hjá mér," segir hann í gamansömum tón.

Ármann Smári Björnsson nýtur veðurblíðunnar á Íslandi meðan hann leitar sér að nýju félagi erlendis:

# Þarf bara að finna heimilisfang á gáminn

**FÓTBOLTI** Ármann Smári Björnsson hefur verið samningslaus síðan hann yfirgaf Hartlepool í lok síðustu leiktíðar. Ármann Smári hefur varið stórum hluta sumarsins hér á landi, æft sjálfur og haldið sér í standi.

Hornfirðingurinn var einn fjölmargra sem fóru frá Hartlepool í maí.

„Það kom nýr þjálfari sem var með sínar áherslur. Einhverjum líkaði það ekki og aðrir vildu fara því þeir voru ekkert að fá að spila hjá honum. Menn eru víst í þessu til þess," segir Ármann Smári sem segir nýja þjálfarann hafa fengið til sín tíu leikmenn sem hafi spilað undir hans stjórn áður.

„Ég sá fljótlega eftir að hann tók við að ég væri ekki að passa í myndina hjá honum. Ég fékk bara þá hugmynd að finna mér nýtt félag."

Sú spurning hlýtur að vakna hvort félög í Pepsi-deildinni hefðu ekki getað notast við krafta Ármanns Smára í sumar. Eyjamenn og Valsarar hafa átt í framherjavandræðum en ekkert félag stendur jafnilla og Fram sem hefur aðeins skorað sjö mörk í fjórtán leikjum.

„Það var óvenju rólegt," segir Ármann Smári spurður hvort íslensku félögin hafi reynt að fá hann til sín. Hann hafi enn hug á því að spila úti og sé að skoða sig um þar.

Ármann Smári fór á dögunum til Svíþjóðar og æfði með Jónasi Guðna Sævarssyni og félögum í Halmstad. Félagið er í slæmum málum í deildinni, vermir botnsætið og virðist stefna í fall hjá félaginu.

„Ég var þar í fjóra daga en æfði bara tvisvar. Það var frí hjá þeim og svo stuttu síðar skiptu þeir um þjálfara. Ég hef ekki heyrt neitt frá þeim," segir Ármann Smári sem hefur gert allt klárt í Englandi fyrir væntanlegan flutning. Hvert svo sem hann verður.



**LANDSLIÐSMAÐUR** Ármann Smári spilaði síðast landsleik í 2-1 tapi gegn Skotum í apríl 2009. NORDIC PHOTOS/AFP

„Ég er búinn að pakka dótinu mínu í geymslugám. Það er klárt hvert sem ég fer. Það þarf bara að finna heimilisfang á gáminn," segir Ármann léttur.

Ólafur Garðarsson, umboðsmaður kappans, segist aðallega horfa til Norðurlandanna, Englands og Skotlands eftir nýju félagi. Ármann Smári segist myndu skoða allt sem kæmi upp en viðurkennir að aðstæður séu breyttar nú þegar hann sé kominn á fertugsaldurinn.

„Þegar maður er komin með tvö börn og fjölskyldu þarf maður að skoða betur hvert maður vill fara," sagði Hornfirðingurinn geðþekki. - ktd

# Lokadagar

## Aðeins 4 dagar eftir

allt að

**90%**
**afsláttur**
**minnst 50%**

**Opið:**
virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

**vörur frá:**

Kaupfélagið
Kringlan - Smáralind

ecco®
Kringlan - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

**ódýrastir í skóm**

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**300 LAXAR** komu á land úr Eystri-Rangá frá fimmtudeginum síðasta til sunnudagsins. Alls hafa 1.550 laxar verið veiddir í ánni.

FLUGAN




## Skæð á björtum dögum

Laxaflugan Nóra er eftir einn fremsta veiðimann landsins, Ásgeir Heiðar. Nóra er einföld fluga en um leið ótrúlega skæð í laxveiði ekki síst á björtum dögum í vatnslitlum ám líkt og veiðimenn upplifa um þessar mundir. Nóra er því ómissandi í fluguboxið í laxveiðina næstu dagana. Einföld og sterk fluga.

**UPPSKRIFT**
**Öngull** - Silfurþríkrækja í stærðum 10 til 14
**Tvinni** - Svartur UNI 8/0
**Skegg** - Fanir af blálitaðri hænufjöður
**Vængur** - Hár af gullituðu íkornaskotti.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN




ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKIÐ Í VASANUM MEÐ VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

# Sækir sér í soðið í Elliðavatn

**Elliðavatn er lítil veiðiperla innan borgarmarkanna. Þar veiðist töluvert af silungi á hverju ári sem og tugir laxa. Bleikjan á undir högg að sækja. Geir Thorsteinsson veiðimaður hefur stundað veiði í vatninu í 56 ár.**

Innan borgarmarkanna leynist veiðiperla sem margir vita af en tiltölulega fáir vita mikið um. Elliðavatn er sannkölluð paradís veiðimannsins og skiptir þá engu hvort viðkomandi er byrjandi eða þaulvanur fluguveiðimaður. Þar veiðist mest af urriða og töluvert af bleikju. Á hverju ári veiðast þar einnig tugir laxa sem hafa náð að fikra sig framhjá veiðimönnum í Elliðaánum og upp í vatnið. Hrygningarstöðvar þessara laxa eru í Suðurá og Hólmsá.

Töluverð umræða hefur verið um Elliðavatn undanfarin misseri. Sumir vilja meina að veiðin hafi dvínað mikið, aðrir að bleikjan sé að hverfa og svo eru þeir sem segja að urriðinn sé að verða stærri og Elliðavatn hægt og rólega að breytast í stórfiskavatn.

Geir Thorsteinsson er einn þeirra sem hefur farið í Elliðavatn um árabil, reyndar aðeins lengur en það því hann veiddi fyrst í vatninu sex ára gamall með föður sínum. Geir er 62 ára í dag sem þýðir að hann hefur 56 ára veiðireynslu í vatninu.

„Ef mig vantar í soðið þá fer ég í Elliðavatn,“ segir Geir. „Ég er ekki sammála því að veiðin hafi minnkað eitthvað í vatninu en ef svo er þá hefur fiskurinn stækkað og það er auðvitað miklu skemmtilegra að veiða stærri fisk á færi en smærri.“

Geir segist hafa farið svona fimm sinnum upp í Elliðavatn í sumar og alltaf fengið fisk.

„Margir eru bara að eltast við bleikjuna en mér er alveg sama þó ég fái urriða enda afar skemmtilegt að kljást við þá. Ég er alls ekki að eltast við laxinn þó hann sé þarna. Ég hef reyndar veitt nokkra laxa í Elliðavatni en mér finnst eiginlega að menn eigi að láta hann vera og leyfa honum að fjölga sér fyrst hann er kominn alla leið þangað upp eftir.“ Geir segist eingöngu veiða á flugu. Einfaldlega af því honum þyki það skemmtilegra en að veiða á spún eða maðk. Hann segir vatnið upplagt fyrir þá sem séu að stíga sín fyrstu skref með fluguveiðistöngina enda vatnið oft verið kallað „háskóli fluguveiðimannsins“. Hann segist bæði nota púpur og straumflugur. Nobblerinn geti verið einkar skæður í sefgresi þar sem urriðinn sé að leita sér að hornsílum. En er einhver einhver veiðistaður í sérstöku uppáhaldi hjá Geir? „Já, ætli ég verði ekki að segja að Engjarnar séu í uppáhaldi. Ég veiði mikið þar enda getur maður kastað í allar áttir þegar maður er kominn út á þær, sem getur verið sérstaklega hentugt ef það er vindasamt.“

Geir hefur miðlað þó nokkuð af reynslu sinni í Elliðavatni og meðal annars gefið út bæklinginn „Elliðavatn: Perlan við bæjarmörkin.“ Hægt er að nálgast þennan bækling á rafrænu formi á netinu með því að slá nafnið inn í Google eða undir veiðistaðalýsingum á arvik.is.

trausti@frettabladid.is

## Veiðiperla innan borgarmarkanna




> ...ætli ég verði ekki að segja að Engjarnar séu í uppáhaldi.
>
> **GEIR THORSTEINSSON** VEIÐIMAÐUR



**GEIR THORSTEINSSON** Hefur veitt í Elliðavatni frá því að hann var sex ára, eða í 56 ár.

### Grunnt vatn

Þó Elliðavatn sé rúmir tveir ferkílómetrar að flatarmáli er það ekki djúpt. Meðaldýpið er um einn metri en dýpst er það um 2,30 metrar. Þegar Elliðaárnar voru stíflaðar á þriðja áratug síðustu aldar breyttist vatnið gríðarlega enda fór Elliðavatnsengi þá meðal annars undir vatn.

### Leyfi á netinu

Veiðileyfi í Elliðavatn eru seld á skrifstofu SVFR og á vefsíðu félagsins, svfr.is. Fyrir félagsmenn kostar dagurinn 960 krónur en 1.200 fyrir aðra. Börn yngri en 12 ára og ellilífeyrisþegar þurfa ekkert að borga, en þurfa að skrá sig á netinu og prenta út veiðileyfin eins og aðrir.

Fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun vill fá betri veiðiskýrslur úr Elliðavatni:

# Bleikjan hefur látið undan vegna sýkingar

Fyrir rúmum tuttugu árum var svipað hlutfall af bleikju og urriða í Elliðavatni en nú hefur það breyst. Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun, segir margt benda til þess að nú á seinni árum sé bleikjan orðin ansi fáliðuð í vatninu. Tilraunaveiðar undanfarinna ára sýni að hlutfall bleikju í vatninu sé tæplega 10 prósent og urriða um 90 prósent.

Hann segir að á þessu kunni að vera nokkrar skýringar þó telji menn nú að helsta skýringin sé svokölluð PKD-sýki en það er nýrnasjúkdómur sem smærri bleikja er mjög viðkvæm fyrir en urriðinn ekki eins. Hann segir að smittíðni bleikjunnar haldist í hendur við hlýnun vatnsins og en sníkjudýrið sem veldur sýkingunni þrífst best í hlýju vatni. Guðni bendir samt á að þó veiðimenn veiði sýkta bleikju þurfi þeir ekki að hafa áhyggjur af því leggja hana sér til munns því hún sé áfram hinn besti matfiskur. Sníkjudýrið, sem er einfrumungur, hafi bara áhrif á fiskinn og sé allsendis skaðlaust fólki.

Vanir veiðimenn í Elliðavatni hafa komið með þá kenningu að vatnið sé að breytast í stórfiskavatn og vilja meina að töluvert meira veiðist af stórum urriða en áður fyrr. Guðni segir að þó Veiðimálastofnun hafi stundað tilraunaveiðar í Elliðavatni frá árinu 1987 og þær sýni ekki fram á að urriðinn sé að stækka, vilji hann ekki útiloka neitt í þessum efnum. Tilraunaveiðarnar fari fram á afmörkuðum svæðum og hlutfallslega fáir fiskar séu á bak við meðaltölin. Þróunin geti því vel verið sú að urriðinn sé að stækka. Það þurfi hins vegar frekar gögn til þess að staðfesta kenninguna.

„Við fáum mjög stopult af veiðiskýrslum úr Elliðavatni og því þarf veiðifélagið að koma í betra horf því upplýsingarnar sem þessar skýrslur gefa okkur eru gríðarlega mikilvægar,“ segir Guðni. - th

### Röng mynd af stofnstærðum í vatninu

Jón Kristjánsson fiskifræðingur, sem heldur úti vefsíðunni fiski.com, telur að staðlaðar tilraunaveiðar Veiðimálastofnunar gefi ranga mynd af stofnstærð bleikju og urriða í Elliðavatni. Stærri fiskur og kynþroska fiskur virðist vanmetinn og hlutfall tegundanna sennilega skakkt.

Á vefsíðunni segir Jón að tilraunaveiðarnar fari fram eftir að bleikja sé farin að torfa sig og ganga á rið. Netin séu lögð á dæmigerðum búsvæðum urriða en útbreiðsla tegundanna sé mjög háð dýpi og botngerð.



**URRIÐI** Þessi þriggja punda urriði sem veiddist í Elliðavatni í síðustu viku mældist 47 sentimetra langur.

Jón telur nýrnaveikina ekki fullnægjandi skýringu á fækkun bleikjunnar. Hlutfallsleg fækkun hennar geti allt eins stafað af því að urriðinn hafi sótt í sig veðrið og stofninn stækkað vegna breytingar á samkeppnisaðstöðu. Þá telur Jón að bleikjan geti einnig hafa átt erfitt uppdráttar vegna lítils vatnsmagns í Elliðavatni sem rekja megi til stíflunnar en riðstöðvar (hrygning) bleikjunnar séu oft á litlu dýpi eða 10 til 50 sentimetra dýpi.

Samkvæmt mælingum Jóns frá árinu 2002 var bleikjustofninn um 9.000 fiskar en urriðastofninn um 25.000, samkvæmt því var hlutfall bleikju um 25 prósent í vatninu. Jón bendir á að skekkjumörkin í urriðamælingunum séu mikil.

# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA





**NIKE AIR PEGASUS+ 27**
Hlaupaskór með loftpúðum undir tábergi og hæl.
Dömu- og herrastærðir.

(fullt verð 23.990)

# 19.990

21.990



**NIKE LUNARFLY+ 2**
Hlaupaskór byggðir á hinni nýju Lunar-tækni sem tekur högg og álag af fótunum. Dömustærðir.

21.990



**NIKE LUNARFLY+ 2**
Hlaupaskór byggðir á hinni nýju Lunar-tækni sem tekur högg og álag af fótunum. Herrastærðir.

27.990



**NIKE LUNARGLIDE+ 2**
Hlaupaskór byggðir á hinni nýju Lunar-tækni sem tekur högg og álag af fótunum.
FLYWIRE-styrking í yfirbyggingu. Dömustærðir.

29.990

FÆST Í INTERSPORT LINDUM OG BÍLDSHÖFÐA.



**NIKE LUNARELITE+ 2**
Hlaupaskór byggðir á hinni nýju Lunar-tækni sem tekur högg og álag af fótunum.
FLYWIRE-styrking í yfirbyggingu. Herrastærðir.

**NÝTT!**
Í INTERSPORT LINDUM

# FRÍ GÖNGUGREINING

## SÉRÚTBÚIN INNLEGG FYRIR ÞÍNA FÆTUR!

Vertu klár fyrir Reykjavíkurmaraþonið og fáðu fría göngugreiningu í Intersport Lindum. Út frá greiningunni getum við búið til innlegg sem leiðrétta fótastöðuna, auka þægindi og bæta árangur þinn um leið. Það tekur aðeins 10 mínútur að búa til hvert par af innleggjum.

Footbalance



10.990

## NIKE HLAUPAKYNNING

**Sérfræðingur frá NIKE kynnir og aðstoðar við val á hlaupaskóm.**

INTERSPORT Bíldshöfða: 11. ágúst kl. 14:00 - 18:00
INTERSPORT Lindum: 12. ágúst kl. 14:00 - 18:00

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / SMÁRALIND / www.intersport.is

EXPO • www.expo.is

## > Will Ferrell

„Leikarinn James Caan sagði mér, eftir að tökum lauk á kvikmyndinni Elf, að hann hefði beðið eftir því að ég yrði fyndinn alla myndina en svo var ég það aldrei.“

***Will Ferrell leikur í grínmyndinni Old School sem fjallar um þrjá félaga í alvarlegri tilvistarkreppu sem halda að lausn vandans sé að upplifa ungdómsárin aftur. Myndin er sýnd á Stöð 2 bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ NÍELS RÚNAR SKIPTIR VEÐRIÐ MIKLU

# *Veðurfregnir og jarðarfarir*

Veðurfréttir eru mikilvægar fyrir sérhvern Íslending enda eru þær ekki aðeins vinda-, rigninga- og hitaspár heldur spá þær líka fyrir um hversu gott líf manns getur hugsanlega orðið á næstunni. Fyrir manneskju í „þægilegri innivinnu“ fá veðurspár fyrir virka daga ef til vill minni athygli en helgarspárnar. Útivinnandi fólk, þá meina ég fólk sem vinnur undir beru lofti, er miklu meira háð duttlungum veðurguðanna sem sýna litla vægð níu mánuði ársins.

En hver hefur áhuga á Evrópuveðrinu og Ameríkuveðrinu? Af hverju þarf ég alltaf að vita hvernig veðrið er í Madríd, Frankfurt, Salt Lake City og Tulsa? Eru veðurfréttamenn á Stöð tvö og RÚV með einhvers konar kynþáttaáróður þar sem höfðað er til undirmeðvitundarinnar að skynja sig sem eina vestræna heild og henni aðeins sagt frá því hvernig veðrið er hjá hvíta manninum?

Þetta er að vísu kjánaleg samsæriskenning. Ástæðan er líklega sú að Íslendingar ferðast mest til þessara heimsálfa.

Veðurfréttamenn verða að gera sér grein fyrir því að auðvitað ætti að flytja veðurfréttir frá þeim svæðum sem eru mest í fréttum hverju sinni. Hvernig blása til dæmis vindar í Fukushima þar sem geislun mettar úthafið, má búast við miklu sandfoki í Sýrlandi þar sem ríkisstjórnin berst við uppreisnarmenn og hvernig eru horfurnar í Sómalíu og Eþíópíu, fer eitthvað að rigna þar bráðum?



## RÚV

**16.10 Golf á Íslandi** (8:14) (e)
**16.40 Leiðarljós**
**17.20 Gurra grís** (5:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (7:52)
**17.40 Einmitt þannig sögur** (3:10)
**17.55 Geymslan**
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Skassið og skinkan** (18:20)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Grillað** (5:8)
**20.10 Gaukur** Dagskrá um Ólaf Gauk Þórhallsson, einn helsta brautryðjanda dægurtónlistar á Íslandi. Hann var gítarleikari, útsetjari og hljómsveitarstjóri en jafnframt mikilvirkur laga- og textahöfundur. Leitað er fanga í safni Sjónvarpsins. Fjölmargir tónlistarmenn auk hans sjálfs flytja tónlist hans og texta auk þess sem sýnd eru brot úr viðtalsþáttum.
**21.10 Sönnunargögn** (7:13) (Body of Proof) Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Þrenna** (7:8) (Trekant)
**23.40 Fréttir** (e)
**23.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Top Secret**
**10.00 Uptown Girl**
**12.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**14.00 Top Secret**
**16.00 Uptown Girl**
**18.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**20.00 Old School**
**22.00 The Darwin Awards**
**00.00 Dirty Sanchez: The Movie**
**02.00 Jindabyne**
**04.00 The Darwin Awards**
**06.00 Her Best Move**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (8:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 The Mentalist** (8:23)
**11.45 Gilmore Girls** (7:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 School of Life**
**15.00 The O.C. 2** (22:24)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (9:24)
**19.40 Modern Family** (12:24)
**20.50 The Closer** (3:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe-verðlauna sex ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnson.
**21.35 The Good Guys** (3:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni. Félagi hans, Dan, er bæði drykkfelldur og slóði en heldur starfi sínu hjá lögreglunni vegna hetjudáðar sem hann framdi mörgum árum áður.
**22.20 Sons of Anarchy** (3:13) Adrenalínhlaðin þáttaröð með dramatískum undirtóni og svörtum húmor. Þættirnir fjalla um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu.
**23.10 The Whole Truth** (7:13)
**23.55 Lie to Me** (19:22)
**00.40 Damages** (12:13)
**01.20 The Happening**
**02.50 Peaceful Warrior**
**04.45 The Closer** (3:15)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.30 England - Holland**
**20.00 Pæjumót TM** Sýnt frá Pæjumóti TM á Siglufirði þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar eru í aðalhlutverki. Það eru stelpur í 4., 5., 6. og 7. flokki sem keppa á Pæjumótinu og sýna snilldartilþrif. Umsjónarmaður þáttarins er Guðjón Guðmundsson.
**20.45 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá einvíginu á Nesinu þar sem flestir af bestu kylfingum landsins í karla og kvennaflokki voru samankomin.
**21.40 FH - Keflavík** Útsending frá leik í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**23.30 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 PL Classic Matches: Chelsea - Man Utd, 1999**
**18.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**19.00 Season highlights 2004 - 2005** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**19.55 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.25 Football Legends** Næstur í röðinni er hinn magnaði Raul, leikmaður Real Madrid á Spáni. Ferill Rauls verður skoðaður og skyggnst verður á bak við tjöldin á ferli þessa magnaða leikmanns.
**20.50 Goals of the Season 2010/2011** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**21.45 PL Classic Matches: Arsenal - Liverpool, 2003**
**22.15 Bolton - Newcastle** Útsending frá leik Bolton og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Dynasty** (18:28)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 My Generation** (7:13) (e)
**19.00 Real Housewives of Orange County** (6:17)
**19.45 Whose Line is it Anyway?**
**20.10 Rules of Engagement** (15:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp.
**20.35 Parks & Recreation** (14:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Leslie reynir að bæla niður ást sína á Ben þegar Chris sendir þau tvö í ferðalag.
**21.00 Running Wilde** (10:13) Bandarísk gamanþáttaröð frá framleiðendum Arrested Development. Steve er spenntur þegar gamall skólafélagi kíkir í heimsókn. Fljótlega verður hann þó afbrýðisamur þegar Emmy fellur fyrir honum.
**21.25 Happy Endings** (10:13) Bandarískir gamanþættir. Alex og Dave eru par sem á frábæran vinahóp.
**21.50 Law & Order: Los Angeles** (21:22)
**22.35 The Good Wife** (12:23) (e)
**23.20 Californication** (12:12) (e)
**23.50 In Plain Sight** (6:13) (e)
**00.35 CSI** (23:23) (e)
**01.20 Smash Cuts** (20:52) (e)
**01.45 Law & Order: LA** (21:22) (e)
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.00 World Golf Championship** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 World Golf Championship** (4:4)
**16.40 Golfing World**
**17.35 Inside the PGA Tour** (32:42)
**18.00 PGA Championship 2011** (1:4)
**23.00 Golfing World**
**23.50 US Open 2008 - Official Film**
**00.50 ESPN America**

## EXTRA

**19.55 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**20.35 In Treatment** (42:43) Athyglisverð þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður á þá lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Hot In Cleveland** (4:10) Frábærir gamanþættir sem fjalla um þrjár frábærar vinkonur frá Los Angeles, rithöfundinn Melanie Morretti, augnabrúnasérfræðing stjarnanna, Joy Scroggs, og fyrrverandi sápuóperuleikkonuna Victoriu Chase. Líf þeirra breytist til frambúðar þegar flugvélin þeirra, sem var á leið til Parísar, stoppar óvænt í Cleveland og vinkonurnar ákveða að dvelja þar um tíma og hefja nýtt líf. Þær leigja sér hús en því fylgir lífleg og skemmtileg manneskja sem er leikin af hinni frábæru Betty White.
**22.10 Cougar Town** (4:22) Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs.
**22.35 Off the Map** (10:13)
**23.20 Ghost Whisperer** (21:22)
**00.05 True Blood** (3:12)
**01.05 In Treatment** (42:43)
**01.30 The Doctors** (168:175)
**02.10 Fréttir Stöðvar 2**
**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Eru hlutdeildarsjóðir leið til endurreisnar atvinnulífsins? Rætt við Árna Geir Pálsson.
**21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur** Áttundi þáttur.
**21.30 Kolgeitin** Sigtryggur Baldursson fær til sín gesti.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 22.15
### Sons of Anarchy

Mögnuð þáttaröð um meðlimi í mótorhjólaklúbbi sem kalla ekki allt ömmu sína. Dóttur eins úr mótorhjólaklúbbnum er nauðgað og Clay er í kappi við tímann við að finna sökudólginn áður en lögreglan nær til hans.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Inn og út um gluggann **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Konur, geðveiki og sköpunarþráin **19.40** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Erótík í skáldsögum Halldórs Laxness **23.20** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**11.15** Monarch of the Glen **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** New Tricks **13.30** New Tricks **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** ‚Allo ‚Allo! **17.00** ‚Allo ‚Allo! **17.25** Skavlan **18.15** Skavlan **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Live at the Apollo **23.50** QI **00.25** Little Britain **00.50** My Family **01.25** Skavlan **02.15** Skavlan **03.05** Top Gear **03.55** QI

## DR 1

**12.30** Kender du typen **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Klassen 2.b **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Fandango **15.00** Kærlighed i ukendt land **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** På optagelse med Livets planet **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Sporløs **18.30** 90'erne tur retur **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.35** Vore Venners Liv **20.35** Elskerinder **21.25** Den vildeste ferie **21.55** Trekant **22.25** Min italienske drøm **04.00** Rasmus Klump

## NRK 1

**11.35** Min bjørnefamilie **12.30** I Zlatans fotspor **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i nærturen **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 90-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Mat i Norden **18.00** Store leker: Hornby - modelljernbane **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** Toppidrettsveka **21.00** Kveldsnytt **21.15** Ein idiot på tur **22.00** John Adams **23.15** De kaller oss artister **23.45** Blues jukeboks **01.00** Sport Jukeboks

## svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Jakten på världens mest dyrbara guldmynt **15.00** Via Sverige **15.15** Vid lägerelden **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Spisa med Price **16.45** Genialt eller galet **17.05** K-märkta ord **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Svaleskär **18.30** Mitt i naturen **19.00** En andra chans **19.30** My kid could paint that **20.50** Angels in America **21.45** Allsång på Skansen **22.45** Rapport **22.50** Undercover Boss







## SUNDLAUGIN



*„Mín uppáhaldssundlaug er gamla góða Varmárlaugin í Mosfellsbæ.“*

Íris Hólm söngkona.

# Björn fyllir skarð Gísla í mynd Nilla

„Björn Thors og Gísli Örn eru með glæsilegri leikurum sem Ísland hefur upp á að bjóða í dag,“ segir sjónvarpsmaðurinn Níels Thibaud Girerd, best þekktur sem Nilli.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í júní þá vinnur Nilli að fyrstu stuttmynd sinni ásamt Daníel Gylfasyni og Einari Karli Gunnarssyni. Til stóð að Gísli Örn Garðarsson færi með aðalhlutverkið í myndinni, sem fjallar um hugarheim fíkils. Hann forfallaðist hins vegar vegna anna við leikstjórn Hróa hattar í London, en Nilli á ráð undir rifi hverju og fékk annan stórleikara í stað Gísla, engan annan en Björn Thors.

„Ég er alveg í skýjunum yfir þessu,“ segir Nilli og bætir við að Björn hafi tekið vel í bón sína. „Mér finnst Björn Thors alls ekkert síðri leikari en Gísli Örn, enda hafa þeir leikið saman í verkinu Hamskiptin eftir Kafka.“

Nilli leitar nú að dökkhærðum drengjum á aldrinum 6, 12 og 17 ára (innsk. Nilla: Plús mínus eitt ár) til að fara með hlutverk í myndinni. Áheyrnarprufur fara fram í félagsmiðstöðinni Selinu á Seltjarnarnesi næstkomandi laugardag klukkan 13. Áhugasömum er bent á að senda póst á villa.kvik@gmail.com. - afb



**LEIKUR Í MYND NILLA** Björn Thors fer með hlutverk í fyrstu stuttmynd Nilla, sem fer í tökur í september.





INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*


Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*


Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101




**EÐLILEGAR AÐSTÆÐUR** Framboðsmynd Björns Jóns Bragasonar hefur vakið talsverða athygli. Myndin krafðist ekki mikils undirbúnings, enda er hún tekin heima hjá Birni Jóni.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FLEIRI MÖRK OG FASTARI SKOT Á BOLTAVAKT VÍSIS

Fylgstu með Pepsideildinni í Boltavaktinni á Vísi. Beinar textalýsingar allra leikja, útvarpslýsing á leik í hverri umferð í Boltavarpinu og umfjöllun strax að loknum leik. Myndbönd með viðtölum öll mörkin í sjónvarpi Vísis. Vertu á Boltavaktinni með Vísi í sumar.




Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Boltavarpið í beinni á Vísi

vísir Meiri Vísir.


## BJÖRN JÓN BRAGASON: ÉG ER Í NOKKUÐ EÐLILEGU UMHVERFI

# Kennedy var fyrirmyndin

„Þetta er bara ég við skrifborðið heima og bókasafnið mitt á bak við,“ segir Björn Jón Bragason, sagnfræðingur og laganemi.

Björn Jón gefur kost á sér til formennsku í Sambandi ungra sjálfstæðismanna. Hann sendi tilkynningu þess efnis til fjölmiðla í vikunni og vakti myndin sem fylgdi mikla athygli. Þar sést Björn sitja við skrifborð í smekklegum jakkafötum með gleraugu í höndunum. Fyrir framan hann er blekbytta, stimpill og fleiri tól sem ungt fólk í dag notar eflaust ekkert sérstaklega mikið. Þrátt fyrir það segir Björn að uppstillingin hafi ekki krafist mikils undirbúnings.

„Góður félagi minn, sem er reyndar kvikmyndatökumaður, tók myndina. Hann heitir Ingvar Guðmundsson. Þetta er bara skrifborðið heima og ég er í nokkuð eðlilegu umhverfi,“ segir Björn. „Hann raðaði dótinu þannig að þetta harmóneraði vel saman. Hann var búinn að pæla í uppstillingum og skoða myndir af Kennedy, en ég var voða lítið inni í þeim pælingum. Ég held að hann hafi verið að hugsa eitthvað svoleiðis. Það er verið að búa til einhvern virðuleika, en þetta eru mjög eðlilegar aðstæður. “

Blekbyttan á borðinu vakti sérstaka athygli, en þær eru sjaldgæfar í dag – ekki síst á skrifborðum manna sem eru rétt að skríða yfir þrítugt.

Er blekbyttan í notkun?

„Já, ég skrifa alltaf með sjálfblekungi. Ég vandist á það fyrir mörgum árum og finnst það þægilegra.“

Myndirðu þá segja að þú værir af gamla skólanum?

„Ég er nú mjög frjálslyndur í skoðunum, er formaður Frjálshyggjufélagsins og er langt frá því að vera íhaldssamur í stjórnmálaskoðunum.“

En notar það sem virkar í ritföngum?

„Já, akkúrat.“

atlifannar@frettabladid.is

# Kennir túristum á Íslendinga

„Markmið sýningarinnar er að kenna útlendingum að vera Íslendingar,“ segir leikarinn Bjarni Haukur Þórsson og hlær.

Bjarni skrifar nú handrit að leikritinu How to Become Icelandic in 60 Minutes. Eins og titill verksins gefur til kynna er það nokkurs konar leiðarvísir fyrir túrista sem vilja fræðast um hegðun og atferli Íslendinga.

„Eins og við vitum erum Íslendingar stórkostlegustu mannverur sem ganga á jörðinni. Það er fáránlegt að allur þessi fjöldi sem kemur til Íslands læri það ekki. Þetta er eitthvað sem við kunnum upp á tíu sem Íslendingar. Mér finnst nauðsynlegt að miðla þessu,“ segir Bjarni léttur.

How to Become Icelandic in 60 Minutes verður sýnt í Hörpu og frumsýnt á næsta ári. Verkið er enn þá í mótun og Bjarni íhugar nú hvort hann fari sjálfur með hlutverk eða fái annan eða aðra leikara til flytja verkið.

„Það er af nægu að taka,“ segir Bjarni um efnistök verksins. „Sem þjóð erum við búin að fara í gegnum sjálfskoðun undanfarin ár. Ég hef hitt marga útlendinga þegar ég hef verið erlendis að selja sýningarnar mínar og þeir spyrja um Íslendinga. Hugmyndin kom út frá því og sýningin fjallar um hvernig við erum í samskiptum við hvert annað, álitið sem við höfum á okkur, matarvenjur og samskipti kynjanna – hvernig karlmenn koma fram við konur.“ - afb



**LEIÐARVÍSIR** Bjarni Haukur vinnur nú að sýningu sem kennir túristum að haga sér eins og Íslendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ
ÚTSALAN ER RÉTT AÐ BYRJA!
Troðfull búð af góðum vörum á frábærum verðum! – allt að 70% afsláttur
Ermalaus kjóll
Kr. 6.990
Stærðir 16 – 32
Toppur
Kr. 4.999
Stærðir 16 – 32
Eigum fullt af vörum í stærri stærðum
Toppur
Kr. 6.990
Stærðir 20 – 32
Kjóll
Kr. 6.990
Stærðir 16 – 28
Hagkaup Skeifunni
GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451
ÓDÝRT & GOTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



RIKKA kvenfataverslun Göngugötunni á Akureyri

kello ELTON DELUCA PARDON CHOISE


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Magnús Hlynur á netið

Fréttamaðurinn **Magnús Hlynur Hreiðarsson**, sem bregður reglulega fyrir í fréttum Ríkissjónvarpsins, hefur ritstýrt sunnlenska vikublaðinu Dagskránni undanfarin ár. Í næstu viku ætla Magnús og félagar að færa út kvíarnar og opna fréttavefinn DFS.is, sem stendur fyrir Dagskráin fréttablað Suðurlands. Forvitnilegt verður að sjá hvernig vefnum reiðir af, en margir hafa reynt að reka fréttavefi fyrir austan fjall með misjöfnum árangri.



### Leiðir fólk um Möðrudal

**Indriði H. Þorláksson** er líklega best þekktur úr stjórnsýslunni, sem ríkisskattstjóri og svo ráðuneytisstjóri og aðstoðarmaður Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra. Indriði á sér þó aðrar hliðar því fyrir nokkrum árum lærði hann til leiðsögumanns og hefur starfað aðeins við það síðan hann útskrifaðist. Vegfarendur í Möðrudal könnuðust við kauða í gegnum rúðuna á rútu á dögunum, og þótti hann taka sig vel út með hljóðnemann fremst í rútu sem full var af ferðamönnum.



- afb , þeb

## Mest lesið vísir

1. Drottning Kyrrahafsins verður ekki framseld
2. Myrti börnin sín til að hefna sín á barnsföður
3. Hinn grunaði áður dæmdur fyrir nauðgun
4. Tíu mínútur til Kaupmannahafnar
5. Lítill háskóli með ódýran kafbát vann stóran sigur


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN




**ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKIÐ Í VASANUM MEÐ VÍSI**

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir






# ÁFRAM NÁMSMENN!

**Það eru aldrei frímínútur hjá okkur**

Starfsfólk Eymundsson er námsmönnum innan handar varðandi val á námsbókum og skólavörum.

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EYMUNDSSON.IS

Skólataska — Verð 3.999 krónur



Skólataska — Verð 15.999 krónur



Pennaveski — Verð 2.199 krónur



Vaxlitir — Verð 799 krónur




Skólataska — Verð 14.999 krónur



Pennaveski — Verð 1.699 krónur



Mappa — Verð 1.499 krónur



Ritfangasett — Verð 1.499 krónur



Skólataska — Verð 15.999 krónur



Pennaveski — Verð 4.999 krónur



Kynntu þér frekara úrval inn á Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872